# FRÉTTABLAÐIÐ

217. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 9. OKTÓBER 2020





Íslendingar unnu glæsilegan 2-1 sigur á Rúmenum í undanúrslitum umspils fyrir EM 2020. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörk Íslands í fyrri hálfleik en Rúmenar minnkuðu muninn í síðari hálfleik úr umdeildri vítaspyrnu. Sigurinn þýðir að Íslendingar mæta Ungverjum í hreinum úrslitaleik um sæti á EM þann 12. nóvember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fleiri atvinnugreinar þurfa í híði

**Fleiri atvinnugreinar en ferðaþjónustan þurfa að leggjast í híði þegar hert er á sóttvarnareglum að mati aðstoðarframkvæmdastjóra Viðskiptaráðs. Staðan sé önnur en fyrir stuttu og telur hann að stjórnvöld þurfi að aðlaga úrræðin sem standi fyrirtækjum til boða.**

**VIÐSKIPTI** Auðvelda þarf fleiri atvinnugreinum en ferðaþjónustunni að leggjast í híði þegar hert er á sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda, að mati Konráðs Guðjónssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Viðskiptaráðs.

„Það þarf að endurhugsa aðgerðir stjórnvalda til fyrirtækja í vanda vegna faraldursins. Staðan í dag er allt önnur en fyrir einungis tveimur vikum,“ segir Konráð. Líkt og greint var frá í blaðinu í gær útilokar fyrirkomulag lokunarstyrkja bætur til fjölmargra fyrirtækja og er óljóst hvort þjónustuiðnaður á Íslandi komi til með að þola aðra umferð takmarkana.

„Þegar við nálguðumst þetta í vor þá virtust flestir búast við því að þetta yrði vont högg í skamman tíma. Núna horfir þetta öðruvísi við því að þetta gæti verið viðvarandi og sveiflukennt ástand í marga mánuði. Það kallar á aðra nálgun,“ segir Konráð.

„Það er vonandi enginn að tala um að opna ríkissjóð upp á gátt, það þarf að fara vel með almannafé. Það eru færri skot eftir í byssunni núna en í vor. Það sem við þurfum nú er að skerpa á áherslum og aðgerðum.“

Konráð telur að stjórnvöld þurfi að þróa áfram úrræðin sem hafa verið í boði, þar á meðal hlutabótaleiðina, brúarlánin og lokunarstyrki.

„Þegar hlutirnir verða betri þá þurfa að vera forsendur fyrir því að hægt sé að opna á ný staði sem þurfti að loka. Þeir þurfa að geta haldið ráðningarsambandi við starfsfólk til dæmis, þannig að þegar við komumst út úr þessu séum við með fyrirtæki sem séu ekki hálf lömuð og geti ekki veitt þjónustuna sem við þurfum frá þeim, sama í hvaða geirum það er,“ segir Konráð.

> **Það eru færri skot eftir í byssunni núna en í vor. Það sem við þurfum nú er að skerpa á áherslum og aðgerðum.**
>
> Konráð Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs



„Það hefur verið talað um að ferðaþjónustan þurfi að leggjast í híði, það þarf kannski að horfa sömu augum á fleiri geira.“

Hann telur að grípa megi tækifærið nú þegar ríkisfjármálin eru í deiglunni og vinna við fjárlög í fullum gangi til að líta til þess þar sem líklegt sé að meiri hömlur verði á næsta ári en margir héldu fyrir stuttu.

„Ein stærsta aðgerðin hefur verið hlutabótaleiðin, það er búið að skala hana niður og búið að draga lærdóm af henni. Augljósast er að fara í einhvers konar útvíkkun á því úrræði fyrir fyrirtæki sem lenda hvað verst í þessari bylgju.“

Fram kom í gær að dæmi væru um að minni fyrirtæki hefðu þurft að verja stórum hluta lokunarstyrksins í lögmannskostnað til að harka út styrkina frá skattinum.

„Ef rétt er þá er úrræðið fallið um sjálft sig. Það þurfa að vera skýr skilyrði fyrir styrkjum, ef kerfið er orðið of flókið þá erum við ekki að nýta peninga skattgreiðenda vel. Þetta þarf að vera einfalt og sveigjanlegt til að styrkirnir renni til sjálfra fyrirtækjanna og starfsfólks þeirra.“ **– ab**


Frá **39.353 kr.** á mánuði*

**Nýr e-up!**

Sparaðu pening og umhverfið




**HEKLA** · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · www.hekla.is/volkswagensalur

*m.v. bílalán í reiknivél Arion banka, 08.10.2020, 20% útborgun 678.000 kr. eða í formi uppítökubíls og láns til 84 mánaða

## Veður




Norðvestan 8-15 m/s norðaustan og austantil en norðan 5-10 í öðrum landshlutum. Áfram rigning norðaustanlands fram eftir degi en bjartviðri í öðrum landshlutum. Lægir með kvöldinu. Hiti 2 til 8 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 16

# Bíða skimunar



**Langar raðir mynduðust við húsakynni Heilsugæslunnar á Suðurlandsbraut í gær þar sem sýnataka fer fram um þessar mundir. Vanalega eru þar tekin um 400 sýni á klukkustund en í gær var stefnt á að sú tala yrði 600. Tvær raðir mynduðust. Annars vegar fyrir þá sem voru á leið í sýnatöku vegna einkenna og hins vegar vegna þeirra sem eru að losna úr sóttkví. Raðirnar teygðu sig upp í Ármúla þegar mest var.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Frímínútur í Réttarholtsskóla.**

## Fara fram á að börn komi með grímu í skólann

**COVID-19** Stjórnendur Réttarholtsskóla hafa beðið foreldra að senda börn með andlitsgrímur í skólann. Er þetta eini grunnskóli Reykjavíkur sem ákveðið hefur að ganga lengra en reglur borgarinnar og sóttvarnayfirvalda segja til um.

Í bréfi sem sent var til foreldra og forráðamanna í gær kemur fram að þeir sem ekki eiga grímur geti fengið þær í skólanum. Keyptar voru grímur í vor og fleiri í haust.

**Vísað er til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin segi tólf ára og eldri eigi að meðhöndla eins og fullorðna.**

Flestir kennarar og starfsfólk muni ganga með grímur og þar að auki verði skólinn loftræstur vel. Þetta sé áhrifarík leið til að draga úr smithættu og minnka hættuna á að skólastarfið raskist. Er vísað til þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælist til þess að tólf ára börn og eldri séu meðhöndluð eins og fullorðnir.

Ekki er um eiginlega grímuskyldu að ræða og nemendum verður ekki vísað heim án grímu. Ljóst er þó að Réttarholtsskóli gengur lengra en aðrir skólar hvað þetta varðar. – khg

## Engan afslátt til tekjulágra

**SKATTAMÁL** Hafnarfjarðarbær má ekki veita afmörkuðum hópi tekjulágra einstaklinga og fjölskyldna í bænum afslátt af fasteignaskatti á fjárhagsárinu 2021. Þetta kemur fram í svari Sigríðar Kristinsdóttur bæjarlögmanns við fyrirspurn frá bænum.

**Lög heimila ekki að veittur sé afsláttur af fasteignasköttum.**

Bærinn vildi athuga hvort heimilt væri að veita afslátt af fasteignaskatti en svarið var skýrt. Lög heimili aðeins að sveitarstjórnir megi lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Annars gildir stjórnarskrárákvæðið „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“ – bb

# Sigraði í alþjóðlegri hjólakeppni 96 ára

**Aðalheiður Einarsdóttir, 96 ára, segir hreyfingu mikilvæga og hjólakeppnina góða leið til að dreifa huganum í heimsfaraldrinum. Hún lagði að baki 832 kílómetra í keppninni og hefur ákveðið að taka þátt í henni á ný að ári.**

**SAMFÉLAG** „Ég hef alltaf verið dálítið dugleg að hreyfa mig og sérstaklega núna upp á síðkastið,“ segir Aðalheiður Einarsdóttir, 96 ára íbúi á hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri og sigurvegari í alþjóðlegri hjólakeppni eldri borgara, Road Worlds for Seniors.

Um 120 lið, víðs vegar að úr heiminum, tóku þátt í keppninni í ár og hjóluðu þátttakendur á þrekhjólum fyrir fram sjónvarpsskjá þar sem þeir gátu valið úr fjölda landa til að „hjóla í“. Aðalheiður hjólaði lengst allra keppenda á Íslandi og varð í sjötta sæti á heimsvísu, en hún hjólaði 832 kílómetra á 20 dögum. Snjólaug Jóhannsdóttir hjólaði næstmest, 725 kílómetra, og systurnar Áslaug og Hjördís Kristjánsdætur hjóluðu 450 og 475 kílómetra.

Lið Hlíðar náði þeim frábæra árangri að verða í þriðja sæti keppninnar með yfir níu þúsund hjólaða kílómetra. Lið frá Osló hreppti sigursætið og lið frá Kanada annað sætið. Í karlaflokki var mjótt á mununum en þeir Snæbjörn Pétursson, Torfi Leósson og Bogi Þórhallsson hjóluðu allir 670 til 680 kílómetra og deila fyrsta til þriðja sæti.




**Aðalheiður segist ekki muna eftir öðrum eins tímum og nú.** MYND/AÐSEND

Aðalheiður segist vera í fínu formi þrátt fyrir háan aldur og að hjólreiðakeppnin hafi verið frábær leið til að dreifa huganum í heimsfaraldrinum sem nú gengur yfir. „Við erum í mikilli einangrun hérna og það er lítið við að vera svo þetta var góð leið til að stytta daginn,“ segir hún.

„Ég er farin að sjá svo rosalega illa að ég get ekki lengur dundað mér við handavinnu og lestur eins og ég var vön að gera svo maður er farinn að sakna þess að komast í bingó og annan félagsskap sem var í boði hér,“ segir Aðalheiður.

Þá segist hún ekki muna eftir öðrum eins tímum og þeim sem við lifum á nú, á sinni löngu ævi. „Þetta er ólíkt öllu því sem ég man og þetta eru rosalega miklar breytingar í alla staði. Ég man eftir umgangspestum þegar ég var að alast upp en það var ekkert í líkingu við þetta.“

Hún segist þakklát fyrir að vera við góða heilsu og telur hreyfingu mikilvæga. „Ég hef ekki alltaf verið svona heilsuhraust, ég fékk til dæmis óvænt hjartaáfall fyrir sextán árum, þá 80 ára og ég var dálítið léleg svona um tíma á eftir en ég er búin að jafna mig,“ segir Aðalheiður sem hyggst halda áfram að hjóla þrátt fyrir að keppninni sé lokið.

„Ég var að hjóla í svona tvo tíma á dag í keppninni en ætla að hjóla tvisvar sinnum í viku. Ég er löngu búin að ákveða það að ég tek þátt aftur á næsta ári. Þá verð ég 97 ára.“

birnadrofn@frettabladid.is

LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM OG ÓDÝRASTA ELDSNEYTI LANDSINS Á DALVEGI, REYKJAVÍKURVEGI OG Á MÝRARVEGI, AKUREYRI
SKILYRÐISLAUST
Orkan - Ódýrt fyrir alla
ORKAN


EFLING
Barátta fyrir betra lífi
VISSIR ÞÚ AÐ ATVINNUREKENDUR
SEM VANGREIÐA SAMNINGSBUNDIN
LAUN FÁ EKKI EINU SINNI SEKT?
VIÐ KREFJUMST REFSINGA
FYRIR LAUNAÞJÓFNAÐ.

# Margt bendi til að kórónaveirufaraldurinn sé mikill kvíðavaldur

**COVID-19** Aðsókn í sálfræðiþjónustu fyrir fullorðna hjá heilsugæslum á höfuðborgarsvæðinu fer sívaxandi. Una Hildardóttir, formaður Landssambands ungmennafélaga, segir margt benda til þess að kórónaveirufaraldurinn sé kvíðavaldur, þá sérstaklega fyrir ungt heimavinnandi fólk.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, tekur undir með Unu og bætir við að aðstæður geti verið breytilegar og fólk viðkvæmt á mismunandi sviðum vegna faraldursins, til dæmis vegna efnahagslegra áhyggna, atvinnumissis eða heilsu.

> Ungt fólk tjáir sig mikið um kvíða á samfélagsmiðlum og sumir segjast vera nær óvinnufærir af kvíða.


Una Hildardóttir

Ungt fólk tjáir sig mikið um kvíða á samfélagsmiðlum vegna þriðju bylgjunnar og hafa sum lýst því yfir að þau séu nánast óvinnufær vegna kvíða. Fjölmargir starfa heima vegna nýrra samkomutakmarkana en Óskar segir faraldurinn geta verið meðvirkandi þátt í að fólk verði óvinnufært vegna kvíða. „Breytt verklag og vinnufyrirkomulag hefur áhrif á líðan þessa fólks sem á við erfiðleika að stríða,“ segir hann.

Vegna takmarkana er búið að fresta allri hópameðferð í hugrænni atferlismeðferð, eða HAM. „Það er auðvitað ekki hægt annað við núverandi aðstæður nema með gerbreyttu sniði,“ útskýrir Óskar.

Sálfræðingar fyrir fullorðna eru á öllum stöðvum Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu nema í Mosfellsbæ. Aðspurður segir Óskar að mikilvægt sé að allir borgarar geti nálgast nauðsynlega þjónustu.

„Það er mjög æskilegt að hægt sé að nálgast sálfræðiþjónustu á heilsugæslu í sínu hverfi. Nú eru sálfræðingar fullorðinna á öllum stöðvum nema í Mosfellsbæ en hann hefur verið ráðinn frá 1. nóvember og getur hugsanlega byrjað fyrr.“ **– ilk**

## Fjöldi umsagna um frumvarp

**STJÓRNMÁL** Embætti landlæknis telur mikilvægt að lög um fæðingar- og foreldraorlof endurspegli skilning á ólíkum aðstæðum fjölskyldna og bjóði meiri sveigjanleika í tilhögun en gert er ráð fyrir í núverandi frumvarpi. Þetta kemur fram í umsögn embættisins um breytingar á lögum um fæðingarorlof.

253 umsagnir bárust í samráðsgátt um breytingar á lögunum. Lögum um fæðingarorlof var breytt í fyrra, og fær nú hvort foreldri fjóra mánuði í orlof auk tveggja mánaða sameiginlega. Verði lögunum ekki breytt verða sameiginlegu mánuðirnir fjórir, alls 12 mánuðir. Með þessum lögum fær hvort foreldri sex mánuði, en heimilt verður að færa einn mánuð á milli foreldra.

> Fæðingarorlof ætti að skilgreina sem rétt barns til umönnunar á fyrstu mánuðum lífsins.

Í umsögn landlæknis segir að fæðingarorlof ætti að skilgreina sem „rétt barns til umönnunar á fyrstu mánuðum lífsins fremur en einungis sem rétt fullorðinna á vinnumarkaði“. Um sé að ræða geðheilbrigðismál sem „varðar rétt barna til heilbrigðs upphafs í lífinu“.

Umsagnir bárust einnig frá einstaklingum sem virðast flestar samhljóma um að foreldrar ættu að geta skipt fleiri en einum mánuði á milli sín. Árdís Ethel Hrafnsdóttir segir í umsögn að þessar hömlur geti valdið streitu. „Það er frábært að verið sé að lengja fæðingarorlof. Hins vegar er það streituvaldandi fyrir foreldra að búið sé að setja þeim þessar hömlur m.t.t. fjármála heimila, brjóstagjafar og tengslamyndunar.“

Harpa Björnsdóttir læknir segir í umsögn: „Það að hafa aðeins einn mánuð framseljanlegan hjá hvoru foreldri gerir það að verkum að margir geta ekki fullnýtt orlofið.“ **– bdj**

# Heimila þurfi aukna miðlun upplýsinga um heimilisofbeldi

**Átta þingmenn lögðu fram þingsályktunartillögu um að auðvelda samtal innan kerfisins um heimilisofbeldi sem upp kemur. Skólar, heilsugæslustöðvar eða aðrar stofnanir búi yfir upplýsingum sem ekki sé hægt að koma í réttan farveg. Sérstaklega þurfi að horfa til landsbyggðarinnar þar sem nálægð sé mikil.**

**FÉLAGSMÁL** Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, fer fyrir hópi þingmanna sem vilja að opinberar stofnanir hafi rýmri heimildir til að miðla upplýsingum um heimilisofbeldi sín á milli. Hefur hún lagt fram þingsályktunartillögu í annað skiptið um málið en tilkynningum um heimilisofbeldi hefur fjölgað mikið frá því að málið kom fyrst inn í þingið.

Þegar hefur verið gert mikið til að tryggja samstarf lögreglunnar við önnur stjórnvöld. En samtalið þurfi að geta átt sér stað í hina áttina því að oft sitji starfsfólk til dæmis heilsugæslustöðva og skóla með upplýsingar um ofbeldi sem það geti ekki komið í réttan farveg.

Silja horfir ekki síst til landsbyggðarinnar hvað þetta varðar. „Það er meiri nálægð í minni samfélögum. Þeir aðilar sem koma að heimilisofbeldismálum eru því oft tengdir þolandanum eða gerandanum á einn eða annan hátt,“ segir hún. „Það verður því oft flóknara fyrir þolandann að stíga fram þegar persónuleg nálægð fólks er mjög mikil.“

Í tillögunni er dómsmálaráðherra falið að skipa starfshóp til að móta verklag í heimilisofbeldismálum milli kerfa, rýmka lagaheimildir og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda.

Gert er ráð fyrir að stofnanir geti gripið inn í að eigin frumkvæði. Silja segir að aldrei verði þó gengið gegn vilja þolandans eða gripið fram fyrir hendurnar á honum. „Þetta er hugsað til þess að fjarlægja þolandann frá þeirri ábyrgð sem hvílir á honum í dag um að bera málið innan kerfisins. „Þetta yrði ekki þannig að upplýsingar flæði milli stofnana án þess að þolandinn viti af því eða vilji það ekki.“



Tilkynningum um heimilisofbeldi hefur fjölgað í COVID-19 faraldrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það verður því oft flóknara fyrir þolandann að stíga fram þegar persónuleg nálægð fólks er mjög mikil.
>
> Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokkins



Sjö aðrir þingmenn Framsóknarflokks, Samfylkingar, Pírata, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Flokks fólksins eru meðflutningsmenn. Silja á því von á því að samstaða verði um málið og það gangi í gegn á þessum þingvetri. Málið sé komið snemma fram, þær athugasemdir sem skilað hafi verið séu jákvæðar og aukin umræða er um heimilisofbeldismál í kjölfar COVID-19 faraldursins. Hún segir einnig að innan kerfisins, frá lögreglu og fleirum, hafi verið kallað eftir þessum breytingum. Meðal þeirra sem brugðust við voru Barnaverndarstofa, Kvennaathvarfið og Persónuvernd.

„Ég veit ekki hvort heimilisofbeldi sé vaxandi en það eru að minnsta kosti fleiri tilkynningar sem berast. Kannski er umræðan orðin opnari,“ segir Silja. „Við erum einnig farin að átta okkur á því að gerendur þurfa líka aðstoð. Þetta er ekki aðeins fordæming á annan veginn heldur þarf að bregðast við og brjóta upp þetta mynstur. Til þess þurfum við að hafa fleiri tæki og tól.“

**kristinnhaukur@frettabladid.is**




# NÝSJÁLENSKAR NAUTALUNDIR Á FRÁBÆRU VERÐI

OKKAR BESTA VERÐ

Um er að ræða Riverlands grasfóðruð naut, en þau eru alin í sínum náttúrulegu heimkynnum við fljót Nýja Sjálands. Milt loftslag, sólskin og rigning gerir það að verkum að grasið vex allt árið um kring og skapar gróskumikið beitiland. Þar er fullkomið að ala upp naut sem reika frjáls um og bíta gras. Útkoman er mjúkt og safaríkt, gæðavottað nautakjöt.



Frystivara

**Riverlands nýsjálenskar nautalundir**

**3.999** kr/kg




**Gómsætar sósur frá Matarkompaní**

Verð frá **629** kr/stk

Tilboð gilda út 11. október

30% afsláttur

100% HREIN AFURÐ




**Kjúklingaleggir**

**699** kr/kg

Verð áður 999 kr/kg




**Lambahryggur af nýslátruðu ½ með lundum**

**2.999** kr/kg

15% afsláttur

100% HREIN AFURÐ




**Kjúklingalundir**

**2.167** kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg

KETÓ




**NÝJUNG**

**Ketókompaníið - Múslí, hrökkkex, bollakökur og hnetustykki**




**FRYSTIVARA**

**Southern Fried Chicken**

Verð frá **679** kr/pk

25% afsláttur




**Cavendish franskar**

**Margir saman að versla?**

Við hvetjum viðskiptavini að fjölmenna ekki í verslanir og að heimili sendi (ef mögulegt er) aðeins einn aðila til að sjá um innkaupin.

**HAGKAUP**

# Engar raðir með nýju appi

**VIÐSKIPTI** „Með appinu þarftu aldrei aftur að bíða í röð í apóteki til þess eins að fá að vita að lyfið þitt sé ekki til. Þú þarft aldrei aftur að velta fyrir þér hvað lyfið kostar fyrir þig því þú manst ekki í hvaða greiðsluþrepi þú ert,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju. Í gær gaf Lyfja út smáforrit, app, sem gerir fólki kleift að ganga sjálfvirkt frá kaupum á lyfjum og fá þau send heim án aukakostnaðar.

„Við bjóðum upp á heimsendingar á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi, þar búa um 80 prósent þjóðarinnar,“ segir Sigríður Margrét. Það verður einnig hægt að rekja stöðu sendingarinnar í rauntíma.

Einnig er hægt að sækja pöntunina í næsta apótek Lyfju í gegnum flýtiafgreiðslu, allan hringinn í kringum landið.

Virknin er margþætt, hægt er að fá yfirlit yfir allar lyfjaávísanir í rauntíma og lesa allar upplýsingar um lyfið, með smelli og stækka letrið að þörf. Þá verður hægt að kaupa lyf fyrir aðra í gegnum rafrænt umboð í appinu. Það gefst einnig kostur á að hefja netspjall við sérþjálfaðan starfsmann.

> **Við bjóðum upp á heimsendingar á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi, þar búa um 80 prósent þjóðarinnar.**
>
> Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfju



Þróun appsins hefur staðið yfir í rúmt eitt og hálft ár. „Þetta er líklega stærsta nýsköpunarverkefni sem Lyfja hefur ráðist í,“ segir Sigríður Margrét.

„Við erum að nútímavæða apótekin okkar. Markmiðið er að einfalda lyfjakaupin á sem öruggastan máta, það er mikið gleðiefni að vera komin með fyrsta app sinnar tegundar á Íslandi.“ – ab



Vogar fá allt neysluvatn í vatnsbóli Stofnfisks þótt samningur hafi runnið út 1. janúar 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eignarnám tryggi vatn fyrir Vatnsleysuströnd

**Sveitarfélagið Vogar segir fullreynt að ná samkomulagi við meðeigendur þess að Heiðarlandi Vogajarða þar sem gera þurfi framtíðarvatnsból fyrir íbúana. Eini kosturinn sé að fá leyfi til að taka landið og vatnsréttindin eignarnámi.**

**VOGAR** „Samningaviðræður við sameigendur sveitarfélagsins að landinu og auðlindinni hafa verið reyndar til þrautar,“ segir í beiðni sveitarfélagsins Voga um að fá að taka land í Heiðarlandi Vogajarða eignarnámi til að tryggja íbúunum neysluvatn.

Fram kemur í eignarnámsbeiðni Voga til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins að vatnsból sveitarfélagsins séu í raun vatnsból Stofnfisks ehf. í Vogavík samkvæmt samningi HS Veitna og Stofnfisks. Fyrir þremur og hálfu ári hafi Stofnfiskur hins vegar sagt upp samningnum og hann hafi fallið niður 1. janúar 2018.

„Enn er hins vegar tekið vatn úr vatnsbóli Stofnfisks þar sem ekki hefur náðst að semja um öflun vatns annars staðar við sameigendur sveitarfélagsins að Heiðarlandi Vogajarða. Á því landi er gert ráð fyrir framtíðar vatnsbóli sveitarfélagsins. Stofnfiskur getur ekki framlengt samninginn þar sem Stofnfiskur þarf á öllu sínu vatni að halda og meira til,“ er myndin dregin upp í eignarnámsbeiðni Voga. Ástandið hamli stækkun hjá Stofnfiski.

Vogar eiga tæpt 41 prósent í Heiðarlandi Vogajarða. Næststærsti eigandinn er Reykjaprent ehf. Síðan eiga sjö einstaklingar hver sinn hlut í landinu. Í eignarnámsbeiðninni er útskýrt að Vogar hafi á árinu 2015 sóst eftir að fá að bora könnunarholu á landinu og lengi síðan reynt að semja við meðeigendur sína um vatnsöflun. Orðið hafi verið við beiðni þeirra um að slíkur samningur myndi verða við Voga en ekki HS Veitur.

> **Stofnfiskur getur ekki framlengt samninginn þar sem Stofnfiskur þarf á öllu sínu vatni að halda og meira til.**
>
> Úr beiðni sveitarfélagsins Voga um eignarnám

Kemur fram að meðeigendurnir hafi talið verðhugmyndir frá HS Veitum og Vogum vera óraunhæfar. Samhliða viðræðunum hafi verið fundinn staður fyrir hugsanlegt vatnsból. Einnig hafi verið sett fram sú tillaga að lausn snemma á þessu ári að leggja pípu í gegn um landið og tengja hana við vatnslögn HS Veitna í Njarðvík.

„Þar sem samningaviðræður þóttu fullreyndar, það er bæði hafði verið reynt að ná samningum um gerð vatnsbóls og vatnslagnar auk þess sem engin gagntilboð höfðu borist frá landeigendum ákvað sveitarstjórn á fundi sínum þann 29. apríl 2020 að óska eftir heimild til að taka land undir vatnsbólið eignarnámi,“ segir í beiðninni.

Eftir að þessi eignarnámsbeiðni var sett fram var áfram reynt að semja en meðeigendurnir sögðu loks fyrir þremur vikum að það væri ekki raunhæft á meðan eignarnámsbeiðni sveitarfélagsins væri enn í gildi. Segir enn fremur í beiðninni að meðeigendur Voga vilji aðeins ræða leigu á landinu og takmarkaða vatnsöflun en ekki sölu. Sveitarfélagið telji hins vegar nauðsynlegt að eiga landið undir vatnsbólinu því annars væri vatnsöflun ekki tryggð til framtíðar.

„Í ljósi aðstæðna er óskað eftir að málið fái flýtimeðferð í ráðuneytinu,“ segir í eignarnámsbeiðni Voga sem nú er til umsagnar hjá meðeigendum sveitarfélagsins í Heiðarlandi Vogajarða. **gar@frettabladid.is**

# Þjónaði Flateyringum í hálfa öld

**VESTFIRÐIR** „Hann er núna að fara eftir dygga þjónustu. Þetta er eins og með fólkið, yngra fólkið leysir gamlingjana af,“ segir Sigurður A. Jónsson slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar. Ákveðið hefur verið að selja gamla Bedford-slökkviliðsbílinn á Flateyri og fá nýjan bíl í staðinn.

Bíllinn hefur þjónað Flateyringum í hálfa öld og er árgerð 1962. Hann var keyptur snemma á áttunda áratugnum. Sigurður segir að Bedford-bílar hafi verið algengir hjá slökkviliðum víða um land. Ísfirðingar sjálfir eigi einn slíkan en til stendur að selja hann fljótlega.

„Það var fín dæla í þeim en þeir áttu ekki mikið upp á pallborðið hvað ökuhraða varðar,“ segir hann. „Þeir fóru mjög hægt yfir en þegar þeir komu á staðinn gátu þeir dælt alveg lifandis ósköpum.“

Gamli Bedfordinn hefur um tíðina fengist við nokkra eldsvoða sem komið hafa upp í þorpinu. Hann nýttist hins vegar best við sjódælingar. „Það var hans sérsvið í raun og veru. Hann hefur bjargað mörgum skipum.“



Bedfordinn fór ekki hratt en hafði öfluga dælu. MYND/SLÖKKVILIÐ ÍSAFJARÐAR

Flateyringar fengu nýjan slökkvibíl á árinu. Sigurður segir þetta í fyrsta sinn sem þorpið fær glænýjan bíl. „Það var gríðarleg lyftistöng fyrir svona lítið sjávarpláss að fá nýjan bíl,“ segir hann. „Nýi bíllinn er mun sprækari, fljótari og hraðvirkari í alla staði.“

Þrjú tilboð bárust í bílinn þegar hann var auglýstur til sölu. Voru boðnar allt frá 10 til 100 þúsund krónur og hefur verið ákveðið að taka því hæsta. Þá falaðist Samgöngusafnið í Skagafirði eftir að fá bílinn án endurgjalds en ekki var fallist á það. – khg






# ÚRVAL AF NÝJUM BÓKUM!




OKT. BÓK MÁNAÐARINS

TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Fullt verð: 6.999.-

**Sykur:**
**Pantaðu Sykur á www.penninn.is og fáðu áritað eintak!**




**Iðunn & afi pönk**
Verð: 4.999.-




**Stúlkan undir trénu**
Verð: 3.999.-




**Svefnfiðrildin**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Fullt verð: 4.100.-




**Váboðar**
TILBOÐSVERÐ: 5.799.-
Fullt verð: 6.999.-




**Konan sem elskaði fossinn**
Verð: 6.999.-




**Aprílsólarkuldi**
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Fullt verð: 5.999.-




**Hansdætur**
TILBOÐSVERÐ: 5.799.-
Fullt verð: 6.999.-

OKT. BARNABÓK MÁNAÐARINS




**Öll með tölu**
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Fullt verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 12. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hundrað milljónir króna í hljóðvegg

**REYKJAVÍK** Rúmlega tveggja ára fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um hljóðvegginn við Miklubraut var svarað í skipulags- og samgönguráði í vikunni. Beðist var velvirðingar á að formlegt svar hefði ekki borist við fyrirspurninni en svar skrifstofu framkvæmda og viðhalds, við sambærilegri fyrirspurn í borgarráði, var svarað 2019 og hélt skrifstofan að hún hefði þar með svarað fyrirspurninni – en svo var ekki.

**»** Svar við fyrirspurninni barst tveimur árum síðar og var beðist velvirðingar á því.

Sjálfstæðisflokkurinn spurði um kostnað borgarinnar en samkvæmt svarinu nemur hann um 90 milljónum króna. Kostnaður við forgangsreinar Strætó var greiddur af Vegagerðinni, kostnaði við göngu- og hjólastíga var skipt til helminga á milli Vegagerðarinnar og borgarinnar en Reykjavíkurborg greiddi að fullu kostnað við hljóðvarnir. Markmið breytinganna er að lækka umferðarhávaða í og við íbúðarhús í Rauðagerði næst Miklubraut. – bb



Egilsen var byggt árið 1867.

# Pennar fá gistingu

**VESTURLAND** Hótel Egilsen í Stykkishólmi býður nú rithöfundi, ljóðskáldi eða skapandi penna vikudvöl í nóvember eða desember til að styðja við sagnagerð í landinu. Hjördís Eyþórsdóttir hótelstýra segir þetta hafa verið gert áður og að Egilsen sé bókahótel. Á hótelinu er bókasafn, bókaklúbbur, upplestrar og jafnframt styður hótelið við bókahátíðina Júlíönu sem haldin er í bænum í febrúar.

**Það skiptir okkur máli að einhver komi og bæti inn í sagnaandann hérna, hvað svo sem verið er að skrifa um.**

Hjördís Eyþórsdóttir hótelstýra

„Rithöfundarnir hafa fengið fría vikudvöl ásamt morgunmat og aðstöðu til að skrifa. Þeir geta jafnframt fengið innblástur úr þessu gamla og sögufræga húsi,“ segir Hjördís. Húsið var byggt árið 1867 af Agli Egilssyni, þaðan sem það fær nafnið. „Breiðfirsku eyjarnar hafa alltaf veitt innblástur og Stykkishólmur er góður staður fyrir ritstörf.“

Hjördís er núna að fara yfir umsóknir og segir að dvölin verði hugsanlega eitthvað öðruvísi en vanalega vegna sóttvarnareglna.

Hún segir engar kröfur gerðar um að þeir sem komi til þeirra skrifi sérstaklega um Stykkishólm eða Snæfellsnes. „Við erum opin fyrir öllu. Það skiptir okkur máli að einhver komi og bæti inn í sagnaandann hérna, hvað svo sem verið er að skrifa um,“ segir hún. „Hér hafa orðið til ljóð, hlutar úr skáldsögum og ýmislegt fleira.“ – khg

# Neita að gera við veginn í Heiðmörk

**REYKJAVÍK** Meirihlutinn í Reykjavíkurborg hefur fellt tillögu Sjálfstæðisflokksins um að gera við veginn í Heiðmörk. Sjálfstæðisflokkurinn bað um að hinn torfæri vegur frá Þjóðveginum og að Elliðavatnsbænum myndi hafa forgang en sá vegarkafli verður seint talinn góður.

Meirihlutinn bókaði að ekki væri í gildi deiliskipulag fyrir Heiðmerkursvæðið og lega vega kemur ekki fram í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur. „Samkvæmt vegalögum skulu vegir vera lagðir í samræmi við staðfestar skipulagsáætlanir og því er hvorki hægt að hefja veglagningu né hefja undirbúning á veglagningu fyrr en að deiliskipulagsvinnu fyrir Rauðhóla lýkur. Ekki er liggur fyrir hvenær það verður. Tillagan er því felld,“ sagði meirihlutinn í bókun sinni. Það þarf því áfram að keyra hægt og varlega til að kíkja í náttúrufegurðina í Heiðmörk. – bb



**Leiðin að Elliðavatnsbænum er ekki fær öllum bílum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sex ákærðir fyrir að undirbúa að ræna ríkisstjóra Michigan

**Sex einstaklingar hafa verið ákærðir fyrir að leggja á ráðin um að ræna ríkisstjóra Michigan-fylkis, Gretchen Whitmer. Ástæðan var óánægja með viðbrögð ríkisstjórans við COVID-19 og skerðingar á borgaralegum réttindum. Hugðust sexmenningarnir skipuleggja réttarhöld yfir ríkisstjóranum fyrir landráð.**

**BANDARÍKIN** Sex einstaklingar hafa verið ákærðir fyrir að leggja á ráðin um mannrán á ríkisstjóra Michigan-fylkis, Demókratanum Gretchen Whitmer. Whitmer hefur orðið skotspónn öfgamanna fyrir viðbrögð sín við að stemma stigu við faraldrinum. Hefur hún mátt þola fjölmargar grófar hótanir um líkamsmeiðingar og jafnvel líflát undanfarna mánuði.

Þegar Whitmer ákvað að setja á útgöngubann í Michigan-fylki í lok mars mótmælti háværi minnihluti ákvörðuninni harðlega og var ríkisstjóranum meðal annars líkt við Adolf Hitler. Donald Trump Bandaríkjaforseti hellti síðan olíu á þann eld með því að birta færslu á Twitter-reikningi sínum í apríl þar sem hann hvatti íbúa til þess að frelsa Michigan-fylki.

Í maímánuði réðst hópur vopnaðra mótmælanda inn í þinghús Michigan-fylkis, sem staðsett er í borginni Lansing, til þess að mótmæla aðgerðum yfirvalda.

Alríkislögregla Bandaríkjanna, FBI, komst á snoðir um ráðabruggið á fyrri hluta ársins í gegnum lokaða Facebook-hópa þar sem einstaklingar skipulögðu ofbeldisfullar aðgerðir til þess að steypa stjórnendum nokkurra fylkja af stóli.

Hinir ákærðu heita Adam Fox, Ty Garbin, Kaleb Franks, Daniel Harris, Brandon Caserta og Barry Croft. Í frétt CNN um málið kemur fram að tveir þeirra, Fox og Croft, hafi lagt á ráðin um að safna saman hópi fólks til þess að berjast gegn ríkisstjórum nokkurra fylkja sem þeir töldu að væru að brjóta stjórnarskrá Bandaríkjanna með embættisfærslum sínum. Er það ekki síst vegna takmarkana á borgaralegum réttindum, til dæmis með útgöngubanni íbúa.

Í byrjun júní hafi útsendari á vegum FBI farið á fund hópsins þar sem ræddar voru margs konar aðgerðir gegn yfirvöldum. Á fundinum hafi gestir meðal annars rætt þann möguleika að myrða tiltekna ríkisstjóra, sem kallaðir voru einræðisherrar, eða þá ræna þeim. Þá hafi hópurinn viljað fjölga meðlimum og reyna að koma á samstarfi við vopnaða hópa með sömu hugsjónir.



**Demókratinn Gretchen Whitmer, ríkisstjóri Michigan, fagnar kosningasigri. Hún hefur fengið yfir sig holskeflu morðhótana fyrir aðgerðir yfirvalda til þess að stemma stigu við útbreiðslu kórónaveirunnar.** MYND/EPA

**»** Whitmer hefur orðið að skotspæni öfgamanna fyrir aðgerðir sínar við að stemma stigu við faraldrinum.

Annar uppljóstrari greindi síðan frá því að einn sexmenninganna, Adam Fox, hefði tveimur vikum síðar fundað með leiðtoga slíks vopnaðs hóps. Á upptöku af samtali þeirra kemur fram að Fox hafi viljað fá 200 manna lið vopnaðra manna til þess að hertaka þinghúsið í Lansing og taka þar fjölda fólks í gíslingu, þar á meðal ríkisstjórann Whitmer. Fram kom að Fox hygðist hrinda aðgerðinni í framkvæmd fyrir forsetakosningarnar í nóvember og að hann hygðist skipuleggja réttarhöld yfir Whitmer fyrir landráð. Ef þær áætlanir myndu ekki ganga eftir hafði hópurinn í hyggju að ráðast á heimili Whitmer sem og skipuleggja árásir á lögregluþjóna.

Undirbúningur aðgerðanna var hafinn og meðal annars höfðu meðlimir æft vopnaburð í nokkrum ríkjum og reynt að útbúa heimatilbúnar sprengjur. Markmið hópsins var að koma af stað borgarstyrjöld.

bjornth@frettabladid.is

# Sóttvarnaaðgerðir í Madríd úrskurðaðar ólöglegar

**SPÁNN** Héraðsdómur Madrídar hefur úrskurðað þær sóttvarnaaðgerðir sem settar voru á borgina og níu nærliggjandi bæi ólöglegar og neitað að staðfesta þær. Samkvæmt dómstólnum ganga þær gegn grundvallarréttindum og frelsi borgaranna.

Reglurnar voru settar á fyrir síðustu helgi vegna fjölgunar COVID-19 tilfella. Samkvæmt þeim máttu íbúar ekki yfirgefa borgina nema til að sinna vinnu, námi eða til að sækja sér heimilisnauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Spánn hefur einhverja hæstu tíðni tilfella í Evrópu, 300 á hverja 100 þúsund íbúa. Í Madrídhéraði, þar sem 4,5 milljónir manns búa, er tíðnin mun hærri, eða 700 á hverja 100 þúsund.

**»** Dómstóllinn úrskurðaði að lýðheilsuákvarðanir væru á borði héraðsins.

Taldi dómstóllinn heilbrigðisráðherra landsins ekki hafa til þess bærar heimildir. Lýðheilsumál væru á ábyrgð héraðanna. Eftir úrskurðinn hefur lögregla í Madríd því enga lagaheimild til að framfylgja aðgerðunum. Héraðsstjórnvöld í Madríd hafa kært aðgerðirnar til landsdómsstóls. – khg



**Heilbrigðisráðherrann Salvador Illa var gerður afturreka í Madríd.** MYND/GETTY




# NÝR VEITINGASTAÐUR

## Í HJARTA MIÐBORGARINNAR!

no concept

HVERFISGATA 6





**No Concept hefur opnað dyrnar fyrir gestum og býður ykkur hjartanlega velkomin.**

**Sökum hertari sóttvarnaraðgerða býðst viðskiptavinum að panta sér mat af take away matseðli á heimasíðunni noconcept.is. Í salnum tökum við glöð á móti takmörkuðum fjölda gesta og pössum að það sé gott pláss á milli borða.**

**Kíktu við á Hverfisgötu 6 eða pantaðu mat á noconcept.is. Einnig er hægt að panta í gegnum síma: 454 0200.**

**OPIÐ**

Mán - Lokað
Þri - Mið
15:00 - 21:00
Fimmt - Sun
11:30 - 21:00

noconcept_iceland






# Versta stefnan



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það ætlar að reynast stjórnvöldum erfitt að viðurkenna þau afdrifaríku mistök sem gerð hafa verið og meta stöðuna upp á nýtt áður en tjónið verður enn meira. Ráðstafanir sem nú hefur verið gripið til, með því að stöðva nánast alla starfsemi í samfélaginu um ófyrirséðan tíma, eru bein afleiðing af lokunarstefnu Skimunarmeistarans, sem þríeykið studdi og ríkisstjórnin innleiddi, sem taldi fólki trú um að hægt yrði að lifa næsta eðlilegu og veirufríu lífi innanlands með því einu að halda útlendingum frá landinu. Það reyndist della. Almenningur hélt að minni hætta væri á smiti – þegar hún var í reynd óbreytt og magnaðist síðar upp – eftir að hafa fengið skýr skilaboð um það frá stjórnvöldum.

Hvert er nýja markmiðið? Í stað þess að hafa meðalhóf að leiðarljósi, með því að halda landamærunum opnum með varúðarráðstöfunum og viðhalda hóflegum en fyrirsjáanlegum sóttvarnaaðgerðum innanlands með áherslu á mikilvægi einstaklingsbundinna sóttvarna, sitjum við nú uppi með verstu stefnuna – að kveikja og slökkva alfarið á samfélaginu á víxl. Verði þessum sveiflukenndu aðgerðum haldið til streitu í marga mánuði uns bóluefni er tiltækt, sem enginn veit með vissu hvenær verður, eiga þær eftir að valda óafturkræfum hörmungum fyrir lýðheilsu bæði til skemmri og lengri tíma litið – ekki hvað síst fyrir ungt fólk og þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Í yfirlýsingu sem á þriðja tug fræðimanna, meðal annars Nóbelsverðlaunahafar, birtu í vikunni er þessi stefna sem ræður ríkjum í baráttunni gegn farsóttinni gagnrýnd harðlega. Á það er bent að við vitum nú að hættan á því að deyja af völdum COVID-19 er þúsundfalt meiri hjá öldruðum og sjúkum en ungu fólki. Raunar sé veiran hættuminni börnum en margir aðrir sjúkdómar, meðal annars inflúensa. Markmið sóttvarnaaðgerða eigi þess vegna að beinast að því að takmarka dauðsföll og félagslegan skaða eins og mögulegt er þar til hjarðónæmi næst. Besta og mannúðlegasta leiðin til þess er að leyfa þeim sem eru í minnstri hættu að lifa eðlilegu lífi og auka þannig ónæmi gagnvart veirunni á sama tíma og viðkvæmustu hóparnir séu verndaðir. Íslensk stjórnvöld ættu að taka mark á þessum ráðum.

Þríeykið er hið hæfasta fólk, sem allir styðja í sínu vandasama hlutverki, en rétt eins og með aðra sérfræðinga getur það villst af leið. Innan stjórnarmeirihlutans gætir vaxandi efasemda, bæði af hálfu ráðherra og þingmanna Sjálfstæðisflokksins, um margar af þeim íþyngjandi aðgerðum sem gripið hefur verið til og skort á aðkomu kjörinna fulltrúa að þeim. Það er gott og þó fyrr hefði verið. Spyrja þarf spurninga, hvar fjölmiðlar hafa í megindráttum fullkomlega brugðist, um rökin að baki meintu neyðarástandi – dauðsföll um alla Evrópu eru ekki fleiri en í meðalári – sem réttlæta ákvarðanir sem fela í sér að fólk án einkenna er sett í stofufangelsi, svipt lífsviðurværi án endurgjalds og ferðafrelsi þess takmarkað. Almannaheill er nefnilega margþættara og flóknara viðfangsefni en aðeins sóttvarnir.

> Þríeykið er hið hæfasta fólk en rétt eins og með aðra sérfræðinga getur það villst af leið.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ekki fet**

**Íbúar höfuðborgarinnar fara hvergi. Íbúar landsbyggðarinnar ekki heldur. Enginn er að fara til útlanda. Verslanir Boston og Oxford Street eru farnar á hausinn. Strikið er útstrokað og ekki einu sinni plássstelandi Þjóðverjar eru á strönd Benidorm. Samt sem áður halda veðurfréttirnar áfram að segja okkur hvernig veðrið verður á Tenerife, Flórída og Mæjorka. Slíkt siðleysi og sadismi hefur ekki sést á skjáum Ríkissjónvarpsins síðan í Exit. Í þessum aðstæðum væri mannúðlegra að kynna fyrir landsmönnum veðurhorfur í Síberíu, Dauðadal og Kulusuk.**

**Me**

**„Rollurækt er heimskt hobbí efnalausra,“ sagði Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra ekki. Samt varð það til þess að minnst einn bæjarfulltrúi hefur sagt sig úr flokknum. Geta þetta ekki talist góðar fréttir fyrir óvinsælasta ráðherrann. Rasshandarlag í orðum, þó að ekkert nema góðmennska sé þar að baki, hefur hrjáð nokkra forvera hans. Minnast má mannsins sem var næstum búinn að stúta eigin flokki með clouseauískum klunnaskap. Bakland Kristjáns liggur hins vegar til sjávar en ekki sveita og fram að kosningum þarf hann bara að passa sig að nefna ekki togara í sömu setningu og blómarækt.**

# Biðlistar í nefnd?



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Ríkisstjórn sem velur orð umfram aðgerðir er eðlilega hrifin af nefndum. Þetta fékkst rækilega staðfest í vikunni þegar Viðreisn vakti athygli á fjölda nefnda sem komið hefur verið á fót frá því núverandi ríkisstjórn var mynduð í lok nóvember árið 2017. Í mars á þessu ári voru þær orðnar 248 talsins.

Kannski er biðlistavandinn fastur í einni af þessum nefndum. í maí síðastliðnum voru rúmlega 4.000 manns á biðlistum eftir aðgerðum. Flestir bíða eftir liðskiptum eða augnsteinaskiptum, en aðgerðalistinn er langur og fjölbreyttur. Allt á þetta fólk það sameiginlegt að biðin dregur verulega úr lífsgæðum þess. Núna bíða hátt í 5.000 manns.

Landspítalinn hefur í mörg horn að líta nú sem aldrei fyrr. COVID-faraldurinn veldur slíku álagi á starfsfólk spítalans að það er með hreinum ólíkindum hversu vel þau standa vaktina. Stjórnendur og starfsfólk þar eiga mikið hrós skilið. Þjóðarsjúkrahúsið hefur ekki undan og biðlistar lengjast. Samt er ekki leitað annað. Af því að það hentar ekki pólitískri stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég hef heimildir fyrir því að í síðustu viku hafi verið framkvæmdar fjórar liðskiptaaðgerðir á Landspítala. Á sama tíma framkvæmdi hin einkarekna Klíník tólf slíkar aðgerðir. Til viðbótar við þennan þrefalda mun í fjölda aðgerða, þá liggur stóri munurinn í því að aðgerðirnar á Landspítalanum eru greiddar af ríkissjóði en aðgerðir á Klíníkinni þarf fólk að greiða úr eigin vasa.

Með því að standa vörð um þetta ástand segjast stjórnvöld vera að leggja áherslu á opinbera heilbrigðiskerfið. Það ríkir enginn ágreiningur um að við viljum hafa hér opinbert kerfi þar sem landsmenn allir fái notið heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Staðreyndin er sú að með því að semja um tilteknar aðgerðir við Klíníkina og aðra til þess bærra aðila, þá eflist opinbera heilbrigðiskerfið okkar. Framkvæmir fleiri aðgerðir. Þjónar fleira fólki.

Það er kominn tími til að pólitíkin fari að sjá skóginn fyrir trjánum hér. Það getur ekki verið að ríkisstjórnin vilji gera bið fólks eftir heilbrigðisþjónustu að einhvers konar lífsstíl.

> Það ríkir enginn ágreiningur um að við viljum hafa hér opinbert kerfi þar sem landsmenn allir fái notið heilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Forðumst bæði ótta og reiði

**Í DAG**

Þórlindur Kjartansson

Þegar Franklin D. Roosevelt sór embættiseið sem forseti Bandaríkjanna í janúar 1933 mælti hann hin frægu orð að það eina sem við hefðum að óttast væri hræðslan sjálf. Ástand heimsins var þá með þeim hætti að það var sannarlega fjölmargt sem full ástæða var til þess að hafa áhyggjur af, jafnvel óttast. Það gæti því hafa virkað fremur einfeldningslegt og jafnvel kæruleysislegt að segja við bandarísku þjóðina, sem var stödd mitt í djúpri kreppu, að hið eina sem þyrfti að óttast væri ekki „raunverulegar“ ógnir heldur hugarástand.

En Roosevelt var ekki svo mikil Pollýanna að halda að hann gæti með orðkynngi töfrað á brott aðsteðjandi hættu. Skilaboðin voru miklu dýpri en það—og snéru annars vegar að því að óttinn eigi ekki erindi við stýrið þegar vá ber að garði; en einnig að ekki sé hægt að afskrifa óttann sem eitthvað óáþreifanlegt tilfinningalegt vandamál. Þetta sagði hann: „Leyfið mér fyrst af öllu að halda fram þeirri bjargföstu trú minni að hið eina sem við höfum að óttast er…óttinn sjálfur—óáþreifanlegur, órökréttur og óréttlætanlegur ótti sem lamar alla viðleitni til þess að snúa undanhaldi í framrás.“

**Yfirvegun, hræðsla og reiði**

Undanfarið hefur stemmningin gagnvart sóttvarnaráðstöfunum vegna COVID-19 byrjað að þróast með varhugaverðum hætti hér á landi. Þó er örugglega rétt að samstaðan sé það sem síst megi glatast í því langhlaupi sem fram undan er. Það er nefnilega örugglega betra að nánast allir séu tilbúnir að hlíta hóflegum aðgerðum til langframa heldur en ef einungis hluti samfélagsins fer eftir mjög íþyngjandi leiðbeiningum.

Flestir sýna yfirvegað æðruleysi, hlusta með þolinmæði á leiðbeiningar og fyrirmæli. Eru ekki með vesen. Kannski ekki endilega alltaf sammála, en kunna ágætlega að gagnrýna án þess að grafa undan samstöðu.

En annar hópur er mjög hræddur. Stöðugur (og oft óvandaður) veirufréttaflutningur hefur ekki hjálpað þeim sem eru skelfdir að finna sálarró. Því miður spila fjölmiðlar víða um heim á þennan vaxandi ótta, því smellum á vefsíðurnar fjölgar eftir því sem fólki líður verr. Taugaspenna um nýjar tölur, nýjar fréttir, ný minnisblöð og ný eftirköst duga langt til þess að æra þá sem eru óstöðugir vegna ástandsins. Þeir sem eru mjög hræddir við glíma við erfiðar tilfinningar sem geta orðið skaðlegar ef þær eru ríkjandi til langframa. Það er vond tilfinning að vera hræddur og vita ekki hvernig maður geti brugðist við ógn sem maður telur að steðji að sér. Fólk sem glímir við mikinn ótta á því mjög erfitt með að horfast í augu við að við þurfum örugglega að „lifa með veirunni“ í umtalsverðan tíma.

Þriðji hópurinn eru einstaklingar sem finna til vaxandi reiði yfir að gripið sé til mjög harkalegra aðgerða til þess að stemma stigu við smitsjúkdómi sem er ekki eins hættulegur og óttast var í fyrstu. Þeir sem eru mjög reiðir yfir sóttvarnaráðstöfunum glíma líka við vanlíðan og vonleysi; þótt það sé á öðrum forsendum. Þessi hópur á erfitt með að horfast í augu við að við þurfum að búa við að veiruvarnir hafi einhver áhrif á líf okkar um langa hríð.

**Með hugrekki að vopni**

Hræðsla og reiði eru gagnlegar og skiljanlegar tilfinningar við ákveðnar aðstæður. En þær eru líka þrúgandi og skaðlegar til langs tíma. Móteitrið gegn báðum þessum tilfinningum er vel þekkt—og það er það sem Roosevelt ýjaði að í ræðunni frægu. Mótefnið heitir hugrekki, og það hjálpar mönnum að horfast af vaxandi yfirvegun í augu við erfið verkefni og koma í veg fyrir að þau heltaki tilveruna.

Fyrir íslenskt samfélag væri mikil blessun ef yfirvegað hugrekki, en ekki ótti eða reiði, ræður för næstu misseri þegar taka þarf vandasamar ákvarðanir um jafnvægi frelsis og öryggis. Með hugrekki horfumst við í augu við aðsteðjandi hættu, flýjum ekki af hólmi, förum ekki á taugum en gerumst ekki heldur sek um kæruleysi eða fífldirfsku. Með hugrekki getum við talað við þá sem sjá hlutina í öðru ljósi, nálgast hvert annað af nærgætni og virðingu—og með hugrekki getum við skipst á skoðunum án þess að gera hvert öðru upp heimsku eða illar hvatir. Það þarf hugrekki til þess að standa á sínum skoðunum og til þess að skipta um skoðun. Og hugrekki hjálpar okkur bæði að lifa lífinu og mæta dauðanum; og hvorugt verður algjörlega umflúið, lífið eða dauðinn.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er eitt sem er algjörlega öruggt í þessari baráttu milli mannsins og veirunnar: Veiran er dæmd til bíða ósigur. Sameiginlegt verkefni okkar er að tryggja þann sigur með sem minnstum tilkostnaði. Til þess þarf hugrekki.



# Ávísun á betri framtíð



Jakob Frímann Þorsteinsson
háskólakennari og doktorsnemi

Í kreppu gefast oft tækifæri til að nálgast veruleikann með nýjum hætti. Hvernig hljómar það að styðja ferðaþjónustuna og um leið efla menntun barna og ungmenna? Hugmyndin er þessi: Aðilar sem standa að frístunda- og skólastarfi fái í vetur sérstaka ferðaávísun til þess að geta gefið börnum á Íslandi tækifæri á skemmtilegri og menntandi reynslu innanlands. Kerfið til að halda utan um þetta er þegar til staðar og hefur reynst ljómandi vel í sumar.

Fjölmargar rannsóknir styðja það að útimenntun efli tengsl og skilning okkar á náttúru og samfélagi, hún eflir félagsleg tengsl, sjálfstraust og er kjörin leið til að auka skilning á ólíkum námsgreinum og stuðla að margþættum þroska.

Innan ferðaþjónustunnar er mikil þekking og reynsla sem er kjörið að virkja og nýta til þess að gefa börnum kost á læra og þroskast. Ég sé fyrir mér fjölbreytt ferðalög um náttúru Íslands, heimsóknir á söfn og dvöl í þjóðgörðum. Það má læra á skíði, sigla, fara í hvalaskoðun, upplifa jöklagöngu, klettaklifur, kynnast skógarnytjum af eigin raun eða fara sögugöngur þar sem fléttað er saman frásögn og leik. Tækifærin eru nær óþrjótandi.

**Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að með markvissu samstarfi fagfólks úr ferðaþjónustu og skólastarfi sé hægt að skapa menntandi upplifun og reynslu sem eflir börn og ungt fólk.**

Ég hef djúpa sannfæringu fyrir því að með markvissu samstarfi fagfólks úr ferðaþjónustu og skólastarfi sé hægt að skapa menntandi upplifun og reynslu sem eflir börn og ungt fólk. Fyrir utan það hvað slík reynsla er hrikalega skemmtileg!

Að margra mati er kostnaður ein meginhindrun ferðalaga í frístunda- og skólastarfi. Önnur hindrun er sú að oft er ekki til staðar þekking, hæfni og búnaður í skólum og frístundastarfi til að bjóða upp á spennandi menntandi tækifæri með náttúruskoðun, útinámi og útivist.

Í þessari hugmynd felst að við stillum saman strengi ólíkra fagstétta með samstarfi ferðaþjónustunnar og frístunda- og skólastarfs. Ferðaávísun til barna og ungmenna er menntandi fjárfesting í framtíðinni – ávísun á betri framtíð … og skemmtilegan vetur.

# Stjórnarskrá og aflandsbréf



Kristján Hreinsson
skáld

Í eina tíð, þegar stéttaskipting í Evrópu þótti afgerandi, buðust ríkum mönnum að kaupa sér syndakvittun. Siðspilltur páfadómur bauð mönnum að kaupa sig frá refsivendi guðs og manna, með því að leggja fé í hirslur kirkjunnar. Hin fagra ímynd trúarinnar var saurguð af græðgi. Græðgin sú arna bjó í breyskleika mannanna sem nutu friðhelgi og afskiptaleysis yfirvalda. Svo fór, að ágætur Þjóðverji mótmælti spillingunni. Hann hengdi merkilegan texta á kirkjuhurð. Þetta gerðist fyrir rúmum 500 árum. Bréfsnifsi þetta varð síðan að grunni nýrrar deildar innar kristninnar. Mótmælendum óx svo fiskur um hrygg. Græðgin í reykmettuðum bakherbergjum Vatíkansins þótti skyndilega svo yfirgengileg og þótti lýsa svo gengdarlausri heimsku, að eðlilegast þótti að láta af áðurnefndri innheimtu. Þeir ríku gátu ekki lengur keypt sér leið framhjá gapastokki, höggstokki og öðrum stokkum.

Mótmælin skiluðu tilætluðum árangri.

**Aflandsbréf koma til sögunnar**

Nú á dögum eru Íslendingar búnir að finna upp nýja trú. Nú er það trúin á kvótakerfið sem þykir við hæfi. Menn eignast mikið fé, kaupa sér fjölmiðla og kaupa sér leið framhjá gapastokkum gagnrýninnar hugsunar. Þeir kaupa sér aflandsbréf sem gefur þeim leið framhjá höggstokki skattinnheimtunnar. Þeir kaupa sér vini og geta í gegnum þá keypt sér skjól. Stéttaskiptingin blasir við. Í efstu stéttinni er fólk sem kaupir þingmenn. Á Alþingi sitja þessir þingmenn og eiga að gæta hagsmuna þjóðarinnar. En flestir eru þeir á mála hjá þeim sem eiga peningana sem koma inn fyrir allan fiskinn sem peningamennirnir láta veiða.

Trúin á kvótakerfið eru þannig sett fram, að búinn er til grunnur. En á þeim grunni er síðan öll blekkingin byggð. Grunnurinn er sá, að til sé fólk sem kann betur en annað fólk að stjórna fiskveiðum. Þessi elíta kann reyndar að stunda rányrkju og fær fyrir vikið allan þann fiskveiðikvóta sem hægt er að fá. Í grunni þessum kemur einnig fram að æskilegast sé að menn greiði sem minnst til samfélagsins. Í stað þess að leyfa þjóðinni; hinum fátæku, hinum fötluðu, hinum öldnu, barnafólkinu, námsmönnunum og bara allri alþýðu manna, að njóta arðsins af auðlindinni, þá fara kvótaþegarnir þá leið að koma undan sem mestu af því fjármagni sem þeim er ætlað að ávaxta. Þeir koma peningunum í skjól.

Rétt einsog fyrir 500 árum síðan, kaupa menn sér lausn frá syndum. En í dag fer allt fram með þeim hætti að menn stofna svokölluð aflandsfélög. Þessi félög ráða yfir peningum sem annars kæmu til Íslands. Svikin eru hagur fyrir örfáa en tap fyrir þjóðarbúið.

Nákvæmlega einsog fyrir 500 árum síðan eru það hinir ríku sem ráða svindlinu. Nú eru það aflandsbréf sem koma í stað aflátsbréfa. Í dag eru það menn innan stjórnsýslunnar sem taka virkan og beinan þátt í aflandsbréfabraski. Á Íslandi taka útvaldir þingmenn og ráðherrar beinan þátt í hagsmunagæslunni.

**Við getum mótmælt**

Núna, einsog fyrir 500 árum, verðum við að gerast mótmælendur. Við verðum að mótmæla yfirgangi stjórnvalda sem vernda spillinguna. Núna er það undirskriftasöfnun Stjórnarskrárfélagsins sem er leiðin sem við getum farið. Skrifum undir! Núna þarf nefnilega að hengja nýja stjórnarskrá upp með þeim hætti að hún geti ekki farið framhjá nokkrum manni.

Við getum komið í veg fyrir stóran hluta spillingarinnar ef við fáum 50. gr. nýrrar stjórnarskrár samþykkta. En þar er þetta að finna: „Alþingismanni er óheimilt að taka þátt í meðferð þingmáls sem varðar sérstaka og verulega hagsmuni hans eða honum nákominna. Um hæfi þingmanna skal mælt fyrir í lögum. Vanhæfi þingmanns hefur ekki áhrif á gildi settra laga.

Í lögum skal kveðið á um skyldu alþingismanna til að veita upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni sína.“

Nýja stjórnarskráin leggur einnig grunn að því að uppræta svindlið með fiskinn í sjónum, veðsetningu auðlindarinnar, fjármagnsstreymi á færra hendur í gegnum kvótakerfi og aflandsbréfakaup manna sem vilja helst hafa allan kvótann innan fámennrar klíku. Þetta gerir nýja stjórnarskráin í 34. gr. með skýrum hætti. En þar segir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. (…) Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Nýja stjórnarskráin hefur ekki verið samþykkt af stjórnvöldum. Ástæðan er einfaldlega sú að stjórnvöld taka virkan þátt í spillingu. Í skjóli stjórnvalda neita einstaklingar að svara til saka. Í skjóli stjórnvalda stunda menn brottkast og rányrkju. Í skjóli stjórnvalda njóta menn friðhelgi og afskiptaleysis þegar þeir flytja peninga á milli landa.

Ég leyfi mér að negla svohljóðandi tilkynningu á útihurð Alþingis:

*„Hér Alþingi eitt setur landsmönnum lög,*
*með lögum hjá dómstólum eyðast skal vafinn*
*og stjórnvaldið framkvæmdum finna skal drög*
*en fólkið – já, þjóðin er stjórnarskrárgjafinn.“*

# Rafrænir fylgiseðlar auka öryggi og lækka lyfjaverð



Silja Dögg Gunnarsdóttir
forseti Norðurlandaráðs



Oddný Harðardóttir
varaforseti Norðurlandaráðs

**Næsta vor fer af stað tilraunaverkefni um innleiðingu rafrænna fylgiseðla fyrir H-merkt lyf sem notuð eru á sjúkrahúsum. Í stað pappírsfylgiseðils sækir starfsfólkið fylgiseðilinn rafrænt á serlyfjaskra.is.**

Fylgiseðlar eru nytsamlegir og upplýsa meðal annars um mögulegar aukaverkanir lyfja. Samkvæmt ESB reglum skulu lyfjapakkningar innihalda fylgiseðil á tungumáli þess lands þar sem lyfið er selt. Fyrirkomulagið felur í sér ýmsa annmarka eins og fyrir lítið málsvæði sem Ísland er, því þau verða oft útundan við markaðssetningu lyfja þar sem hlutfallslega dýrara er að prenta fylgiseðla í litlu upplagi og koma þeim fyrir í pakkningunni. Benda má á að meðan Ísland er með innan við 4000 skráð vörunúmer hér á landi þá eru Norðurlöndin með um og yfir 10.000 vörunúmer. Rafrænir fylgiseðlar geta þannig rutt aðgengishindrunum úr vegi á minni málsvæðum. Þannig myndu rafrænir fylgiseðlar auka möguleika Íslands til að taka þátt í sameiginlegum lyfjainnkaupum með öðrum þjóðum, draga úr mögulegum lyfjaskorti og lækka lyfjaverð.

Rafrænir fylgiseðlar auka öryggi sjúklinga. Með innleiðingu rafrænna fylgiseðla gætu íbúar á Íslandi, sem skilja ekki íslensku, fengið seðilinn á því tungumáli sem hentar. Þá verður seðillinn auðveldari aflestrar því letur má stækka í rafrænum seðli. Rafrænir fylgiseðlar minnka sóun því þá má auðveldlega uppfæra til að komast hjá því að farga lyfjum sem innihalda úrelta fylgiseðla.

Alþingi samþykkti árið 2017 lyfjastefnu til ársins 2022 sem segir að stefnt skuli að því að fylgiseðlar með lyfjum verði rafrænir. Næsta vor fer af stað tilraunaverkefni um innleiðingu rafrænna fylgiseðla fyrir H-merkt lyf sem notuð eru á sjúkrahúsum. Í stað pappírsfylgiseðils sækir starfsfólkið fylgiseðilinn rafrænt á serlyfjaskra.is. Heilbrigðisráðherra hafði forgöngu um að norrænir heilbrigðisráðherrar sendu erindi til ESB í júlí árið 2019 þar sem hvatt var til að lönd, sem vilja og hafa tæknigetu til, verði heimilt að styðjast við rafræna fylgiseðla í stað pappírsfylgiseðla. Þingmenn í Norðurlandaráði og Norræna stjórnsýsluhindranaráðið hafa líka beitt sér í málinu. Rafrænir fylgiseðlar ættu því að þokast nær.

# Ábending um átakalínur í Bandaríkjunum



Hafsteinn Þór Hauksson
dósent við lagadeild Háskóla Íslands

**Það er vissulega rétt að tilnefning íhaldssams dómara í hæstarétt Bandaríkjanna eykur líkurnar á því að í einhverjum ríkjum Bandaríkjanna verði vegið að rétti kvenna til þungunarrofs.**

Í Fréttablaðinu hinn 22. september sl. birtist leiðari undir heitinu „Til fortíðar“ sem fjallaði um bandarísk stjórnmál og þá stöðu sem upp er komin eftir andlát hæstaréttardómarans Ruth B. Ginsburg. Í Bandaríkjunum er m.a. tekist á um hvort Donald Trump eigi að fá að skipa nýjan dómara í stað Ginsburg eða hvort bíða ætti með tilnefningu þar til nýkjörinn forseti tekur við í janúar á næsta ári.

Í leiðaranum birtist útbreiddur misskilningur. Misskilningurinn gengur út á að frjálslyndir dómarar, þ. á m. Ginsburg heitin, telji að konur eigi stjórnarskrárvarinn rétt á því að fara í þungunarrof en íhaldssamir dómarar telji að þungunarrofið sé í andstöðu við stjórnarskrána. Þeir síðarnefndu vilji því afnema „lögin sem kennd eru við Roe v. Wade“, eins og segir í leiðaranum.

Þetta er ekki rétt. Íhaldssömu dómararnir, sem repúblikanar skipa jafnan, telja ekki að þungunarrof brjóti í bága við stjórnarskrána og vilja ekki afnema löggjöf sem heimilar slíkar aðgerðir. Þeir telja einfaldlega að stjórnarskráin sé þögul um þungunarrof og af þeim sökum sé hverju og einu ríki Bandaríkjanna frjálst að setja sér lög sem hvort sem er heimili eða takmarki aðgang að þungunarrofsaðgerðum. Það eru því ekki íhaldssömu dómararnir sem vilja afnema eða ógilda lög. Það eru frjálslyndu dómararnir sem telja rétt að ógilda lög sem einstök ríki Bandaríkjanna setja til höfuðs þungunarrofsaðgerðum, líkt og gert var í dómi hæstaréttar Bandaríkjanna í máli Roe v. Wade. Í huga íhaldssömu dómaranna snýst málið um sagt um valdheimildir dómstólsins sem æðsta dómstóls sambandsríkis gagnvart lýðræðislega kjörnum löggjafarþingum í Bandaríkjunum. Málið snýst strangt tiltekið ekki um persónulega afstöðu dómaranna sjálfra til þungunarrofs.

Það er vissulega rétt að tilnefning íhaldssams dómara í hæstarétt Bandaríkjanna eykur líkurnar á því að í einhverjum ríkjum Bandaríkjanna verði vegið að rétti kvenna til þungunarrofs. Fari svo verður sá réttur skertur af löggjafarþingum viðkomandi ríkja Bandaríkjanna, ekki hæstaréttardómurum sem í reynd geta ógilt lög í nafni stjórnarskrárinnar. Þetta þarf fólk að skilja til þess að átta sig á átakalínunum í deilum um skipun dómara í hæstarétt Bandaríkjanna og afleiðingum slíkrar skipunar. Rétt er að taka fram að í þessari ábendingu felst engin afstaða til þeirra átaka.


FJÖRÐUR
OPIÐ TIL 20:00 FÖSTUDAGINN 9.OKT
6-9.OKTÓBER
Taxfree dagar
VIÐ MINNUM Á SÓTT EÐA SENT
ÞJÓNUSTU Í VERSLUNUM FJARÐAR
RIF
RESTAURANT
20% AFSLÁTTUR
AF TAKEAWAY*
6-11.okt | s: 578-0100
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
FYLGSTU MEÐ /FJORDUR
Taxfree jafngildir 19,35% afslætti

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Courtois kemur ekki til Íslands

**FÓTBOLTI** Belgar urðu fyrir áfalli fyrir leikina gegn Íslandi og Englandi í Þjóðadeild UEFA í gær þegar það kom í ljós að Thibaut Courtois myndi missa af leikjunum. Það verður því Simon Mignolet sem stendur á milli stanganna á Laugardalsvelli næsta miðvikudag.

Courtois meiddist á mjöðm á æfingu belgíska landsliðsins og þurfti að draga sig úr hópnum vegna meiðslanna. Hann var þriðji markvörðurinn sem dregur sig úr belgíska hópnum, áður höfðu Koen Casteels og Hendrik Van Crombrugge dregið sig úr hópnum til að vera viðstaddir fæðingu barna sinna.

Báðir leikmenn Real Madrid, Eden Hazard og nú Courtois, hafa því þurft að draga sig úr belgíska landsliðshópnum. Fyrri leik liðanna lauk með 5-1 sigri Belga. **– kpt**

## Biðja félög í Reykjavík um að taka sér pásu

**ÍÞRÓTTIR** Sóttvarnalæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hafa sent tilmæli til íþróttahreyfingarinnar á höfuðborgarsvæðinu. Íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu eru þar beðin um að gera hlé á æfingum og keppni í öllum íþróttum frá deginum í dag til 19. október næstkomandi.

Jafnframt eru þau beðin um að fresta keppnisferðum út á land. Knattspyrnusamband Íslands frestaði í gær öllu mótahaldi sínu um viku.

Handknattleikssamband Íslands og körfuboltasamband Íslands gengu hins vegar skrefinu lengra og hafa frestað öllu mótahaldi til 19. október. **– hó**



**Rúnar var harðorður í garð Ólafs.**

## Sekta KR fyrir ummæli Rúnars

**FÓTBOLTI** Aga- og úrskurðarnefnd knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, ákvað á fundi sínum fyrr í vikunni að sekta knattspyrnudeild KR um 50.000 krónur vegna ummæla Rúnars Kristinssonar, þjálfara karlaliðs KR. Rúnar lét hafa eftir sér ósæmileg opinber ummæli sem birtust á vefmiðlunum Fotbolti.net og Vísi, þann 27. september síðastliðinn að mati aga- og úrskurðarnefndarinnar.

Var um að ræða opinber ummæli sem voru að mati framkvæmdastjóra KSÍ til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og aga- og úrskurðarnefnd sambandsins taldi að með þeim hefði verið vegið að heiðarleika Ólafs Inga Skúlasonar, leikmanns Fylkis. Rúnar sakaði Ólaf Inga um að hafa hagað sér eins og hálfviti í leik liðanna á Íslandsmótinu og taldi hann hafa svindlað til þess að ná í stig. **– hó**

## Réðu ekkert við Gylfa Þór Sigurðsson



**Gylfi Þór Sigurðsson reyndist enn einu sinni hetja íslenska karlalandsliðsins í 2-1 sigri á Rúmenum í gærkvöld. Gylfi skoraði bæði mörk Íslands í fyrri hálfleik með vinstri fætinum. Gylfi lét Rúmena ekki komast upp með að ýta honum yfir á veikari fótinn og nýtti sín færi vel. Þetta var í fjórða sinn sem Hafnfirðingurinn Gylfi skorar tvö mörk fyrir Ísland í sama leik og hefur Ísland unnið alla fjóra leikina til þessa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fetar í djúp fótspor föður síns

**Mick Schumacher þreytir frumraun sína í Formúlu 1 í dag á braut sem er með beygju nefndri eftir föður hans. Mikil pressa fylgir Schumacher-nafninu en líka spenna fyrir því hvað drengurinn gæti afrekað.**

**FORMÚLA 1** Sömu helgi og Lewis Hamilton er líklegur til að jafna met Michael Schumacher yfir flesta sigra í Formúlu 1 verða eflaust flest augu Formúluáhugamanna á fyrstu æfingu helgarinnar þar sem sonur Michael, Mick, tekur í fyrsta sinn þátt í Formúlu 1. Þá mun Mick sem tekur þátt í unglingastarfi Ferrari keyra fyrir hönd Alfa Romeo, samsteypuliðs Ferrari á fyrstu æfingunni á Nürburgring-brautinni. Þetta er í fyrsta sinn í sjö ár sem keppt er í Nürburing og er viðeigandi að frumraun Mick komi þar sem beygja er nefnd eftir hinum goðsagnarkennda Michael.

Mick hefur áður keyrt Formúlu 1 bíl á undirbúningstímabilinu og sem hluti af sérstökum sýningahringjum til að heiðra Michael sem er enn sigursælasti ökuþór allra tíma. Michael heldur enn þann dag í dag til á heimili sínu eftir alvarlegt skíðaslys fyrir tæpum sjö árum. Mikil leynd hvílir yfir ástandi hans en fjölskyldunni hefur tekist að halda stöðunni leyndri.

Það var snemma ljóst hvert hugur Mick leitaði. Níu ára gamall var hann farinn að keppa í akstursíþróttum undir nafni móður sinnar til að forðast athyglina sem myndi fylgja Schumacher-nafninu og sautján ára gamall var hann kominn í Formúlu 3. Tveimur árum síðar er hann í afar vænlegri stöðu í baráttunni um heimsmeistaratitil ökuþóra í Formúlu 2 á öðru tímabili sínu þar þegar tvær keppnir eru eftir. Á sama tíma heyrast raddir um að honum verði boðið sæti hjá Alfa Romeo, sama bílaframleiðanda og hann keyrir fyrir í dag, á næsta tímabili við hlið Kimi Räikkönen í Formúlu 1.



**Mick stefnir hraðbyri að meistaratitlinum í Formúlu 2.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Ég held að það séu ansi margir spenntir að sjá frumraun Mick, bæði aðdáendur og forráðamenn liðanna í Formúlunni. Þeir vita hvaða áhrif það myndi hafa að fá Schumacher inn í keppnina,“ segir Kristján Einar Kristjánsson formúlusérfræðingur sem heldur úti hlaðvarpinu Pitturinn þar sem fjallað er um Formúlu 1. Aðspurður sagðist Kristján ekki muna eftir að slík eftirvænting hafi verið eftir mörgum ökuþórum.

„Það var gríðarleg spenna þegar Nelson Piquet kom inn í þetta á sínum tíma en ég man varla eftir annari eins spennu og fyrir Mick síðan ég fór að fylgjast með þessu. Vinsældir Formúlunnar náðu hámarki þegar Michael var á toppnum.“

Aðspurður segir Kristján að pressan sem fylgi nafninu sé bæði kostur og galli.

„Nafnið er á sama tíma mikill kostur og bölvun. Schumacher-nafnið hjálpaði klárlega til að koma honum að hjá Ferrari því um tíma leit út fyrir að hann myndi ekki standast þær væntingar sem gerðar eru til Schumacher-nafnsins. Á sama tíma voru keppinautar hans í akademíunni að standa sig frábærlega. Hann var góður en ekki frábær. Á þessu tímabili hefur hann verið frábær sem gefur honum þetta tækifæri og líklegast sæti í Alfa Romeo á næsta ári,“ segir Kristján sem er fyrst og fremst spenntur að sjá drenginn spreyta sig.

„Mjög spennandi að sjá hann, fáum ekki að sjá mikið í fyrstu, verður tilfinningaríkt fyrir þá sem fylgdu Michael en hann er spennandi kandídat og það verður gaman að fylgjast með framhaldinu hjá honum. Þetta er í takt við ákvarðanirnar sem hafa verið teknar undanfarin ár. Það hefur átt sér stað mikil endurnýjun og yngri ökuþórar eru að fá tækifærin fyrr.“

**kristinnpall@frettabladid.is**

# Fólk

FÖSTUDAGUR 9. OKTÓBER 2020



Guðmundur hefur gaman af að grúska og safna ýmsum sögulegum heimildum. MYND/GUÐRÚN HALLDÓRA

# Mikilvægt að geta starfað við fagið

Guðmundur Magnússon vinnur nú að heimildarmynd um flugslys sem varð hér á landi árið 1943. Handritið er styrkt af uppbyggingarsjóði Suðurnesja sem styrkir menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum. →2

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.
ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA
gjoridsvovel.is

Meiri orka og minni sykurlöngun!



Framhald af forsíðu ➪



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Guðmundur segist frá unga aldri hafa lagt rækt við söfnun og varðveislu heimilda frá Suðurnesjum og skráningu þeirra. Efnið hefur hann lagt fram öðrum til skoðunar, fróðleiks og ánægju.

„Þegar eru komnar mikilvægar heimildir, sem annars hefðu lent í glatkistunni, frá aðilum sem nú eru fallnir frá,“ útskýrir hann.

„Sagan af þessu flugslysi hefur verið á listanum yfir þau sögulegu atvik sem ég vil fjalla um áður en ég lendi sjálfur í kistunni.“

Flugslysið átti sér stað þann 3. maí 1943 þegar sprengjuflugvél hjá flugher Bandaríkjamanna af gerðinni B-24D Liberator fórst á Fagradalsfjalli á Reykjanesskaga. Öll áhöfnin fórst nema stélskyttan George A. Eisel sem komst lífs af. Í heimildarmyndinni Lest we forget mun Guðmundur fjalla um efnið á annan hátt en það hefur verið gert áður. Myndin er séð frá sjónarhorni George A. Eisel en hann verður leikinn af eldri manni.

„Mig langar að fjalla um þessa undarlegu tilfinningu að vera einn eftirlifandi einmana á fjalli langt frá allri byggð, óralangt frá heimili og ástvinum. Hvað hann var svangur og hversu mikið hann langaði í steik og franskar kartöflur. Og úrið sem hann hafði um úlnliðinn. Þetta var í annað sinn sem George A. Eisel lenti í flugslysi og í bæði skiptin bar hann þetta sama úr sem skaddaðist ekki. Þetta eru aðeins örfáir punktar um það sem vekur áhuga minn,“ segir Guðmundur.

### Verkefnið er samvinna margra listamanna

Handrit myndarinnar er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Tilgangur Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Suðurnesjum en uppbyggingarsjóðurinn er samkeppnissjóður.

„Það eru tíu manns sem koma að gerð myndarinnar á einhvern hátt. Það eru fjórir sem fá greitt núna fyrir handritsvinnu. Vinur minn Hilmar Örn Hilmarsson ætlar að gera tónlistina. Hinir eru einstaklingar sem hafa bundið sig verkefninu fái verkefnið framleiðslustyrk. Klippari, tökumaður, framleiðandi, tónlist, hljóðmaður og svo framvegis,“ segir Guðmundur en stefnan er að sækja um framleiðslustyrk til Kvikmyndasjóðs.



George A. Eisel á sjúkrahúsi en hann var sá eini sem komst lífs af eftir slysið á Reykjanesi.



Björgunaraðgerðir á slysstað.

**„Ég get ekki upplifað neitt í lífinu nema í gegnum linsuna og listina. Ég verð að kvikmynda allt.“**



Einn þeirra sem létust var Frank M. Andrews yfirhershöfðingi.

„Handritið er byggt á rannsóknarvinnu Friðþórs Eydal og eru handritaskrifin samvinnuverkefni milli mín og Hlínar Leifsdóttur rithöfundar. Handritið er 60 síður og verður þetta mynd í fullri lengd.“

Guðmundur segir að mikil vinna hafi farið í öflun gagna og myndefnis en að sú vinna hafi gengið vonum framar.

„Uppbyggingarsjóður hefur áður styrkt verkefni mín. Heimildamynd mín Guðni á trukknum fékk þar framleiðslustyrk fyrir nokkrum árum og það hefur mikið að segja. Sjónvarpið keypti sýningarrétt á myndinni og verður hún sýnd á komandi misserum. Það eru í raun fáir sjóðir sem menn eins og ég geta sótt um fjármagn til og því er það gríðarlega mikilvægt að hann sé starfræktur til að listamenn geti starfað við fagið. En ég er einmitt að sækja um styrk til sjóðsins aftur núna vegna áframhaldandi vinnu við myndina.“

### Ekki hefðbundin mynd

Myndin verður ekki hefðbundin heimildarmynd eða hefðbundin stríðsmynd eða hetjumynd eins og eru gerðar í Hollywood. Guðmundur vill birta raunsæja mynd af atburðinum.

**„Það eru í raun fáir sjóðir sem menn eins og ég geta sótt fjármagn í og það er gríðarlega mikilvægt að hann sé starfræktur.“**

„George A. Eisel sat fastur í flakinu í rúman sólarhring þar til honum var bjargað. Það eina sem hélt honum á lífi var regnið sem slökkti eldana sem brenndu nánast allt flakið. Einn þeirra sem lést var Frank M. Andrews yfirhershöfðingi Bandaríkjanna í Evrópu,“ segir Guðmundur.

„Flugvélin sem áhöfnin kallaði „Hot Stuff“ var fyrst til að ljúka 25 árásarferðum yfir meginland Evrópu sem sumum þótti mikið afrek þar sem margar slíkar voru skotnar niður af Þjóðverjum. Þá hét Bandríkjaher áhöfnum sprengjuflugvéla sem myndu ljúka 25 árásarferðum að þær mættu snúa heim. Þegar flugslysið átti sér stað höfðu þeir náð 31 ferð. Sagan segir að flugvélin hafi ætlað að lenda á Íslandi til þess að taka eldsneyti en brotlent í dimmviðri eftir nokkrar tilraunir til að lenda.“

Guðmundur segir að hingað til hafi því verið haldið fram að þessi atburður hafi mögulega breytt mannkynssögunni og að Andrews hafi verið ætlað það stóra hlutverk að verða yfirmaður alls herafla Bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni. Eftir að Andrews fórst komst það hlutverk í hendur Dwight D. Eisenhower að starfa sem æðsti yfirmaður leiðangurshers Bandamanna í Evrópu, en hann varð síðar forseti Bandaríkjanna.

„Það er samt ekki á hreinu hvert erindi flugvélarinnar var til Íslands og ekki öruggt að Andrews hafi verið boðin þessi staða en við munum vonandi geta upplýst það í myndinni.“

Guðmundur segir að Kvikmyndir og kvikmyndagerð hafi verið ástríða frá unga aldri.

„Það er meira lífsstíll en nokkuð annað. Ég hef haft það sem reglu að horfa á minnst eina mynd á dag og ég les um sögu kvikmyndanna á hverjum degi. Ég get ekki upplifað neitt í lífinu nema í gegnum linsuna og listina. Ég verð að kvikmynda allt. Áður en ég fór í kvikmyndanám þá ætlaði ég mér bara að gera leiknar kvikmyndir en í náminu fékk ég áhuga á gerð heimildamynda. Sérstaklega eftir að ég sá myndir Ara Alexanders, Ergis Magnússonar og Ólafs Jóhannessonar og komst í kynni við áhugavert og hæfileikaríkt fólk í bransanum sem kenndi við skólann. Aðalfyrirmyndin mín í kvikmyndagerð er Werner Herzog. Hann er Jesú okkar kvikmyndagerðarmanna.“

Auk þess að vinna að heimildarmyndinni um flugslysið er Guðmundur að þróa tvö kvikmyndahandrit í fullri lengd. Hann segir stefnuna alltaf hafa verið að fara í framhaldsnám í kvikmyndagerð erlendis.

„En vegna flughræðslu fer ég bara alls ekki til útlanda. Ég verð bara að bíða eftir að Listaháskólinn opni fyrir umsóknir í kvikmyndanám svo ég fái gráðu.“

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star
NÝJAR UMBÚÐIR
Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:




- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



JS WATCH CO. REYKJAVIK
Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi
ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA
Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.
Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www. gilbert.is eða www.jswatch.com.
JS Watch co. REYKJAVIK
GILBERT ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is
Kynntu þér málið á www.jswatch.com

# Ljúffengar bollakökur með kanil sem enginn stenst

**Þegar fjölskyldan er heima í huggulegheitum um helgar er ekkert betra en að eiga ljúfa samverustund við eldhúsborðið í kaffitímanum og snæða kökur sem bráðna í munni. Hér gefur Linda Ben uppskrift að kanilsykursbollakökum sem eru í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldu hennar.**

Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir



Við fengum Lindu Benediktsdóttur uppskriftahöfund og fagurkera til að deila með okkur uppskrift að dásemdarkökum fyrir helgarkaffið. Linda Ben rekur uppskriftasíðuna lindaben.is, ásamt því að taka allar myndir fyrir síðuna. Einnig heldur hún úti Instagramsíðunni instagram.com/lindaben þar sem hún deilir bæði uppskriftunum sínum og gefur innsýn inn í heimilislíf sitt. Hún er í sambúð og á tvö börn og veit ekkert betra en að eiga ánægjulegar stundir með fjölskyldunni í eldhúsinu.

*Nú ert þú að fara gefa út þína fyrstu uppskriftabók, segðu okkur aðeins frá tilurð hennar og hvar þú fékkst innblásturinn?*

„Ég hef alltaf haft það á bak við eyrað að einn daginn muni ég gefa út bók og er því búin að hugsa lengi hvernig hún eigi að líta út, hvernig uppskriftir eiga að vera í henni og svo framvegis. Ég fæ mikið af mínum innblæstri frá fjölskyldu minni. Ég elska að endurgera og þróa gamlar uppskriftir og svo geri ég mikið af því að kasta hugmyndum á milli minna nánustu og þróa þannig uppskriftir. Uppskriftirnar í bókinni koma úr öllum áttum, mest er af nýjum uppskriftum, einhverjar eru gamlar sem ég er búin að þróa áfram og gera enn þá betri en sumar eru lesendum góðkunnar og að mínu mati ótrúlega gott að hafa útprentaðar í bók.“

*Ertu til í að ljóstra upp nafninu á bókinni?*

„Bókin fjallar um mína fyrstu ást – Kökur – og það er einmitt nafnið á bókinni, Kökur.“ Linda hefur haft ástríðu fyrir matargerð og bakstri í mörg ár eins og hún segir sjálf frá. „Ég hef mikla ástríðu fyrir því að skapa góðan mat og kökur, bæði hollt og óhollt þar sem ég tel að jafnvægi þar á milli sé hinn gullni meðalvegur, að minnsta kosti fyrir mig og mína fjölskyldu. Ég legg afskaplega mikið upp úr því að gera kökurnar og matinn fallegan enda borðum við flest öll fyrst með augunum, svo með munninum. Það er líka gaman að bera eitthvað fram á borðið sem maður getur verið stoltur af. Þar sem ég er tveggja barna móðir og yfirleitt nóg að gera á heimilinu, legg ég mikið upp úr einföldum og fljótlegum uppskriftum sem bragðast vel. Kökurnar sem ég geri eru skreyttar með einföldum hætti og ég reyni að hafa vel flest áreynslulaust. Fegurðin leynist nefnilega oftar en ekki í einfaldleikanum.“

*Ertu til í að gefa okkur uppskrift að skotheldum kökum fyrir helgarkaffið?*

„Ég ætla að gefa ykkur uppskrift að æðislegum stórum kanilsykursbollakökum sem eru í miklu uppáhaldi hjá okkur fjölskyldunni. Það skemmtilega við bollakökubakstur er að hann hentar vel í þessu ástandi sem við lifum við, þá á ég við að þegar allir hafa borðað nægju sína af bollakökum þá er einfalt og þægilegt að setja afganginn í frysti þar til síðar.“



**Stórar kanilsykursbollakökur að hætti Lindu Ben.**



**Linda Ben er ástríðufullur bakari.**

## Krönsí toppur

- 30 g smjör
- 30 g hveiti
- 25 g sykur
- ¼ tsk. kanill

## Bollakökur

- 120 g smjör
- 150 g sykur
- 100 g púðursykur
- 2 egg
- 1 tsk. vanilludropar
- 350 g hveiti
- 3 tsk. lyftiduft
- ½ tsk. salt
- 200 ml AB-mjólk

## Kanilsykur

- 2 msk. sykur
- 1 tsk. kanill

**Glassúr**

- 100 g flórsykur
- 1 msk. vatn

Byrjið á því að útbúa krönsí toppinn með því að bræða smjör og bæta út í það hveiti, sykri og kanil. Hræra saman og leyfa því að stirðna á meðan kökurnar eru útbúnar. Þeytið saman smjör, sykur og púðursykur þar til létt og ljóst, bætið þá út í eggjunum, eitt í einu og þeytið vel á milli. Blandið vanilludropunum saman við. Í aðra skál skal blanda saman hveiti, lyftidufti og salti, bætið því út í eggjablönduna ásamt súrmjólk og hrærið saman þar til samlagað. Takið stór pappírs-muffinsform og raðið í muffins-álbakka, fyllið hvert form upp 2/3. Hrærið saman sykur og kanil, setjið 1/2 tsk. af kanilsykri ofan í miðjuna á hverri köku. Myljið krönsí toppinn yfir bollakökurnar og bakið inn í miðjum ofni við 200°C í u.þ.b. 20 mínútur eða þar til þær eru bakaðar í gegn.

Blandið saman flórsykri og vatni í skál, (þið gætuð þurft að setja örlítið meira af vatni eða flórsykri til þess að fá áferðina þykkfljótandi), dreifið yfir kökurnar.

Njótið hvers munnbita í huggulegheitum.

> **Ég legg afskaplega mikið upp úr því að gera kökurnar og matinn fallegan enda borðum við flest öll fyrst með augunum, svo með munninum.**

# Fyrirtækjagjafir

FÖSTUDAGUR 9. OKTÓBER 2020




**Árni Esra Einarsson, framkvæmdastjóri Margt smátt, segir að stærsti kosturinn við gjafakortin þeirra sé að fólk fær að velja eitthvað sem það langar í, þannig að gjöfin nýtist alltaf. Í flestum fyrirtækjum er breiður hópur og það getur verið mjög erfitt að finna gjöf sem nær bæði til allra aldurshópa og allra kynja og gleður þar af leiðandi alla jafn mikið.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Gjöf sem gleður örugglega alla

Hjá Margt smátt geta fyrirtæki fengið sérsniðin gjafakort fyrir starfsmenn. Þau fást í mismunandi verðflokkum og gefa aðgang að mörg hundruð vörum sem starfsmenn fá sjálfir að velja úr. →2

Framhald af forsíðu ➪

Fyrirtækið Margt smátt var stofnað árið 1988 og grunnurinn í starfsemi þess er sala og framleiðsla á auglýsingavörum. Í gegnum tíðina hefur fyrirtækið sinnt jólagjöfum til starfsmanna fyrirtækja og í fyrra tók það upp á þeirri nýjung að selja gjafakort sem geta verið sérsniðin að fyrirtækjum og bjóða starfsmönnum upp á að velja sér gjöf úr mörg hundruð möguleikum.

„Grunnurinn hjá okkur er að merkja alls kyns vörur: dagbækur, boli, húfur, fatnað og alls konar smádót. Við erum með 30 starfsmenn og stærstu prentdeild til að merkja vörur á landinu,“ segir Árni Esra Einarsson, framkvæmdastjóri Margt smátt. „Við erum best tækjum búin í þessu fagi hér á landi og getum bæði saumað bróderingar og merkt allt milli himins og jarðar, frá golfkúlum upp í loftbelgi og allt þar á milli.

Við erum búin að vera lengst í þessu hér á landi og í gegnum tíðina hafa um 80% af stærstu fyrirtækjum Íslands verið í viðskiptum við okkur. Okkar nafn er oft það fyrsta sem kemur upp í kollinn hjá markaðsstjórum og öðrum sem eru í leit að merktum vörum,“ segir Árni. „Við merkjum til dæmis fyrir Reykjavíkurmaraþonið og allt fyrir landsliðin í fótbolta og seljum líka landsliðsbúninga. Við komum víða við og þetta er mjög fjölbreytt starf hjá okkur.“

## Verðflokkar sem henta ólíkum fyrirtækjum

„Við höfum alltaf sinnt jólagjöfum til starfsmanna fyrirtækja. Í upphafi var algengt að gefa bakpoka, flísteppi eða yfirhöfn með merki fyrirtækisins en svo breyttust tímarnir. Eftir hrun fóru fyrirtæki meira að gefa matvæli og þá duttum við svolítið út úr þessu,“ segir Árni. „Síðan varð algengara að gefa alls kyns merkjavöru og þá vill fólk ekki endilega prenta merki fyrirtækisins á vörurnar.

Í fyrra byrjuðum við svo með þessi nýju gjafakort. Það gekk ótrúlega vel og mörg stórfyrirtæki nýttu þetta, til dæmis Advania og Coca-Cola,“ segir Árni. „Þetta virkar þannig að fyrirtæki gefa starfsmönnum þetta gjafakort, en þau fást í fimm mismunandi verðflokkum, frá 3.990-16.990 krónur, og hvert kort veitir aðgang að nokkur hundruð gjöfum sem starfsmaður velur úr í gegnum sérhannað vefviðmót. Það fylgja líka jólakort með gjafakortunum.

Þessi gjafakort henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum en til að fá sérhannað vefviðmót höfum við miðað við að fólki kaupi að minnsta kosti 50 stykki, en það er sveigjanlegt,“ útskýrir Árni.

„Svo bjóðum við að sjálfsögðu líka upp á almennar jólagjafalausnir fyrir fyrirtæki sem vilja frekar velja gjafirnar sjálf,“ segir Árni. „Við bjóðum til dæmis upp á sérmerktan fatnað, húsbúnað, eldunarbúnað og fleira.“



Gjafakortin eru ávísun á verðmæti og vörurnar sem fólk getur valið úr eru á heildsöluverði, svo sambærileg vara gæti verið mikið dýrari út úr búð.

## Fá mikið fyrir peninginn

„Kortin eru sérhönnuð fyrir fyrirtæki og þau ráða því hversu mikið þau skipta sér af hönnuninni. Þau geta látið okkur sjá um hana, sinnt henni alveg sjálf eða fengið auglýsingastofurnar sínar í þetta,“ segir Árni. „Þau geta flutt einhver skilaboð og aftan á kortinu eru svo leiðbeiningar og kóði sem er sleginn inn á vef og þá kemur upp sérhannað vefsvæði með viðmóti frá fyrirtækinu. Þar getur fólk valið sér eina gjöf sem er send heim að dyrum.

Það er allt mögulegt í boði. Það er hægt að fá hluti fyrir heimilið, útivistardót og alls kyns græjur, þannig að allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir Árni. „Það er líka alls kyns merkjavara í boði frá þekktum merkjum eins og Rosenthal, Wilson, Remington og fleirum, en þessi merki koma meira inn með dýrari kortunum.

Starfsmaðurinn sér ekki verðmæti kortsins, það er hvorki tala í kortinu né þegar hann velur gjöf, þannig að enginn veit hvað fyrirtækið er í raun og veru að gefa í peningum talið. Gjafakortin eru einfaldlega ávísun á verðmæti og vörurnar sem fólk fær að velja úr eru á heildsöluverði, þannig að sambærileg vara út úr búð gæti hæglega kostað tvöfalt eða jafnvel þrefalt meira en kortið gerði,“ útskýrir Árni. „Þannig að fólk fær mikið fyrir peninginn. Þeir sem kjósa geta líka látið andvirði gjafarinnar renna til góðs málefnis.“

## Gjöf sem nýtist

„Allt efnisval í gjöfum og pökkun fylgir mjög háum umhverfisverndarstöðlum þannig að þetta eru umhverfisvænar gjafir,“ segir Árni. „Kortin eru prentuð í Svíþjóð og send hingað en við siglum með þetta heim til að gera þetta sem umhverfisvænast, svo afhendingartíminn er á milli 2-3 vikur.

Þetta er náttúrulega sniðugt í COVID, það þarf ekki að fara og kaupa gjöf eða hitta neinn heldur kemur þetta bara heim að dyrum, sem er þægilegt og öruggt,“ segir Árni. „En stærsti kosturinn held ég að sé að fólk fær að velja eitthvað sem það langar í eða vantar þannig að gjöfin endar ekki bara inni í geymslu, heldur nýtist. Þetta er ekki síst kostur vegna þess að í flestum fyrirtækjum er breiður hópur og það er erfitt að finna gjöf sem nær bæði til allra aldurshópa og allra kynja.

Við viljum meina að þetta leysi margan hausverkinn fyrir mannauðsstjóra og deildir. Það er auðvelt að dreifa þessu og enginn er að fara að kvarta,“ segir Árni. „Það var líka almennt mikil ánægja meðal þeirra sem nýttu þetta fyrirkomulag í fyrra. Þetta var þægilegt, enginn kvartaði og upplifun starfsmanna var mjög jákvæð.“

Nánari upplýsingar um kortin má finna á http://margtsmatt.is/gjafakort/ og í síma 585-3500. margtsmatt.is.



Árni segir að gjafirnar séu umhverfisvænar, henti vel í faraldrinum og leysi margan hausverkinn fyrir mannauðsstjóra og -deildir, þar sem það er auðvelt að dreifa þeim og enginn muni kvarta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Hér má sjá vefviðmótið sem tók á móti starfsmönnum Coca-Cola þegar þeir nýttu gjafakortið.



Hvert gjafakort veitir aðgang að nokkur hundruð gjöfum sem starfsmaður velur úr.




Hér sést hvernig gjafakortið sem var gert fyrir Coca-Cola í fyrra leit út.

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is


Gefðu vellíðan um jólin
Spa | Hótel | Matarupplifun | Húðvörur
Slökun í töfrandi umhverfi er kærkomin eftir viðburðarríkt ár. Vellíðan, ró og næði einkenna Bláa Lónið og er tilvalin jólagjöf fyrir starfsfólkið þitt. Fjölbreyttir gjafamöguleikar í boði sem henta stórum og smáum fyrirtækjum.
BLUE LAGOON
ICELAND
blaalonid.is

# Hugsar mikið um notagildi gjafanna

**Valgeir Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Tölvuaðstoð, hefur sterkar skoðanir á fyrirtækjagjöfum. Honum finnst skemmtilegast að gefa persónulega gjöf sem nýtist vel og reynir að vanda valið.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Þar sem Valgeir rekur lítið fyrirtæki með aðeins fimm starfsmenn og tengslin við viðskiptavini eru oft persónulegri en hjá stórum fyrirtækjum leggur hann mikið upp úr því að gjafirnar sem hann gefur séu gagnlegar og persónulegar. Hann segist alltaf reyna að gefa starfsfólkinu jólagjafir og oft gefur hann viðskiptavinunum gjafir líka.

„Ég hef sterkar skoðanir á gjöfum til viðskiptavina. Ég passa mig að gefa ekki of mikið af þeim og gef þær ekki alltaf því ég vil líka leggja pening í aðra góða hluti eins og góð málefni. Ég gef reglulega í slíkt og held mig bara við ákveðin málefni því maður getur ekki styrkt alla þó mann langi. En þegar mig langar til að gefa viðskiptavinunum gjafir þá reyni ég að kaupa eitthvað sem þeir geta notað og hafa þörf fyrir. Stundum hef ég notað tækifærið og gefið gjöf ef eitthvað sérstakt er í gangi hjá viðskiptavinum svo ég gef ekki bara jólagjafir,“ útskýrir Valgeir.

„Ég hef oft gefið eitthvað klassískt eins og nammi og ég gaf einu



Valgeir segir að það að gefa viðskiptavinum gjafir sýni að hugsað sé til þeirra.

> **Að gefa viðskiptavinum gjafir skapar persónulegri tengsl.**

sinni te. Það eru allir að gefa kaffi og það er kannski auðveldara því flestir drekka kaffi, en ég ákvað að gefa te. Að gefa viðskiptavinum gjafir skapar persónulegri tengsl. Það sýnir að maður hugsar til þeirra, að maður lítur ekki bara á þá sem tekjulind. Við erum að lifa saman í þessu samfélagi, hvort sem það er fjölskyldan, vinir eða viðskiptavinir. Ég hitti viðskiptavini álíka oft ef ekki oftar en vini og ættingja. Það myndast oft mjög persónulegt samband við þá, sérstaklega þegar maður er búinn að vera með sama viðskiptavininn lengi. Ég vel þess vegna oft gjafir út frá hverjum og einum viðskiptavini. Yfirleitt fá samt allir eins, en þessi jólin er ég kannski með einhverja tvo, þrjá viðskiptavini í huga þegar ég vel gjöfina og önnur jól er ég með einhverja aðra í huga og gjöfin hittir í mark þar. Auðvitað lendir maður alveg í því þegar maður sendir það sama á 100 manns að sumt fer bara upp í hillu og er ekkert snert og sumt fer í ruslið. En ég reyni að velja eitthvað sem verður notað.“

Valgeir segir að þegar kemur að því að velja jólagjöf fyrir starfsfólkið hugsi hann líka um notagildið og reyni að gefa því eitthvað sem nýtist um jólin. „Mér finnst gaman að gefa þeim eitthvað sem nýtist yfir jólin. Kannski eitthvað sem endar á matarborðinu um jólin eða áramótin. Þá er maður með í matnum inni á heimilinu hjá þeim,“ segir hann og hlær.

„Það léttir líka alveg tvímælalaust undir ef maður gefur þeim hráefni sem getur nýst.“

Þegar Valgrein rifjar upp þær gjafir sem hann hefur fengið að gjöf frá fyrirtækjum þá rifjast upp fyrir honum ein nytsamleg gjöf sem hann saknar að fá í dag.

„Það var vegleg dagbók sem ég fékk árlega, þetta var gjöf frá fyrirtæki til fyrirtækis. En slíkar gjafir eru að mestu hættar í dag þegar allt er orðið rafrænt. En ég sakna þess að fá svona dagbók, þó ég sé tæknikarl þá notaði ég hana mjög mikið. En þetta er kannski ekki umhverfisvænasta jólagjöfin í dag þar sem stór hluti af þessum bókum fer örugglega ekki í notkun og umhverfisþátturinn er einmitt sá liður sem við viljum hafa í huga þegar við erum að gefa gjafir.“



# GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

STUTTUR AFHENDINGARTÍMI




**SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI**

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

# Fékk óbeina gjöf frá ráðherra

Guðríður Haraldsdóttir blaðamaður hefur einstaklega gaman af því að fá pakka og er dugleg að halda upp á afmæli. Henni finnst skemmtilegast að fá bækur en hefur fengið mjög óvæntar gjafir.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Gurrí, eins og hún er alltaf kölluð, hefur fengið margar góðar gjafir frá vinnuveitendum sínum. Sumar hafa verið betri en aðrar en hún segir þær flestar vera eftirminnilegar. Gurrí svaraði nokkrum spurningum um skemmtilegar jólagjafir frá vinnuveitendum og það stóð ekki á svörum hjá henni.

*Hefur þú einhvern tíma fengið skrítna jólagjöf frá vinnuveitanda?*

Árin 1982-1989 vann ég hjá fyrirtæki sem gaf okkur starfsmönnum lítinn kringlóttan olíulampa í jólagjöf ein jólin. Sá böggull fylgdi skammrifi að lampinn sæti var svo kirfilega merktur fyrirtækinu að mann langaði ekki að punta með honum heima hjá sér.

*Hefur þú einhvern tíma fengið eftirminnilega og skemmtilega gjöf?*

Undir aldamót fengum við sem vorum í fullu starfi á Aðalstöðinni sálugu glæsilegan Montblanc-penna. Mínum penna sem var vínrauður var því miður stolið nokkrum árum seinna og ég sé mikið eftir honum. Sú gjöf er kannski eftirminnileg vegna þess og einnig fyrir þær sakir að ég hefði aldrei tímt að kaupa mér slíkan dýrgrip á þeim lágu launum sem ég var á. Annars hafa jólagjafirnar sem ég hef fengið í gegnum árin frá vinnustöðum mínum verið hver annarri betri og skemmtilegri.

*Telur þú það hafa einhvern tilgang að gefa starfsfólki gjöf?*

Já, það er alltaf gott að gleðja starfsfólkið sitt og sýna því að það sé metið.

*Hvers konar gjöf myndir þú óska þess að fá ef þú mættir velja?*

Myndi vilja bók, bækur eru besta jólagjöfin. Þegar ég kvartaði sáran við mömmu (í kringum 1980) yfir því að fá bara eitthvað til heimilisins frá henni, reyndar rándýr rafmagnstæki, á meðan ég vildi bara bækur sá hún að sér og gaf mér tvær bækur næstu jól á eftir. Ég beið spenntust eftir að opna girnilega pakkann frá henni … sem geymdi matreiðslubók og Vinnan göfgar manninn. Mamma hlær enn þegar ég rifja þetta upp og segir þetta hafa verið óheppilega tilviljun. Einmitt.

> **„Ég beið spenntust eftir að opna girnilega pakkann frá henni …**

Þegar Oddi átti og rak Fróða um tíma fengum við starfsmenn tvær glóðvolgar bækur eftir vinsælustu höfunda landsins í jólagjöf. Það var æði.

Jafnvel þótt ég hafi árum saman lesið og skrifað um bækur fyrir Vikuna finnst mér frábært að fá bækur að gjöf. Ég kemst auðvitað ekki yfir allt þótt ég lesi hratt og alltaf er hægt að skipta ef maður hefur lesið bókina. Ég er þegar byrjuð að háma í mig jólabækurnar í ár, þetta er uppáhaldsárstíminn minn.

*Skiptir máli hvort gjöfin er dýr eða ódýr?*

Nei, það held ég ekki. Ég hef reyndar síðustu árin fengið fínar steikur og alls konar sælkeravörur sem telst nú ekki vera ódýrt en mér finnst alltaf gaman að fá gjafir, hvort sem þær eru dýrar eða ódýrar. Ég er orðin 62 ára og held að úr þessu vaxi ég ekki upp úr því að hlakka til að opna pakkana á aðfangadagskvöld.

*Finnst þér fólk metast sín á milli hvaða vinnustaður gefur flottast?*

Nei, ég hef ekki orðið vör við það. Ég man samt eftir augnabliks öfund út í Veru Knútsdóttur, sessunaut minn í Skagastrætó, sem fékk forláta hangikjöt frá vinnustað sínum, utanríkisráðuneytinu, í jólagjöf. Þá var Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Vinnustaður minn hafði nefnilega það árið gefið öllum hamborgarhrygg sem ég borða ekki. Vera fór að segja mér á leiðinni upp á Skaga að nú væru góð ráð dýr, fjölskylda hennar hefði óvart keypt tvöfaldan skammt af hangikjöti fyrir jólin og svo bættist þetta við, eða gjöfin úr vinnunni. Ég sýndi henni hamborgarhrygginn og spurði: „Viltu skipta?“ Hún rétti mér hangikjötið en þáði ekki hamborgarhrygginn sem endaði nú samt á góðu heimili. Hangikjötið sem ég fékk óbeint í jólagjöf frá Össuri var snætt á jóladag og bragðaðist sérlega vel.

*Opnar þú vinnugjöfina á aðfangadag eða þegar þú færð hana afhenta?*

Skömmu eftir afhendingu ef innihaldið er matarkyns og þarf að fara í kæli. Annars ekki fyrr en á aðfangadagskvöld með hinum pökkunum.

*Hvaða gjafir finnst þér vænst um sem þú færð í jólagjöf?*

Mér finnst vænt um þær allar.

*Hvers óskar þú þér í jólagjöf um næstu jól?*

Eitthvað matarkyns kemur sér alltaf vel svo framarlega sem það er algjörlega laust við hnetur, möndlur, döðlur og rúsínur …



Gurrí lenti í óvæntu og skemmtilegu atviki í Skagastrætó en hún býr á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# Gjöf frá 66°Norður er mikils virði

Gjafir og gjafakort frá 66°Norður hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina en fyrirtækið býður upp á mikið úrval af vönduðum vörum þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



**Starfsfólk 66°Norður tekur vel á móti viðskiptavinum af öllum stærðum og gerðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við erum íslenskt fyrirtæki, stofnað árið 1926, og höfum verið stór hluti af þjóðinni í öll þessi ár," segir Elín Tinna Logadóttir, sölu- og rekstrarstjóri fyrirtækja- og heildsölusviðs, en hún hefur starfað hjá 66°Norður um árabil.

„Við erum góður og traustur kostur í jólagjafamálum og höfum séð það að gjöf frá 66°Norður er mikils virði fyrir starfsmennina. Við leggjum mikla áherslu á gæði svo að starfsmaðurinn getur verið viss um að hann sé að fá gæðagjöf."

## Fjölbreytt vöruúrval

Elín segir vörurnar frá 66°Norður tilvaldar í pakkann á þessum tímum. „Gjöf frá 66°Norður er gjöf sem nýtist vel og á vel við í þessu ástandi. Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt og núna að fara út og hreyfa sig. Þar erum við með fatnað sem hentar alveg fullkomlega til þess og er gerður sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður."

Gjafakortin vinsælu henta flestum enda úr miklu að velja. „Vöruúrvalið okkar er mjög breitt og segjum sem svo að fyrirtæki ákveði að gefa starfsfólki sínu gjafakort frá okkur þá getur starfsmaðurinn notað það til að versla á sig sjálfan, makann, börnin eða jafnvel keypt á sig vinnufatnað ef út í það er farið."

Gjafakortin eru þá sérstaklega þægileg í notkun. „Gjafakortin okkar virka í vefverslunini okkar 66north.is sem er auðvitað mjög þægilegt núna í ástandinu sem við erum í og þá sérstaklega fyrir fyrirtæki sem eru ekki staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þá getur fólk valið jólagjöfina sína í ró og næði."

## Skemmtilegar lausnir

66°Norður býður upp á marga sniðuga valmöguleika og lausnir í gjafamálum. „Við erum líka með skemmtilegar lausnir þar sem hægt er að para saman fatnað og kort þannig að það sé hægt að gefa gjöf í fallegum umbúðum. Það hefur vakið mikla lukku."

Töskurnar frá 66°Norður hafa einnig hlotið góðar undirtektir. „Það sem hefur líka verið vinsælt eru töskurnar okkar en við erum með bakpoka, íþróttatöskur og mittistöskur. Þær hafa reynst mjög vel og koma í fjölbreyttu úrvali," skýrir Elín frá.

„Það sem er líka svo skemmtilegt við töskurnar er þessi mikla áhersla á sjálfbærni og þess háttar sem hefur verið stór hluti af okkur frá upphafi. Töskurnar eru framleiddar úr afgangsefnum sem falla til við framleiðslu á regnkápum og öðru þannig að það er sjálfbær og skemmtileg gjöf. Við erum líka með fatnað úr sjálfbærum og endurunnum efnum þannig að fyrir þau fyrirtæki sem eru að horfa í þá áttina þá erum við með mjög góðar og skemmtilegar sjálfbærar lausnir."

## Reynsla og þekking

Viðskiptavinir 66°Norður eru af öllum stærðum og gerðum. „Við þjónustum allt frá litlum fyrirtækjum yfir í sum af þeim stærstu sem eru hér á landi. Þegar þú ert kominn með fleiri starfsmenn þá er auðvitað gott að vera með eitthvað sem er ekki í stærðum en við höfum þjónustað mörg hundruð manna fyrirtæki þar sem hver og einn starfsmaður fékk jakka. Við erum alvön að þjónusta fyrirtæki við að finna réttu stærðina fyrir starfsfólk."

Starfsfólk 66°Norður býr yfir mikilli reynslu og sveigjanleika. „Það eru miklir reynsluboltar í teyminu og við erum komin með góða reynslu í að finna út úr því fyrir fólk hvað er rétt fyrir þess hóp. Við erum alltaf tilbúin að mæta þörfum hvers og eins fyrirtækis og finna réttu gjöfina. Við bjóðum upp á þá þjónustu að sérmerkja fatnað með fyrirtækjalógói ásamt því að útbúa gjafaumbúðir fyrir fyrirtæki þannig að gjöfin komi fullkláruð frá okkur, tilbúin til afhendingar."

## Gjöfin mikilvæg í ár

Að sögn Elínar hafa þau orðið vör við aukna viðleitni meðal fyrirtækja til að gleðja starfsfólk sitt undanfarna mánuði. „Við höfum séð mikla aukningu í gjöfum hjá fyrirtækjum og starfsmannafélögum sem vilja gleðja sína starfsmenn í núverandi ástandi. Þar sem ekki hefur verið hægt að halda stóra viðburði og þétta hópinn saman hafa margir farið þá leið að gefa 66°Norður sem hefur vakið mikla lukku."

Hún segist ekki búast við miklum breytingum á vali í gjöfum en telur að þær gjafir sem fólki fái í ár séu sérstaklega kærkomnar. „Ég held að valið verði svipað en jólagjöfin skiptir miklu máli í ár. Þegar árferðið hefur verið eins og það er þá mun starfsfólki þykja mjög vænt um þær gjafir sem það fær."

Vörurnar frá 66°Norður komi þar sterkar inn. „Við finnum það líka núna að af því að staðan er eins og hún er þá er gjöf frá 66°Norður eitthvað sem á mjög vel við. Við sjáum það vel að fólk er duglegra að fara út í göngur og hreyfa sig í íslenskri náttúru sem er náttúrulega algjör forréttindi að hægt sé að gera í þessu ástandi. Þar hentar 66°Norður fatnaðurinn alveg fullkomlega og er eitthvað sem hittir klárlega í mark."



Hægt er að fá 66°Norður-gjafirnar innpakkaðar og tilbúnar til afhendingar




Húfurnar frá 66°Norður eru vel þekktar meðal landsmanna.




**Gjafakortið hefur notið mikilla vinsælda.**



**Elín Tinna Logadóttir telur gjafirnar í ár hafa sérstakt vægi fyrir starfsfólk.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Bakpokarnir frá 66°Norður eru líka vinsælir í pakkann.



Jólagjöfin frá vinnustaðnum hitti beint í mark. „Allir voru rosalega ánægðir með að geta valið það sem þeim hentaði best,“ segir Svansí, sem vinnur hjá Sýn en þar hafa verið gefnar óvenjulegar gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Jólagjöfin kom í Ora-dós

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir hefur fengið skemmtilegar, hagnýtar og óvæntar jólagjafir frá fyrirtækinu sem hún starfar hjá. Hún er þegar farin að hlakka til að fá jólagjöfina í ár.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Svanhildur Ólöf, betur þekkt sem Svansí, var önnum kafin við að undirbúa afmæliskaffi þegar blaðamaður hafði samband en hún átti afmæli í gær. Svansí er deildarstjóri viðskiptastýringar hjá Sýn en undanfarin ár hefur fyrirtækið gefið starfsfólki sínu óvæntar og spennandi jólagjafir.

„Ein jólin fengu allir Ora-baunadós að gjöf, sem búið var að sérmerkja og setja í jólalegan búning. Á dósinni var sérstakur gjafakóði sem hægt var að slá inn í tölvunni klukkan sex á aðfangadag. Ég fór að sjálfsögðu inn á netið á aðfangadagskvöld og sló kóðann inn. Þá birtust á skjánum þrjár mismunandi jólagjafir sem hægt var að velja um. Þetta voru Bose-heyrnartól, ferðataska og gjafabréf í útivistarverslun,“ segir Svansí, sem valdi sér heyrnartólin þau jólin.

„Þetta hitti alveg í mark. Allir voru rosalega ánægðir með að geta valið það sem þeim hentaði best. Það sem mér finnst sniðugast við þetta er að hjá Sýn starfar stór hópur fólks, sem hefur mismunandi áhugamál og með þessu móti fá allir eitthvað sem þeir geta örugglega notað,“ segir Svansí.

Hún segir að sumir vinnufélaganna hafi þó ekki áttað sig á því að kóðinn var utan á Ora-dósinni. „Einn misskildi þetta aðeins og hélt að gjöfin væri falin ofan í dósinni og opnaði hana en þá blöstu auðvitað bara við grænar baunir,“ segir hún og skellihlær.

**Ég fór að sjálfsögðu inn á netið á aðfangadagskvöld og sló kóðann inn. Þá birtust þrjár jólagjafir sem hægt var að velja um.**

## Kertin og spilin leyndu á sér

Á síðasta ári var haft sama fyrirkomulag og í það skiptið fékk starfsfólk kerti og spil og á spilinu var gjafakóði. „Þá stóð valið á milli þess að fá Le Cruset-grillpönnu, útivistarbakpoka og þráðlausan hátalara,“ segir Svansí, sem reiknar með að jólagjafir Sýnar verði á svipuðum nótum í ár.

„Það er svo gaman að hafa smá sprell í þessu og nota hugmyndaflugið til að koma fólki á óvart. Hægt er að útfæra alls konar óvæntar gjafir með því að leggja höfuðið í bleyti,“ segir Svansí, en þetta eru eftirminnilegustu fyrirtækjagjafir sem hún hefur fengið. „Á mínum gamla vinnustað var vaninn að starfsfólk fengi gjafabréf í jólagjöf. Auðvitað kom það sér alltaf vel en það er líka skemmtilegt að fá eitthvað óvænt.“

## Undirbýr jólin snemma

Svansí er mikið jólabarn og kemst í jólastuð strax í september, við mismiklar vinsældir fjölskyldunnar. „Ég er farin að spá í jólin strax í september. Þá sendi ég börnunum mínum, foreldrum og systrum tölvupóst og segi þeim að nú líði senn að jólum og það sé kominn tími til að fá sendan jólaóskalista. Ég vil helst byrja að kaupa jólagjafir snemma, kaupa eina og eina og vera búin með jólagjafainnkaupin fyrir 1. desember. Það er svo gott að geta bara slakað á í desember og notið aðventunnar,“ segir Svansí.

Hún fær þó ekki að byrja að skreyta fyrr en í lok nóvember. „Heimilisfólkið bannar það! En ég tíni eitt og eitt skraut upp og set ljós í gluggana eitthvað fyrr,“ segir hún brosandi og bætir við að það sé þegar farið að huga að jólunum á vinnustaðnum. „Það er búið að ákveða jóladagskrána á Stöð 2, sem er í eigu Sýnar. Ingó Veðurguð verður með Jólagigg, sem verður sýnt á annan í jólum, og Áramótagigg á nýársdag. Eva Laufey verður með jólaboð og svo verða jólaþættir með BBQ kónginum,“ greinir hún frá.

Svansí mælir almennt með að hefja undirbúning jólanna snemma og styrkja íslenskt atvinnulíf með því að versla hér heima. „Við lifum á skrýtnum tímum og það hefur aldrei verið mikilvægara að vera í sambandi við annað fólk, þótt það sé bara í gegnum símann eða skjáinn, láta gott af sér leiða, styrkja góð málefni og gera eitthvað fyrir náungann. Núna er rétti tíminn til að hafa jólandann svífandi og hlýða Víði,“ segir Svansí að lokum.







TEPPI
Teppi er hlý, falleg og nytsamleg gjöf sem hentar öllum.
Teppin eru bæði til úr ull og bómull og fást í ótal litum og mynstrum.



SÆNGURFÖT
Sígild og endingargóð gjöf. Silkimjúk sængurföt
úr 100% percale bómull. Fjórir litir í boði.



VISKUSTYKKI & SERVÍETTUR
Sæt gjöf ein og sér eða falleg viðbót
við matarkörfuna sem lifir aðeins áfram.



KRUMMI
Klassísk íslensk hönnun sem fagnar 12 ára afmæli í ár.

**VIÐ BJÓÐUM UPP Á GLÆSILEGA GJAFAVÖRU.**
HÆGT ER AÐ SÉRSNÍÐA PAKKA EFTIR ÓSKUM.
info@ihanna.net / **www.ihanna.net**

*Verðlaunaðar íslenskar hönnunarvörur sem lífga upp á heimilið.*

# Fullkomin gjöf fyrir sælkera

Bjarni Siguróli Jakobsson, Fannar Vernharðsson og Jóhannes Steinn Jóhannsson eru eigendur veisluþjónustunnar NOMY. Þeir bjóða glæsilegar matarkörfur til gjafa fyrir jólin.

NOMY er hágæða veisluþjónusta, sem var stofnuð í fyrrasumar og hefur notið mikilla vinsælda. Eigendurnir, Bjarni Siguróli, Fannar og Jóhannes Steinn, hafa allir unnið við sitt fag á nokkrum af bestu veitingahúsum landsins. Auk þess hafa þeir keppt með íslenska kokkalandsliðinu og unnið til fjölda verðlauna á sínu sviði, bæði hérlendis og erlendis, þar með titilinn „Kokkur ársins“ þrisvar sinnum.

Þeir hafa einnig átt fulltrúa Íslands í heimsmeistarakeppninni Bocuse d'Or og náð góðum árangri þar.

## Gæðin í fyrirrúmi

Hjá NOMY er lögð áhersla á fagmennsku og framúrskarandi mat, og er hvergi gefið eftir hvað varðar gæði.

Hjá NOMY er undirbúningur jólanna nú að hefjast en í ár verður meðal annars hægt að velja um jólasmárétti, jólahlaðborð, jólaplatta, jólahádegishlaðborð og jólamat í heimahúsi. Þá fást glæsilegar matarkörfur hjá NOMY, sem eru hlaðnar góðgæti. Þær henta fullkomlega sem gjöf fyrir starfsfólk og viðskiptavini. „Matarkörfurnar henta bæði sem jólagjöf, eða tækifærisgjöf. Valið stendur um fjórar mismunandi körfur, en einnig er hægt að panta körfur sem eru sérsniðnar að óskum viðskiptavina,“ segir Bjarni.

## Heimsendingar

Undanfarið hafa matarkörfurnar notið mikilla vinsælda, enda fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem vilja gleðja starfsfólk og viðskiptavini, ekki síst nú þegar margir þurfa að vinna að heiman. „Það er til dæmis mjög sniðugt að senda matarkörfu eða veislupakka til starfsfólks sem situr saman á fjarfundi, og svo opna allir körfurnar á sama tíma. Þetta hristir hópinn saman og skapar mjög skemmtilega stemmningu. Stundum er eitthvað óvænt og skemmtilegt í körfunum. Það er ekkert heilagt í þessum efnum,“ segir Jóhannes.

Það er hægt að gera sér glaðan dag, sama hvaða dagur vikunnar er, og fá matarkörfu frá NOMY senda heim að dyrum. Matarpakkar fyrir fjarfundi eru sérsniðnir eftir óskum hvers fyrirtækis fyrir sig en oftast innihalda þeir smáréttapakka, súkkulaði og drykk. Svo sjáum við um að keyra veitingarnar heim til fólks,“ segir Fannar.

## Gjafabréf vinsæl gjöf

Hjá NOMY er einnig hægt að fá gjafabréf, sem hefur verið vinsæl til gjafa. Þá getur fólk einfaldlega valið sér sjálft það sem hentar því best hjá NOMY.



Bjarni Siguróli, Fannar og Jóhannes Steinn, eigendur veisluþjónustunnar NOMY, hafa allir keppt með íslenska kokkalandsliðinu og unnið til fjölda verðlauna á sínu sviði, bæði hérlendis og erlendis, þar með titilinn „Kokkur ársins“ þrisvar sinnum. Þeir útbúa alls kyns myndarlega gjafir sem bragð er að fyrir jólin. MYNDIR/ BJORN ARNASON

„Hvort sem um er að ræða jólahlaðborð hjá starfsmannafélaginu, jólasmárétti í hádeginu, jólaboð fyrir viðskiptavini eða veislu fyrir vinahópinn í heimahúsi, matarkörfur til gjafa eða gjafabréf, þá leysum við málið,“ segir Fannar.

Hægt er að skoða allar gjafakörfur og matseðla og panta á vefsíðunni www.nomy.is.






Veisluþjónustan NOMY býður upp á veislu fyrir vinahópinn í heimahúsi.

## Lúxuskarfa NOMY

**Sælkeravörur ásamt heimalöguðu góðgæti sem meistarakokkar hafa framleitt með ást og fagmennsku!**

- Ostaþrenna: Ostarnir þrír úr Dölunum: Auður, Ljótur og Kastali
- Trönuberja- & portvínssulta
- Toast Melba-kex

**Kjötskurðarí**

- Hráskinka
- Sítrónumarineraðar Mantequilla-ólífur
- Heimalagað stöff
- Nomy graflax
- Sinnepssósa
- Grafin gæsabringa
- Reykt gæsabringa

**Það sem sælkerinn þarf að eiga**

- Hvít truffluolía
- Kaffi frá Kvörn
- Salt frá Saltverk
- Súkkulaði frá Omnom



## Happy Hour

**Tilvalin tækifærisgjöf fyrir notalega kvöldstund!**

- Bakaður ostur (klár í ofninn)
- Íslenskur camembert með trufluhunangi, ristuðum hnetum og toast melba- kexi

– Einfaldar eldunarleiðbeiningar fylgja –

**Sætt**

- Súkkulaðitrufflur með blóðappelsínuganache og hnetupralín
- Súkkulaðihjúpaður brómberjamarengs
- Lifrænt freyðite
- Copenhagen Sparkling Tea 750ml

## Sælkerakarfa

**Sælkerakarfa sem hittir beint í mark!**

- Ostaþrenna
- Ostarnir þrír úr Dölunum: Auður, Ljótur og Kastali
- Trönuberja & portvínssulta
- Toast Melba-kex
- Kjötskurðarí
- Hráskinka
- Sítrónumarineraðar Mantequilla-ólífur

**Það sem sælkerinn þarf að eiga**

- Hvít truffluolía
- Kaffi frá Kvörn
- Salt frá Saltverk
- Súkkulaði frá Omnom



NOMY er með allt sem þarf fyrir glæsilegt jólaboð.



Jólasmáréttirnir eru vinsælir.

# Neyðaraðstoð í jólapakkann

**UNICEF býður sem fyrr Sannar gjafir sem veita börnum í neyð aðstoð. Mikil aukning hefur orðið í sölu á slíkum gjöfum hjá fyrirtækjum. Göfugur tilgangur í stað hefðbundinna jólagjafa.**



Það eru margir sem leggja hönd á plóg við að koma hjálpargögnum á rétta staði í heiminum.

Stefán Örn Gíslason, verkefnastjóri hjá UNICEF á Íslandi, segir að eins og fyrir undanfarin jól verði Sannar gjafir í boði fyrir fyrirtæki sem vilja gleðja starfsmenn sína með góðum verkum. „Þetta eru gjafabréf sem fyrirtæki kaupa í nafni starfsmanns og við sjáum um að gjöfin komist þangað sem þörfin er mest hverju sinni. Dæmi um Sannar gjafir eru bóluefni, jarðhnetumauk fyrir vannærð börn og hlífðarbúnaður á borð við grímur fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem er að glíma við COVID-19 í efnalitlum samfélögum. Gjafirnar eru á mismunandi verði og við getum sett saman sérstaka pakka fyrir hvert og eitt fyrirtæki,“ útskýrir Stefán. „Sum fyrirtæki hafa gefið tíu bólusetningar á hvern starfsmann og sett miða þess efnis á aðra gjöf. Hvert bóluefni gegn mislingum kostar ekki nema 57 krónur,“ segir hann. „Vítamínbætt jarðhnetumauk sem er nauðsynlegt í baráttunni gegn vannæringu kostar 50 krónur pokinn. Það er hægt að setja saman í pakka bóluefni og jarðhnetumauk, grímur, moskítónet og hvað sem fyrirtæki óska eftir.“

### Leynivinagjöf með fallegri hugsun

UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, er leiðandi í hjálparstarfi fyrir börn í heiminum, berst fyrir réttindum barna á heimsvísu og sinnir bæði langtímauppbyggingu og neyðaraðstoð. Stefán segir að UNICEF sjái árangur af starfinu á hverjum degi. Það hefur aukist mjög mikið undanfarin ár að fyrirtæki kaupi Sannar gjafir handa starfsmönnum og sleppi því að kaupa óþarfa. Það getur líka verið vandasamt að velja einhvern hlut sem hentar mismunandi smekk hvers og eins starfsmanns, en þó vilja allir láta gott af sér leiða.

„Það sem skilgreinir Sannar gjafir er hversu gjöfin kemur að góðum notum hjá þeim sem þurfa á henni að halda. Sannar gjafir eru lífsnauðsynleg hjálpargögn. Þeir sem kaupa gjafirnar fá í hendur gjafabréf en einnig er hægt að útbúa það rafrænt. Sumir vilja gera sérstaklega merkt jólakort sem við getum sérhannað eftir óskum hvers og eins,“ segir Stefán og bætir við að Sannar gjafir séu líka frábær leynivinagjöf en oft eru slíkir leikir á vinnustöðum fyrir jólin. „Það er hægt að kaupa gjöfina á netinu og þarf ekki einu sinni að fara af vinnustaðnum til að redda gjöf,“ segir hann. „Þetta er falleg hugsun í pakkann, hjálpargögn sem koma sér vel. UNICEF sér svo um að koma gjöfunum þangað sem neyðin er mest.“

> **Það er mikil þörf fyrir Sannar gjafir í heiminum og ánægjulegt þegar fólk vill láta gott af sér leiða.**

### Mikilvægt starf

UNICEF hefur einnig komið að hjálparstarfi í flóttamannabúðum og hefur haldið uppi menntun barna í mörgum af stærstu flóttamannabúðum í heimi. Þar fá börn námsgögn og nauðsynlega kennslu. „Við erum á vissum svæðum að sjá heila kynslóð alast upp í flóttamannabúðum og það er mjög mikilvægt að þessi börn fái menntun, en hægt er að styðja við þá vinnu með því að kaupa námsgögn í gegnum Sannar gjafir,“ segir Stefán.

„Það er mikil þörf fyrir Sannar gjafir í heiminum og það er ákaflega ánægjulegt þegar fólk vill láta gott af sér leiða með því að veita öðrum aðstoð.“



Svona pakki getur bjargað barni í neyð. Þetta er vítamínbætt jarðhnetumauk sem UNICEF sendir og getur bjargað lífi vannærðra barna.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni sannargjafir.is en einnig má hafa samband við Stefán í gegnum netfangið stefang@unicef.is



Stefán Örn heldur hér á gjafapökkum UNICEF sem veita börnum hjálp í neyð. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI















Hotel Rangá

Gjafabréf á Hótel Rangá henta vel í jólapakkann. Lúxusgisting og einstök matarupplifun á margrómuðum veitingastað.

Hótel Rangá er tilvalinn staður fyrir þá sem vilja koma í slökun eða nýta sér fjölbreytta afþreyingu á svæðinu allt árið um kring.

Sérsniðin gjafabréf að ykkar óskum.

487 5700 • hotelranga@hotelranga.is • www.hotelranga.is



Hrafnalínan er sígild og er vörulínan fjölbreytt, allt frá handklæðum og ilmkertum yfir í kaffibolla, fylgidiska og ullarteppi.




Sigríður Haraldsdóttir til vinstri og Eydís Ólafsdóttir til hægri. Báðar eru hönnuðir hjá Vorhúsum og kynna nú glænýjar og spennandi línur.




ChitoCare handkremið er íslensk vara og sómir sér vel í jólapakka með fallegu handklæði frá Vorhúsum.



Garðveislulínan frá Vorhúsum er glæsileg og á við allt árið um kring.

# Gleði fylgir hverri gjöf

## Íslenska fyrirtækið Vorhús framleiðir vinsælar vörur sem Íslendingar þekkja. Vörurnar hafa fengið góðar viðtökur hjá starfsfólki fyrirtækja.

Vorhús hefur ávallt lagt upp með hönnun á fjölbreyttum vörum sem henta breiðum aldurshópi. Vinsælustu og þekktustu vörurnar eru kaffibollar sem skarta bæði Garðveislumynstri Sveinbjargar, er samanstendur af reyniviðarlaufum, berjum og þröstum; og einnig Hrafnamynstrinu. Jafnframt hafa handklæði, ullarteppi og ilmkerti verið afar vinsæl, sér í lagi þegar kemur að jólagjöfum fyrirtækja.

„Við höfum jafnvel fengið þakkarpósta frá mannauðsstjórum sem segja okkur frá því að sjaldan hafi vali á jólagjöf verið jafn vel tekið. Þetta er afar dýrmætt fyrir okkur að heyra, því að það getur oft verið erfitt að finna gjafir sem henta öllum,“ segir Eydís Ólafsdóttir, markaðs- og sölustjóri Vorhúsa og einn af hönnuðum fyrirtækisins. Hún bætir við að fyrirtækið vandi afar vel til verks við innpökkun til að starfsmenn fái fallega pakka sem gaman er að opna.

Vorhús hafa átt í góðu samstarfi við önnur íslensk fyrirtæki og má þar nefna Súkkulaðikaffihús Fríðu og Primex, ChitoCare frá Siglufirði. „Við bjóðum því upp á margs konar vörur í fyrirtækjagjafirnar. Þá má til dæmis velja saman handklæði frá Vorhúsum með handáburði eða húðkremi frá ChitoCare eða kaffibolla frá Vorhúsum og súkkulaðiplötu frá Fríðu í jólapakkann.“

### Ný vefverslun auðveldar fyrirtækjum jólagjafakaupin

Vorhús eru að leggja lokahönd á sérstaka vefverslun fyrirtækja þar sem gjafakaup eru gerð einfaldari og aðgengilegri. „Við höfum fundið fyrir breyttum áherslum fyrirtækja í gjafamálum og vildum einfalda þeim aðgengi að flottum gjafapökkum og þægilegu pöntunarferli. Þú sækir einfaldlega um aðgang í nafni fyrirtækis á vorhus.is, undir flipanum fyrirtækjagjafir. Svo má skoða ýmsar tillögur að gjöfum og fá tilboð í kaupin. Þetta sparar tíma, bæði hjá okkur og fyrirtækjastjórnendum við að finna réttu gjafirnar hverju sinni.“

### Horft til nærumhverfisins á faraldurstímum

Á tímum efnahagsþrenginga sem ganga nú yfir er mikilvægt að fyrirtæki styðji við innlenda verslun, framleiðslu og rekstur. „Ég held að allir Íslendingar geri sér grein fyrir því að ástandið bitnar á fjölbreyttum rekstri og starfsemi. Því sé enn mikilvægara að standa vörð um íslensk fyrirtæki og halda tryggð við þau í gjafakaupum fyrir jólin. Ég held líka að starfsmenn kunni vel að meta gjafir sem koma frá innlendum aðilum og hönnuðum, en það var einmitt raunin árin eftir efnahagshrunið fyrir um áratug. Við þurfum að standa saman sem samfélag. Þess vegna hafa Vorhús lagt aukna áherslu á samvinnu við önnur íslensk fyrirtæki á árinu. Þá komum við með nýjungar núna fyrir jólin sem eru hannaðar og framleiddar alfarið hér á landi.“

### Spennandi nýjungar í ár

Ný og spennandi jólalína Vorhúsa kemur í sölu í lok október og byrjun nóvember og kallast Einiber. Hönnuður línunnar er Eydís Ólafsdóttir. „Einiber vísar til jólalagsins Göngum við í kringum einiberjarunn, sem er mörgum Íslendingum hjartfólgið.“ Línan inniheldur viskustykki, servíettur, skurðarbretti og viðarbakka. Jafnframt kemur í sölu jólaórói úr tini og pappírsklipp af kramarhúsi sem er skemmtileg nýjung og hentar vel um jólin á jólatréð eða í gluggann.

Önnur ný hönnunarlína kemur úr smiðju Sigríðar Haraldsdóttur og nefnist Villiblóm. Línan er unnin út frá villtum blómum í íslenskri náttúru þar sem einblínt er á fegurðina í hinu smáa. Línan inniheldur viskustykki, servíettur, skurðarbretti og viðarbakka sem koma í sölu núna fyrir jólin. En ætlunin er að Villiblómalínan teygi úr sér í fleiri vörugerðir á nýju ári. Að sögn Sigríðar er íslensk náttúra svo fjölbreytt og skemmtileg að hún hefur getað unnið fjölda mynstra úr íslenskum villiblómum.

Sérhannað og sérsmíðað jólatré kemur svo úr smiðju Vorhúsa í ár. Jólatréð er um 130 cm á hæð, kemur í flötum pakka og er framleitt að fullu norðan heiða í Eyjafirði. „Það kemur ósamsett og er bæði auðvelt og skemmtilegt að púsla saman. Það þarf ekki einu sinni eina skrúfu!“ segir Eydís. Jólatréð var upprunalega hannað fyrir sýningu í París fyrir nokkrum árum og hefur eftir það verið notað til skrauts í verslun Vorhúsa. „Við fáum reglulega fyrirspurnir frá viðskiptavinum um að fá að kaupa þetta jólatré en höfum aldrei framleitt það til sölu fyrr en nú.“ Jólatréð verður framleitt í takmörkuðu upplagi og verður eingöngu til sölu í verslun Vorhúsa og í vefverslun. Þá verður jafnframt hægt að sérpanta það í magni óski fyrirtæki eftir því.

### Íslenskt hönnunarhús sem byggir á sterkum grunni

Íslenska hönnunarhúsið Vorhús var upphaflega stofnað af Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur fyrir tólf árum en skipti um nafn fyrir þremur árum því fleiri hönnuðir komu að rekstri og hönnun varanna. Vorhús hafa framleitt og selt yfir 500 vörutegundir á ferlinum og alla tíð státað af vandaðri og fjölbreyttri hönnun og úrvali fyrir fagurkera og fallegt heimili.

Vorhús starfa með fjölbreyttum hópi innlendra og erlendra framleiðenda, sem allir eru með vottanir fyrir umhverfisvæna framleiðslu. Vorhús hafa jafnframt átt gott samstarf við fjölbreytt fyrirtæki um gjafir og býr því að mikilli reynslu í þeim málum. „Við bjóðum upp á fría innpökkun og sendingarkostnað til fyrirtækja sem kaupa starfsmannagjafir hjá okkur. Með aðgangi að vefverslun fyrirtækja á vorhus.is eru kaupin einföld og aðgengileg fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Það ættu öll fyrirtæki að finna hentugar gjafir hjá okkur, fyrir allan starfsmannahópinn,“ segir Eydís að lokum.

Nánari upplýsingar á vorhus.is



Fjallalínan sígilda fæst meðal annars á ferðabollum.



Villiblómalínan heillar sumarlegar sálir.



Jólalínan Einiber frá Vorhúsum er hátíðleg og falleg. Hönnuður línunnar er Eydís Ólafsdóttir en línan vísar til jólalagsins „Göngum við í kringum einiberjarunn“.



# Ilmandi jólapakki með lokkandi ljúfum stundum

JÓLAPAKKINN Í BOÐI

**ELDUM RÉTT**

JÓLAPAKKINN

**Búðu til ógleymanleg augnablik yfir jólin og gefðu starfsfólkinu Jólapakkann frá Eldum rétt.**

Þú velur í jólapakkann þann rétt sem þú vilt hafa á þínu jólahlaðborði. Í boði eru nokkrir af vinsælustu jólaréttum landsmanna.

fyrir 4-6 manns



**Gljáður hamborgarhryggur**
*með hátíðarmeðlæti*



**Wellington nautalund**
*með bökuðum kartöflum, rósakáli og villisveppasósu*



**Vegan Wellington**
*með bökuðum kartöflum, rósakáli og villisveppasósu*

Pantaðu fyrir
**1. nóvember**

**eldumrett.is**

eldumrett.is/jolapakkinn    pantanir@eldumrett.is

# JÓLA- OG TÆKIFÆRISGJAFIR

## Hugmyndir fyrir fyriræki



ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR **LILJA BJÖRK KETILSDÓTTIR**
**LILJA.BJORK@ICEPHARMA.IS**

HOUDINI








**Houdini** er sænskt útivistarmerki í fremstu röð og framleiðir hágæða útivistarfatnað sem er bæði endurnýtanlegur og endurvinnanlegur. Fyrir utan hversu vandaðar og umhverfisvænar vörurnar eru þá eru þær sterkar og einstaklega flottar. Peysurnar frá Houdini eru ein vinsælasta varan, þær anda vel, eru hlýjar, sterkar og endingagóðar. Peysurnar fást í tveimur þykktum og mörgum fallegum litum.



**Desoli ullarfatnaðurinn** er gerður úr 100% merino ull. Einstaklega mjúkur og fallegur ullarfatnaður sem hentar fyrir allar árstíðir. Fæst í nokkrum litum.





**Hut Hat** eru einstaklega hlýjar og mjúkar húfur gerðar úr 100% lambaull.







**Desoli húfur og hólkar** gerðar úr 100% merino ull sem er hlý, andar vel og þornar fljótt.

01

HOUDINI

now

02

now

**Ilmolíulampi frá NOW**

- LED ljós í nokkrum litum. Hægt að slökkva á ljósinu
- Mjög hljóðlátur
- Fallegur á heimilið og á skrifstofuna
- Lampinn er úr gleri

Frá Now er til fjöldinn allur af góðum ilmolíum sem bæta umhverfið og heilsuna. Þessi ferna stuðlar að friði og ró.















**Nike íþróttatöskur og bakpokar.**
Sterkar og endingagóðar töskur með mörg hólf sem eykur notagildið.

**Nike Dri fit húfa**

- Mjúkt teygjanlegt Dri-fit efni sem andar mjög vel
- Hentar báðum kynjum og kemur í einni stærð

03



**CAMELBAK Eddy brúsar**

- Eddy brúsarnir eru með röri, hægt er að endurnýja bæði stút og rör
- Eddy kemur í 0,6l og 0,75l stærðum með lekavörn
- Hægt er að panta brúsana í 7 litum





**Chute Mag brúsar:**
Í Chute Mag er ekki rör. Í tappanum er segull sem heldur honum kyrrum þegar drukkið er.
Hægt er að færa lok á milli brúsa og þannig auka notagildið.

04

**Allir brúsarnir frá CAMELBAK eru:**

- 100% BPA, BPS og BPF fríir
- Endingagóðir
- Auðveldir í notkun
- Auðveldir í þrifum
- Mega fara í uppþvottavél

**Brúsarnir eru tilvaldir til merkinga.**





**Hot Cap:**

- 360° lok - hægt að drekka allan hringinn
- Einangraður - heldur heitu í 6 klst. og köldu í 10 klst.
- 100% BPA, BPS og BPF frír
- Endingagóður
- Auðveldur í notkun
- Ryðfrítt stál




GJAFABRÉFIN FRÁ VÖK BATHS
FRÁBÆR GJÖF




BÓKANLEGT
á www.vok-baths.is eða á hello@vok-baths.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



Ásdís Eir Símonardóttir er formaður Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Takk fyrir að vera hluti af teyminu

**Jólagjafir til starfsmanna fela í sér væntumþykju og þakklæti. Eftir krefjandi ár 2020 segir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi ærið tilefni til að gleðja starfsfólkið.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Aðventan og jólin eru tími þar sem flestir hugsa um hvernig þeir geta glatt fólkið í kringum sig. Fyrir fyrirtæki er því alveg eins farið; að gefa starfsfólkinu jólagjafir er tækifæri til að sýna væntumþykju, gleðja og að segja takk fyrir að vera hluti af teyminu,“ segir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðsráðgjafi hjá OR-samstæðunni og formaður Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi.

Ásdís Eir segir jólagjafir fyrirtækja hafa mikið gildi fyrir starfsfólkið.

„Það er gott að finna að vinnuveitandanum er ekki sama um þig á jólunum og að hann langi að gleðja þig á þessum tímamótum. Verðgildi gjafarinnar skiptir ekki öllu máli heldur frekar hlýhugurinn að baki.“

### Vandasamt val

Þegar starfshópurinn er fjölbreyttur segir Ásdís Eir geta verið vandasamt að finna gjöf sem hittir í mark hjá öllum.

„Sum fyrirtæki hafa farið þá leið að bjóða starfsfólki að velja á milli nokkurra ólíkra gjafa, til að tryggja að allir fái eitthvað sem hittir í mark. Mér finnst sjálfri geggjað þegar fyrirtæki gefa gjafir sem eru í takt við gildi þeirra og það sem þau standa fyrir. Það er síðan að sjálfsögðu alls konar sem passar ekki í jólapakka starfsfólks, eins og hlutir sem geta sært blygðunarkennd þess eða stríða gegn almennu velsæmi.“

> **Það getur reynst fyrirtæki dýrara að gefa ekki jólagjöf en að gefa. Óánægjan sem gæti skapast við að sleppa jólagjöfum fyrirvaralaust yrði líklega dýrkeyptari en kostnaðurinn við að gefa gjafir.**

### Rétti tíminn til að gleðja

Ásdís Eir er spurð hvort alfarið megi sleppa jólagjöfum af hendi vinnuveitenda.

„Ef ekki er tilefni til að gleðja starfsfólkið eftir þetta krefjandi tímabil sem árið 2020 hefur verið mörgum, hvenær þá? Það er auðvitað engin skylda að gefa jólagjafir en þetta er algeng leið til að sýna starfsfólki væntumþykju og þakklæti,“ svarar Ásdís.

„Ef fyrirtæki hefur alltaf gefið jólagjafir og ákveður svo að sleppa því eitt árið, þá væri klókt að útskýra ástæðuna vel og finna leið til að gleðja starfsfólk með öðrum hætti. Það getur reynst fyrirtæki dýrara að gefa ekki jólagjöf en að gefa. Óánægjan sem gæti skapast við að sleppa jólagjöfum fyrirvaralaust yrði líklega dýrkeyptari en kostnaðurinn við að gefa gjafir.“

Þá sé fallegt að framkvæmdastjórinn eða forstjórinn láti persónulega kveðju fylgja jólapakkanum.

„Hugurinn á bak við að gefa jólagjöf er að gleðja og sýna væntumþykju. Persónuleg kveðja með pakkanum er áhrifarík leið til að koma þeim skilaboðum á framfæri,“ segir Ásdís Eir.

### Óvæntur glaðningur

Sé efnahagur fyrirtækja bágur í aðdraganda jóla segir Ásdís Eir mikilvægt að koma fram af einlægni.

„Því miður kreppir skórinn hjá sumum fyrirtækjum vegna heimsfaraldursins nú og ef staðan er þannig að jólagjafakaupin skipta miklu máli fyrir reksturinn er nauðsynlegt að útskýra stöðuna vel frekar en að sleppa jólagjöfinni fyrirvaralaust og gera ráð fyrir að starfsfólkið fylli í eyðurnar. Ef ekki er svigrúm til jólagjafa er mikilvægt að vera hreinskilinn og útskýra það. Fallegt og persónulegt bréf frá forstjóra eða framkvæmdastjóra, þar sem staðan er útskýrð, væri starfsfólki áreiðanlega mjög mikilvægt.“

Sjálf hefur Ásdís fengið margar frábærar og hugulsamar gjafir frá sínum vinnuveitendum í gegnum tíðina.

„Sú eftirminnilegasta er samt líklega litið ferðasnyrtisett sem ég fékk fyrir mörgum árum. Ég vann þá í hlutastarfi meðfram háskólanáminu, sem spyrill hjá fyrirtæki sem sá um alls konar viðhorfskannanir. Fyrstu jólin mín þar átti ég alls ekki von á að fá jólagjöf – ég vann bara nokkur kvöld í mánuði – og ég man hvað það kom mér á óvart að þau skyldu líka hugsa til mín. Gjöfin var hvorki stór né dýr, en hún gladdi hlutastarfsmanninn mig heilan helling,“ segir Ásdís Eir, sællar minningar.




# Vilt þú gleðja starfsfólkið þitt?

Það er fátt skemmtilegra en að gleðja starfsfólk og viðskiptavini með gómsætu súkkulaði í aðdraganda jólanna. Í tilefni af 100 ára afmæli Nóa Síríus voru framleiddir fjórir nýir konfektmolar sem nú þegar hafa vakið mikla lukku. Komdu starfsfólkinu þínu og viðskiptavinum á óvart með ljúffengu súkkulaði eða öðrum sérsniðnum gjafalausnum fyrir þitt fyrirtæki. Sætustu gjafirnar eru alltaf bestu gjafirnar.



## Konfektkassar

Klassísku Nóa Síríus konfektkassarnir. Mikið úrval stærða og með möguleika á innpökkun.




## Sérmerktar öskjur

Hannaðu þitt eigið útlit á sérmerktar öskjur í ýmsum stærðum.



## Gjafakörfur

Gjafakörfur með broti af því besta, fullkomnar fyrir góðar samverustundir.




## Konfekt

Hið ómissandi Nóa konfekt í 560g, 800g og 1kg öskjum. Fullkomið fyrir kaffistofuna eða fundarherbergið.




## Öskjur

Nokkrar stærðir af öskjum fylltum af innpökkuðu súkkulaði til að deila.




## Sérmerkt smástykki

Innpakkaðir molar til að deila með starfsfólki og viðskiptavinum.

NÓI SÍRÍUS

Hafðu samband! Við tökum við fyrirspurnum og pöntunum í síma 575 1800 eða með tölvupósti á noi@noi.is

Nóa Konfekt









# YAY fyrir skemmtilegri og neytendavænni jólagjöf

Fyrirtækið velur upphæð, starfsmaðurinn velur gjöfina. Fyrsta flokks afþreying, verslanir, spa, hótel og veitingastaðir. Persónuleg gjöf sem minnir á sig og kemur í veg fyrir að gjafabréfið glatist eða gleymist. Enginn kostnaður og lengri gildistími en á öðrum gjafabréfum.



Ari Steinarsson er framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins YAY.

Gjafabréfalausn YAY reyndist best til þess fallin að gefa Íslendingum Ferðagjöfina í sumar, þegar Stafrænt Ísland, ásamt sérfræðingum og ráðgjöfum, skoðuðu lausnir frá meðal annars bönkum og fjártæknifyrirtækjum til að koma rafrænu gjafabréfi til landsmanna," segir Ari Steinarsson, framkvæmdastjóri YAY.

Ari segir valið á YAY gefa til kynna hversu einfalt og aðgengilegt kerfið er, bæði fyrir notendur með gjafabréf í YAY-appinu, sem og Ferðagjöfina, og ekki síður fyrirtækin sem taka á móti gjafabréfunum.

„Við erum afar stolt af árangrinum," segir Ari. „Það er líka mikil viðurkenning fólgin í því að NOVA, sem í áraraðir hefur verið valið Þjónustufyrirtæki ársins, sé að nýta sér YAY-gjafabréfalausnina til að sýna þakklæti sitt til viðskiptavina sinna og um leið að styrkja viðskiptasamband sitt við þá og nýta meðal annars YAY-lausnina í leiki innan sem utan fyrirtækisins og verðlauna þátttakendur með YAY-appinu."

## YAY er lausnin fyrir jólagjöf starfsmanna

„Með YAY-gjafabréfappinu verður gjafavalkvíði og tímafrekt utanumhald stjórnenda og mannauðsstjóra úr sögunni, án þess þó að missa persónulegu snertinguna. Upplifun viðtakandans er mjög eftirminnileg því með gjöfinni fylgir hlý kveðja frá forstjóra eða næsta yfirmanni í formi vídeókveðju eins og þekkist í Snapchat og Messenger og er innbyggt í YAY-kerfinu. Þá er einnig hægt að senda texta með gjöfinni," útskýrir Ari um rafræna lausn YAY sem stjórnendur hafa tekið fagnandi og fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér til að gefa viðskiptavinum sem og starfsmönnum.

**Gjafabréfaapp YAY hefur slegið í gegn. Það sparar bæði tíma og fyrirhöfn og er auðvitað umhverfisvænn kostur. Það minnir líka notendur á gjafabréfin sín og kemur í veg fyrir að þau renni út, gleymist eða týnist.**

„Það sem stjórnendur eru ánægðastir með er að YAY-kerfið leysir allt utanumhald þegar kemur að gjöfunum sjálfum og á sama tíma verða starfsfólkið og viðtakendur enn sáttari með gjöfina sína og upplifunina. Viðtakandinn ákveður svo sjálfur hjá hvaða fyrirtæki hann innleysir gjafabréfið, hvort sem það er hjá FlyOver Iceland, Hilton Spa, Húrra Reykjavík, á úrvals veitingastað eða með hótelgistingu og svo framvegis. Frelsið er viðtakandans og gefandinn hittir beint í mark með persónulegri gjöf," segir Ari.

## Minnir viðtakendur á gjafabréfin sín

Fyrirtæki hafa verið mjög dugleg að nýta sér YAY-lausnina við hvaða tækifæri sem er, eins og á konudaginn, í sumargjöf, við hópefli, afmæli eða önnur tímamót starfsmanna. Gjafabréfin eru líka vinsæl í sölu- og þjónustukeppnir innan fyrirtækja og ekki síður fyrir úthlutun verðlauna til viðskiptavina og þátttakenda vegna Facebook-leikja fyrirtækja og annarra viðburða.

„Gjafabréf YAY hafa slegið í gegn og sparað heilmikið utanumhald og tíma fyrir fyrirtækin sjálf sem og viðtakendur. Það er svo rétt hægt að ímynda sér umhverfisverndina og tímasparnaðinn sem er fólginn í þessari snertilausu lausn, svo ég tali nú ekki um verðmætin sem YAY-lausnin kemur í veg fyrir að glatist eða gleymist í skúffum landsmanna og renni jafnvel út," segir Ari og vísar í að YAY-appið minni notendur á gjafabréfin sín og komi þannig í veg fyrir að þau renni út, gleymist eða týnist.

„Loksins!" hafa margir sagt við okkur," segir Ari.

Allar nánari upplýsingar um YAY má finna á **yay.is**


UPPLIFUN
Í JÓLAPAKKANN
„ÞETTA VERÐA ALLIR AÐ PRÓFA"
Gefðu einstaka upplifun í jólapakkann.
Gjafabréf hjá FlyOver Iceland gildir á allar
sýningar en fyrirhugaðar eru tvær gestasýningar
árið 2021. Sýningin er ein sú fremsta í heiminum
og er öllum aðgengileg.
Hafðu samband til að fá tilboð fyrir þitt starfsfólk:
sales@flyovericeland.is eða í síma 527 6700
*Upplýsingar um upplifun & öryggi eru að finna á FlyOverIceland.is
FlyOver ICELAND

# Hagnýtar og hugulsamar gjafir

**Nú líður senn að jólum og eflaust ýmsir sem spyrja sig hvað sé viðeigandi að gefa á þessum einkennilegu COVID-tímum. Hér eru hugmyndir að gjöfum í takt við nýjan og breytilegan veruleika.**



Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Það er mikilvægt að gleyma ekki gleðinni, náungakærleikanum og samkenndinni í óvissunni og óttanum sem einkennt hefur síðastliðna mánuði. Hér eru nokkrar hugmyndir að gjöfum sem eru bæði hagnýtar og hugulsamar á COVID-tímum.

### Heilsubætandi gjafir

Það hefur aldrei verið mikilvægara að huga að heilsunni og styrkja ónæmiskerfið eins og um þessar mundir. Heilsubætandi gjafir af öllu tagi eru því tilvaldar í pakkann þessi jólin. Eitt helsta heilsufarsvandamál samtímans er streita en langvarandi streita veikir ónæmiskerfið og eykur líkurnar á þróun ýmissa sjúkdóma. Það væri þannig hægt að gefa gjafir sem stuðla að slökun á borð við baðsalt, andlitsmaska, naglasnyrtisett, djúpnæringu í hárið, skrúbba og fleiri snyrtivörur. Enn betra væri falleg gjafakarfa með nokkrum litlum hlutum sem nýtast í heimadekri.

Eitt helsta meðalið gegn streitu er hreyfing og þar af leiðandi upplagt að gefa vörur sem gerir fólki kleift að stunda aukna hreyfingu. Til dæmis er hægt að gefa góða leikfimidýnu, æfingateygjur, ketilbjöllu, lóð eða annað sem gerir fólki kleift að stunda líkamsrækt heima, íþróttaskó eða útifatnað sem nýtist í útiveru. Einnig væri hægt að gefa vandaða fjölnota andlitsgrímu, jafnvel með sóttvarnasetti eða fallegt úr.

Fleiri hlutir sem eru hjálplegir við slökun og vellíðan heima fyrir eru til dæmis góður koddi, kósýteppi, náttsloppur, hlýir sokkar eða inniskór. Auk þess væri hægt að gefa gott te, vítamín, bætiefni, fallega drykkjarflösku sem auðveldar meiri vatnsdrykkju eða heyrnartól sem nýtast vel við hreyfingu og slökun.

### Heimilisgjafir

Nú þegar fólk er hvatt til að halda sig heima eftir fremsta megni er líka þrælsniðugt að gefa gjafir sem koma sér vel í heimaverunni. Það getur verið eitthvað í eldhúsið sem nýtist við matargerð eins og uppskriftabók, teketill, kaffivél (með góðu kaffi að sjálfsögðu), vönduð panna, vínflaska, matjurtir, konfektkassi nú eða bara klassísk matarkarfa með vel völdum sælkeravörum.

Aðrir hlutir sem stuðla að notalegri heimveru eru til að mynda hátalari, planta í fallegum potti, vel lyktandi ilmkerti eða lampi sem gefa heimilinu hlýlegan og notalegan blæ. Þá er vitaskuld alltaf sígilt að gefa bók sem hægt er að gleyma sér í, púsl eða spil sem fjölskyldan getur dundað sér við.



**Heimilisofbeldi og fátækt hefur aukist margfalt um heim allan í kjölfar COVID.**

> **Heilsubætandi gjafir af öllu tagi eru því tilvaldar í pakkann þessi jólin.**

### Táknrænar gjafir

Þá hefur jafnframt aldrei verið jafnáríðandi að láta gott af sér leiða eins og núna þegar mannkynið stendur frammi fyrir þessu krefjandi og margþætta vandamáli sem COVID er. Það er sælla að gefa en þiggja og því upplagt í ár að slá tvær flugur í einu flugi og gefa gjöf sem raunveruleg þörf er á. Jólin eru jú tíminn þar sem við hugum, eða ættum í það minnsta að huga, að náunganum og þá einkum okkar minnstu systrum og bræðrum.

Því miður, líkt og spáð hafði verið frá upphafi faraldursins, hefur heimilisofbeldi aukist gríðarlega samhliða vaxandi atvinnuleysi og fátækt á heimsvísu. Eymdin og vonleysið sem fylgir fátækt og óstöðugleika bitnar verst á konum og börnum sem eru víða fullkomlega berskjölduð fyrir ofbeldi.

Mikið úrval er af táknrænum gjöfum hjá samtökum á borð við Rauða krossinn, Unicef og UN Women. UN Women bjóða til dæmis upp á þrjár táknrænar jólagjafir í ár sem miða að því að hjálpa konum sem farið hafa illa út úr faraldrinum. Gjafirnar eru sóttvarnapakki fyrir konur í Bangladesh, önnur er sæmdarsett fyrir konur í Beirút og sú þriðja er styrkur til sóttvarnaathvarfs fyrir þolendur heimilisofbeldisins í Eþíópíu. Sóttvarnaathvarfið var stofnað sérstaklega til að mæta vaxandi fjölda kvenna sem hafa þurft að flýja ofbeldi í kjölfar COVID.

Ef að óvissa ríkir um hvað skuli gefa, ef viðtakandinn „á allt“ eða bara ef vilji er fyrir hendi að hjálpa bágstöddum og láta gott af sér leiða þá eru gjafir af þessu tagi alltaf viðeigandi og hægt er að vera fullviss um að gjöfin hitti í mark.



# GEFÐU SAMVERU, GEFÐU INNEIGN HJÁ A4

*Fyrirtækið velur upphæðina, starfsfólkið velur gjöfina*

Nú þegar haustar bíður jólahátíðin okkar handan við hornið ásamt dýrmætum samverustundum með þeim sem okkur þykir vænt um. Tími sem gefur okkur hlýtt í hjartað og tengir okkur við það sem virkilega skiptir máli í lífinu.

Nú getur þú gefið starfsfólki þíns fyrirtækis tækifæri á gleðilegum stundum þar sem skapandi upplifun og samvera leika aðalhlutverkið. Með inneign frá A4 þarft þú ekki að ákveða hvað hverju þykir best því úrvalið er nánast endalaust.

Þú velur þá upphæð sem fyrirtækinu hentar og starfsfólkið velur það sem því hentar. Hvort sem það eru ferðatöskur fyrir upplifunina, spil fyrir samveruna, gjafavara fyrir fegurðina eða óteljandi vörur fyrir sköpunina þá finnst eitthvað við allra hæfi hjá okkur.

**Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu A4 í síma 5800000 eða sendu póst á sala@a4.is fyrir nánari upplýsingar**.

*Gefðu samveru...*
*gefðu inneign hjá A4*



# Jólahefðir fyrir vinnustaði

**Skemmtilegar hefðir geta verið mikilvægar til að skapa góðan vinnuanda og styrkja liðsheildina á vinnustað. Hér eru nokkrar hugmyndir um leiðir til að njóta aðdraganda jólanna saman.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is





**Ljótupeysukeppni er klassísk skemmtun fyrir jólin. Hún getur verið skemmtileg leið til að breyta til og létta stemmninguna á vinnustaðnum.** MYND/GETTY

Skemmtilegar hefðir eru eitt af því besta við jólin og það er um að gera að skapa skemmtilegar jólahefðir innan vinnustaða til að kæta mannskapinn og hrista hann saman. Það veitir nú heldur ekkert af öllu sem hressir fólk við á þessum síðustu og verstu tímum.

### Farið yfir árið

Það er hægt að setja saman spurningaleiki með spurningum um það sem gerðist í sögu fyrirtækisins á árinu og láta fólk keppast um að sýna þekkingu sína. Það þarf ekki að vera mikið í húfi og það er hægt að gefa fólki glaðning fyrir að vera með í stað þess að láta fólk keppa um verðlaun.
Það er líka hægt að setja saman svipmyndir og klippur frá starfi ársins í skemmtilegt myndband og njóta þess saman.

### Uppákomur og ferðir

Það er erfitt að skipuleggja ferðir eða samkomur núna vegna covid, en á litlum vinnustöðum þurfa sóttvarnarreglur kannski ekki að vera mikil fyrirstaða og það er líka alltaf hægt að hittast á netinu. Á netinu er hægt að spjalla, spila tölvuleiki saman, borða saman eða jafnvel fá sér í glas og ef það er hægt að hittast í eigin persónu er hægt að fara í alls kyns borðspil og leiki, á kaffihús eða veitingahús eða njóta þess að horfa saman á jólamynd.

### Hver á ljótustu peysuna?

Ljótupeysukeppni er klassísk skemmtun fyrir jólin, enda bjóða jólapeysur almennt upp á meiri fjölbreytni í ljótleika en fyrirfinnst annars staðar. Þetta getur verið leið til að breyta til, létta stemmninguna og fá fólk til að taka upp á alls kyns frumlegum lausnum til að vinna.

> **Það er hægt að setja saman spurningaleiki með spurningum um það sem gerðist í sögu fyrirtækisins á árinu.**

### Skreytið saman

Það getur verið gaman að skreyta vinnustaðinn saman með fallegu jólaskrauti. Það er tilbreyting og getur búið til skemmtilega jólastemmningu. Það er til dæmis hægt að hvetja fólk til að koma með heimagert jólaskraut eða halda keppni í hvaða einstaklingur eða deild skreytir best. Vinningurinn getur verið fallegt jólaskraut fyrir heimilið, eða jólaskrautskeppni næsta árs.

### Gjöf til góðgerðamála

Það er hægt að safna ýmsu saman og gefa til góðgerðamála eða bara einfaldlega leggja saman í púkk til að styrkja gott málefni. Það eru alltaf einhverjir sem þurfa hjálp við að eiga gleðileg jól, ekki síst á covid-tímum.

### Leynivinaleikir

Allir setja nafnið sitt í skál og svo dregur hver og einn nafn og þarf þá að kaupa jólagjöf handa viðkomandi. Það getur síðan verið gaman að giska á hver gaf hverjum hvað. Það er samt gott að koma sér saman um verðmæti gjafanna, svo einn kaupi ekki iPhone á meðan aðrir koma með tekönnu eða heklaðan ofnhanska.

### Jólaveislur eru alltaf fjör

Jólaveislur eru auðvitað klassískar, en þær verða trúlega með öðru sniði en vanalega þetta árið. En þær standa alltaf fyrir sínu og ef fólk getur komið saman á öruggan hátt geta þær verið mikilvægur þáttur í að byggja upp góðan starfsanda með því að leyfa fólki að eyða tíma saman utan vinnustaðarins.



# Allir vilja jólapakka frá ELKO

**Vellíðan, hreyfing og dekur eru í öndvegi á jólagjafalistanum hjá ELKO í ár. Þangað er gaman að koma til að velja spennandi og góðar gjafir sem gleðja og hitta í mark í jólapökkum fyrirtækja.**

Það eru margir komnir snemma í jólaskapið en mörg fyrirtæki voru farin að skoða jólagjafir fyrir sitt fólk strax í september,“ segir Stefán Pétur Kristjánsson í fyrirtækjaráðgjöf ELKO.

Stefán segir gott að hafa svolítinn fyrirvara á jólagjafapöntunum ef um stórar pantanir er að ræða.

„Það er ekki seinna vænna en að fara að huga að jólapökkum til starfsmanna því pantanir frá sumum birgjum taka allt að þrjár vikur. Í ljósi aðstæðna í heiminum af völdum kórónaveirunnar er gott að reikna með örlítið meiri sendingartíma en áður.“

Stefán mælir sérstaklega með sjö æðislegum jólagjöfum í jólapakka fyrirtækja í ár, á mismunandi verðbili.

„Á jólunum gildir góður hugur og kærleikur þegar jólagjafir eru valdar og fókusinn okkar í ELKO í ár er hreyfing, dekur og vellíðan. Gjafirnar sem við völdum í jólapakkana eru allt hlutir sem hitta í mark og henta breiðum hópi fólks. Það er alltaf gaman og velþegið að fá spennandi raftæki í jólapakkann, en úrvalið nær allt frá snjalltækjum upp í heimilistæki eða lífsstílsvöru,“ segir Stefán.

## Gjafir við allra hæfi

Fyrsta gjöfin sem Stefán nefnir í jólapakkann frá ELKO er fjölnota vatnsflaska frá Chilly's.



„Chilly's vatnsflöskurnar eru falleg og gagnleg gjöf sem fellur í kramið hjá langflestum og ekki skemmir fyrir að þær eru á þægilegu verði. Flöskurnar eru úr 304 ryðfríu stáli, koma í fallegri gjafaöskju og fást í 40 mismunandi litum og mynstrum. Þær halda köldu í 24 tíma, heitu í 12 tíma og loftþéttur tappi kemur í veg fyrir að leki úr brúsanum. Flöskurnar fást í fjórum stærðum, 260 ml, 500 ml, 750 ml og 1,8 lítra,“ upplýsir Stefán um gjöf sem er vís til að slá í gegn.

Önnur spennandi jólagjöf í pakkann frá ELKO eru glæsileg skjágleraugu frá Barner.

„Gleraugun eru með bláljósasíu sem getur minnkað þreytu í augum og bætt svefn þeirra sem sitja við tölvuskjáinn allan liðlangan daginn. Hönnunin á Barner gleraugunum er einstaklega falleg en þau koma í mörgum gerðum og litum og einnig er hægt að bæta við sólgleri sem klemmist á gleraugun. Barner-skjágleraugun eru eiguleg og kjörin gjöf til starfsmanna sem vinna fyrir framan tölvuskjá,“ segir Stefán.

## Vellíðan og gleði í fyrirrúmi

Kærkomin gjöf í jólapakka starfsfólks er nuddrúlla frá Freego.

„Nuddrúllan frá Freego hentar flestum. Hún er sterkbyggð og kjagast ekki með tímanum, með fimm mismunandi stillingum og fleti sem veitir mismikinn þrýsting. Hún er frábær í vefjalosun og er einfaldlega lagst ofan á rúlluna sem sér þá um nuddið og



**Stefán Pétur tekur á móti jólagjafapöntunum hjá fyrirtækjasviði ELKO.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




**Skjágleraugu frá Barner eru kærkomin jólagjöf þeirra sem vinna við tölvuskjái. Þau draga úr þreytu og bæta svefn.**






vöðvabólga og stirðleiki fer á bak og burt. Rafhlöðuending er fjórir tímar,“ segir Stefán.

Tvenns konar heyrnartól eru einkar spennandi jólaglaðningur í fyrirtækjagjafir hjá ELKO.

„Annars vegar eru það Happy Plugs Air 1 Plus þráðlaus heyrnartól (e. True wireless). Þau eru sænsk og afar smekklega hönnuð með afburða hljómgæðum. Heyrnartólin koma í fjórum fallegum litum, þau eru svita- og vatnsþolin, nett og þráðlaus og með allt að 40 stunda rafhlöðuendingu, en líka hraðhleðslu. Þá er hægt að hlusta í allt að 90 mínútur eftir aðeins tíu mínútna hleðslu,“ upplýsir Stefán.

Hin heyrnartólin eru Galaxy Buds Live frá Samsung.

„Þau eru fullkomlega þráðlaus (e. True wireless), vatnsvarin og með óaðfinnanlega góð AKG hljómgæði. Heyrnartólin eru með virkri hljóðeinangrun og „ambient“ hljóðstillingu sem þýðir að allt skvaldur og áreiti hverfur en samt heyrist vel í þeim sem talar við þig. Hægt er að stjórna virkni heyrnartólanna með því einu að snerta þau, til dæmis að hækka, lækka og skipta um lag,“ segir Stefán um Galaxy Buds Live sem fást svört, hvít og brons, og veita 29 klukkustunda spilatíma á aðeins einni hleðslu.




**Nýja Garmin-heilsuúrið er ein af jólagjöfunum í ár eins og þráðlaus heyrnartól og Hyper Massage Pro-nuddbyssan sem linar þreytta vöðva.**





## Fyrir heilsu og hamingju

Þegar kemur að heilsu og vellíðan bendir Stefán á gjöf sem seldist í bílförmum fyrir síðustu jól en seldist þá upp.

„Það er Hyper Massage Pro 2 nuddbyssan. Í fyrra vorum við ekki komin með hana nógu snemma til að hafa tiltækar í jólagjafir fyrirtækja en nú eigum við nóg til. Byssan er frábær fyrir stífa vöðva, hún eykur blóðflæði og liðleika. Hún er með 20 mismunandi stillingum fyrir titring og sex nuddhausa, veitir 3.300 högg á mínútu og er mjög góð til að vinna á bólgum, þreyttum vöðvum og harðsperrum,“ upplýsir Stefán um nuddbyssuna sem slegið hefur í gegn og er með 60 mínútna rafhlöðuendingu, en henni fylgir bæði taska og hleðslutæki.

Síðast en ekki síst nefnir Stefán nýja Garmin-heilsuúrið í jólapakka starfsmanna.

„Garmin-úrið er æðisleg græja. Það er með hreyfingar-, hjartsláttar- og súrefnismæli og það mælir svefngæði. Það er með GPS-búnaði, 4GB minni og hægt er að setja Spotify beint í úrið, fara í ræktina og geyma símann heima. Þá er hægt að tengja við það Garmin Pay og borga beint með úrinu. Því þarf ekki annað en þetta flotta úr til að fara að heiman og maður er með allt til alls,“ segir Stefán um Garmin-heilsuúrið sem kemur í fjórum glæsilegum útfærslum og litum og er með allt að sex daga rafhlöðuendingu.

„Allt eru þetta glæsilegar og spennandi jólagjafir sem gleðja



**Nýja Garmin-heilsuúrið er með allt til alls. Því er nú hægt að fara í ræktina og skilja símann eftir heima.**

þau sem gjafirnar þiggja, en ef svo vill til að gjöfin hittir ekki í mark erum við með skilarétt til 24. janúar á öllum jólagjöfum,“ segir Stefán.

Hjá ELKO er einnig boðið upp á innpökkun jólagjafa gegn vægu gjaldi, sem Stefán segist hafa mælst vel fyrir undanfarin jól.

„Það er ekki annað en að hringja, panta og sækja jólapakkana til okkar. Mörg fyrirtæki taka því fegins hendi að losna við umstangið sem fylgir því að pakka inn gjöfunum og sú þjónusta hefur sótt í sig veðrið. Það eina sem þarf er að hafa samband við mig, Stefán, á stefan@elko.is og öllum fyrirspurnum er svarað fljótt og örugglega með verðtilboði í magnpantanir. Gott að tilgreina strax upplýsingar um starfsmannafjölda, afhendingartíma og verðbil og við komum með tillögur að jólagjöfum sem svo sannarlega gleðja.“

Sjá nánar á elko.is.

# Gjafakort sem hitta í mark

**S4S rekur 14 verslanir með fjölbreytt vöruúrval. Gjafabréf frá S4S hentar því vel sem jólagjöf til hóps fólks með ólík áhugamál. Hjá S4S bjóðast góð kjör á gjafakortum fyrir fyrirtæki og stærri hópa.**

Freyja Leópoldsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá S4S, segir gjafabréfin frá þeim frábæran kost í jólapakkann, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

„Það finna sér allir eitthvað við hæfi í einhverri af 14 verslunum S4S. Við rekum skóbúðirnar Steinar Waage, Kaupfélagið, Skechers, Ecco og Toppskóinn þar sem allir ættu að geta fundið góða skó fyrir sig, en við leggjum mikla áherslu á gæðamerki og fjölbreytt úrval. Við erum einnig með gott úrval af barnaskóm, en við vitum hversu mikilvægt er fyrir litla fætur að vera í vönduðum skóm.

Einnig rekum við Air-búðirnar í Kringlunni og Smáralind, sem eru sérhæfðar Nike-verslanir, en Nike hefur sjaldan verið vinsælla og það fyrir alla aldurshópa. Krakkar og unglingar vilja helst ekki klæðast öðru og fullorðnir þekkja gæðin í íþróttafatnaðinum. Við erum einmitt með mikið úrval af fatnaði og skóm fyrir útihlaupin, bæði innanbæjarhlaup sem og fjallahlaup.

Þá rekur S4S einnig Ellingsen, ævintýraverslun fjölskyldunnar, sem er bæði staðsett á Granda og á Akureyri. Það er gaman að segja frá því hér að Ellingsen á Akureyri mun flytja á næsta ári flytja í nýtt og glæsilegt 500 fm húsnæði sem stækkar búðina um meira en helming, og um leið mun vöruúrvalið aukast til muna. Þá fórum við í miklar breytingar á versluninni á Granda í byrjun ársins og er hún öll hin glæsilegasta. Í Ellingsen er til allt sem þarf fyrir útivist fjölskyldunnar, fatnaður og skór sem og stærsta rafhjólasetur landsins. Þá er S4S einnig með þrjár vefsíður, Skór.is, Air.is og Ellingsen.is," segir hún.



Freyja Leópoldsdóttir segir að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi í verslunum S4S. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Það hefur margt breyst á þessu ári og margar hefðbundnar jólagjafir passa ekki lengur. Útivist hefur aldrei verið eins eftirsótt og salan á útifatnaði, æfingafatnaði, gönguskóm og hlaupaskóm hefur aukist mikið. Þá hafa rafhlaupahjólin og rafhjólin slegið í gegn hjá öllum aldurshópum," segir Freyja og bætir við að hún hafi keypt sér rafhjól í vor og hafi fengið nýja ástríðu fyrir hjólaíþróttinni og hjólað mikið í sumar með börnunum, þar sem þau yngstu voru í hjólavagni aftan í. „Núna langar mig í fleiri rafhjól, langar bæði í fulldempað raffjallahjól til að fylgja eftir manninum mínum í því sporti sem og rafhlaupahjól til að nota í styttri ferðir og hafa í skottinu fyrir miðbæjarstússið."

### Gjafakortin frábær kostur

„Með gjafakortunum okkar geta fyrirtæki verið viss um að allir starfsmenn verði ánægðir og geti nýtt gjöfina fyrir sig, en það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi í verslunum okkar. Það þurfa allir skó og yfirhafnir. Auk þess bjóðum við góð kjör á gjafakortunum fyrir fyrirtæki og stærri hópa,"

> **Með gjafakortunum okkar geta fyrirtæki verið viss um að allir starfsmenn verði ánægðir.**

Aðspurð hvað verði heitasta jólagjöfin í ár, fyrir utan gjafakortið, nefnir Freyja sérstaklega Devold-ullarfatnaðinn frá Ellingsen, sem og hlýju Duggarapeysuna, gönguskó frá Ecco, Birckenstock-inniskó frá Steinari Waage og Tech Fleece-fatnað frá Nike.

„Við sjáum að fólk er þegar byrjað að versla jólagjafir og ljóst að þessar vörur munu rata í jólapakkann hjá mörgum. Ég gaf fjölskyldunni allri Devold-ullarföt í jólagjöf í fyrra og vakti það mikla lukku, nú er spurning hvort inniskór verði í öllum pökkum," segir Freyja.

Fyrirtækjasala S4S býður fyrirtækjum og stærri hópum einstök kjör á gjafakortum, fatnaði, skóm og öðrum vörum úr verslunum sínum, en hægt er að hafa samband í tölvupósti á netfangið sala@s4s.is eða í síma 544-2160.





S4S

GJÖF SEM GLEÐUR

Einfaldaðu gjafakaup til starfsmanna,
þú velur upphæðina - starfsmaðurinn velur gjöfina.

Gjafakort S4S er hægt að nota í öllum verslunum okkar, þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Útivist, fatnaður, skór, íþróttir, lífstíll og rafhjól.

Hafðu samband og fáðu tilboð fyrir hópinn þinn í netfangið sala@s4s.is eða í síma 544 2160

AIR / ECCO / ELLINGSEN / KAUPFÉLAGIÐ / SKECHERS / STEINAR WAAGE / TOPPSKÓRINN

# Stillið jólatónlist í hóf

Það getur verið gaman að spila jólatónlist á vinnustaðnum til að skapa hátíðlega stemmningu og flestir eru hrifnir af jólalögum og tengja þau við góðar minningar. En það þarf samt að stilla jólagleðinni í hóf, því það getur það verið skaðlegt fyrir geðheilsuna að heyra sömu lögin aftur og aftur.

Sálfræðingurinn Linda Blair sagði frá þessu fyrir um þremur árum síðan og það er við hæfi að rifja þetta upp núna þegar það styttist í 1. nóvember, en þá verður löglegt að spila jólalög.

**» Þetta bitnar sérstaklega á fólki sem starfar í verslunum.**

Þetta bitnar sérstaklega á fólki sem starfar í verslunum þar sem sama jólatónlistin hljómar frá morgni til kvölds. Blair segir að þetta fólk þurfi að hætta að hlusta á tónlistina til að geta einbeitt sér en að það verði til þess að þau eyði allri orkunni sinni í að heyra ekki það sem er í gangi.

Á móti kemur að skemmtileg jólatónlist og góð lykt fær viðskiptavini til að vilja eyða meiri tíma í verslunum, sem eykur sölu. En það má ekki bitna á heilsu starfsmanna. Þeir sem starfa á öðruvísi vinnustöðum þurfa líka að hafa þetta hugfast svo þeir angri ekki samstarfsfélaga sína of mikið.



**Það getur bitnað á andlegri heilsu að þurfa að hlusta á sömu jólalögin aftur og aftur.** MYND/GETTY



**Hvað leynist í jólapakkanum í ár?**

## Hvað gáfu fyrirtækin í fyrra?

Fjölmörg fyrirtæki bregða á það ráð ár hvert að gleðja starfsfólk sitt með fallegum og skemmtilegum jólagjöfum. Þá er vinsælt að gefa eitthvað matarkyns eða fallegar íslenskar hönnunarvörur. En hvað gáfu fyrirtækin fyrir jólin 2019?

Bankarnir gerðu vel við sitt fólk. Starfsmenn Arion banka hlutu fjörutíu þúsund króna gjafabréf og teppi frá íslensku barnafataversluninni As we grow. Landsbankinn gaf bankastarfsmönnum 45 þúsund króna gjafabréf frá Icelandair. Það er vonandi að það hafi nýst einhverjum vel. Íslandsbanki gaf svo starfsfólki sínu þrjátíu þúsund króna gjafabréf í Smáralind.

Stjórnendur Advania brugðu á það ráð að gefa starfsfólki tíu þúsund króna inneign í sænsku netverslunina getymygift.se eða val um að gefa sömu upphæð til valdra góðgerðamála.

Torg gaf starfsmönnum sínum svo gjafaöskju með Omnom-súkkulaði og gjafakort í Samkaup upp á tuttugu þúsund krónur. Morgunblaðið sendi hins vegar jólakveðju á starfsmenn þar sem greint var frá því að ekki væri gefin jólagjöf í ár vegna rekstrarörðugleika.



**Ljúffengur hummus er tilvalinn í matarkörfu grænmetisætunnar jafnt sem kjötætunnar.** MYND/GETTY

## Vegan matarkarfa

Því getur fylgt ákveðinn hausverkur að velja gjöf við flestra hæfi. Á það sennilega sjaldan betur við en þegar ákveðið er að gefa matarkörfur og taka þarf tillit til þeirra sem neyta ekki dýraafurða. Það þarf þó ekki að örvænta, bæði er margt í boði og þá eru líka ýmsar vörur án dýraafurða sem henta fleirum en einungis grænmetisætum. Meðal þess sem hægt er að gefa eru hnetur, ólífur, hummus, pestó, krydd, seitanvörur, þurrkaðir ávextir, vandaðar olíur og margar tegundir af víni og bjór. Þá er til mikið úrval af vegan súkkulaði og öðrum sætindum ásamt vegan osti af ýmsu tagi sem hægt er að para saman við vel valið kex og sultu. Sama hvað verður fyrir valinu þá mun viðleitnin vera afskaplega kærkomin.




Gómsætar gjafir

SÉRVALDIR ÍSLENSKIR OSTAR OG MEÐLÆTI

Veldu milli sex mismunandi ostakarfa og bættu við annarri matvöru, víni eða gjafavöru.

Frábær gjöf til viðskiptavina eða starfsmanna.




Kíktu á **ms.is** og skoðaðu úrvalið - einfalt og fljótlegt.



Fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja býður upp á köfunarferðir, meðal annars í Silfru á Þingvöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Öðruvísi jólagjafir

## Flestum reynist erfitt að velja jólagjafir. Hvað þá þegar fyrirtæki ætla að velja eina jólagjöf handa starfsliðinu.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Mörgum fyrirtækjum tekst oft vel upp og starfsmenn opna fallegan jólapakka á aðfangadagskvöld og hugsa hlýtt til vinnuveitanda síns. En það er erfitt og jafnvel ómögulegt að hitta í mark hver einustu jól. Sérstaklega þegar fjöldi starfsmanna hleypur á hundruðum.

Nú státa mörg fyrirtæki sig af því að fara eftir strangri umhverfisstefnu og þá getur verið erfitt að réttlæta það að kaupa upp lager af gjafavöru eða nytjahlut sem mögulega 50% starfsfólksins er ánægt með á meðan afgangurinn reynir að losa sig við gjöfina með því að gefa hana áfram, eða geyma heima hjá sér þar til hún fer í Sorpu í næstu flutningum. Kolefnissporið sem hlýst af þessari einu fallegu hugsun, það er við það að búa hlutinn til og flytja hann á milli landshluta og jafnvel á milli landa, er gríðarstórt.

Þegar svo ber undir að erfitt reynist að finna hentuga gjöf, þá er um að gera að leita á óhefðbundnari slóðir. Því það er vel hægt að gera vel við starfsfólk sitt án kolefnisspors. Sífellt fleiri fyrirtæki eru farin að sjá virði í því að gefa upplifanir í jólagjöf. Þá er að auki fjöldinn allur til af rafrænum gjöfum sem gaman er að gefa og það besta er að það þarf ekki að kosta neina mengun. Svo eru líka til skemmtilegir áskriftakostir á ýmsum matarpökkum, kaffi, sælkeravörum og fleiru sem senda heim að kantsteini einu sinni í viku, mánuði eða oftar.

Hvað með að gefa áskrift af hljóðbókum? Til eru fjöldi streymisveita sem bjóða upp á gott úrval af íslenskum og erlendum hljóðbókum. Þar má nefna skáldsögur, heimspekibókmenntir, mannkynssögu, sjálfshjálparbækur og svo mætti lengi fram telja.

Þá er hægt að gefa starfsfólki ferðir með innlendum ferðaþjónustufyrirtækjum og styrkja í leiðinni íslenska ferðaþjónustu. Hversu margir í fyrirtækinu þínu geta til dæmis sagt að þeir hafi komið upp á jökul eða róið kajak við ströndina?



Áskrift að grænmeti er hugulsöm gjöf og hvetur fólk til þess að borða hollari mat.

**» Gjafabréf í þau fjölmörgu baðhús sem finna má um land allt er líka sígild og falleg gjöf.**

Ávextir og grænmeti er eitthvað sem við ættum öll að borða meira af, enda stútfullt af vítamínum og steinefnum. Fjöldi fyrirtækja býður upp á hentugar áskriftaleiðir þar sem maður fær vöruna alla leið heim að tröppum. Þess þá heldur er stórsniðugt að gefa starfsfólki kaffiáskrift þar sem nýtt og spennandi kaffi er annað hvort sent heim að dyrum eða það er sótt á næsta kaffihús.

Einnig er fjöldi námskeiða í boði sem eru kennd um helgar eða á kvöldin. Námskeið eins og pastagerð, leirmótun, sushigerð, silkiprent og margt fleira.

Það er líka sígilt að gefa gjafabréf í jólagjafir, hvort sem það er í leikhús, á tónleika, í óperuna, á veitingastað eða hvað sem er. Þá hafa mörg fyrirtæki brugðið á það ráð að gefa gjafabréf í verslun, oft eitthvað sem tengist starfsemi fyrirtækisins. Það hefur til að mynda verið vinsælt innan ferðaþjónustubransans að gefa gjafabréf sem gildir í einhverjum af þeim fjölda útivistaverslana hér á landi.



Námskeið í pastagerð er stórskemmtileg gjöf fyrir starfsmenn sem hafa gaman af matargerð og eru ekki á ketó. MYND/GETTY.

Gjafabréf í þau fjölmörgu baðhús sem finna má um land allt er líka sígild og falleg gjöf. Því hvað er notalegra en að eyða deginum í heitum böðum? Svo ef það á að gera sérlega vel við starfsmenn er hægt að bæta við dekri eins og fótsnyrtingu, axlanuddi eða andlitsmeðferð.




# 50.000 gjafir

Gefðu gjafabréf frá Heimkaup.is og leyfðu starfsfólkinu að velja sér gjöf í rólegheitum í stærstu netverslun Íslands. Einfalt og þægilegt.

Heimilisvörur, íþróttavörur, útivistarföt, leikföng, jólasteikin, bækur ... úrvalið er endalaust og við sendum vörurnar um allt land.

Fáðu tilboð og sendu okkur tölvupóst á gjafabref@heimkaup.is.

HEIMKAUP.IS

heimkaup.is/**gjof**



Söngur gleður og sameinar fólk.

## Jólasöngur á skrifstofunni

Aðventan er indæll tími, þegar tilhlökkun ríkir fyrir komandi hátíð og auðvitað jólagjöfinni frá vinnuveitandanum. Hver einasti dagur í desember er hátíð enda ríkir gleði í andrúmsloftinu og gaman er að gera dagana skemmtilega saman.

Á meðan beðið er stóra dagsins, þegar jólagjöfunum er útbýtt, er fútt og fjör að efna til leikja innan fyrirtækisins. Dæmi um skemmtilegan leik er að koma saman á kaffistofunni þar sem einn í hópnum hefur upp raust sína og syngur fyrstu laglínuna í valinkunnu jólalagi. Sá sem situr honum á hægri hönd tekur svo við og syngur næstu línuna og svo koll af kolli en sá sem klikkar á laginu verður að hefja næsta leik og lag.

Hugmyndir að jólalögum geta verið allt frá Jólasveinar einn og átta yfir í All I want for Christmas með Mariuh Carey og auðvitað verða svolítil tilþrif að fylgja með.



Flatkökur og hangikjöt væri tilvalin gjöf fyrir Íslending að gefa japönskum vinum sínum.

## Japanskar gjafahefðir

Japanir eru heimsþekktir fyrir einstakar gjafahefðir og eru gjafir stór hluti af japanskri menningu. Mismunandi gjafir eru gefnar við mismunandi tækifæri, en hvorki afmælis- né jólagjafir teljast hluti af japanskri gjafahefð, þó svo breytingar hafi orðið þar á í seinni tíð með vestrænum áhrifum. Tvisvar á ári, í júní og desember, skiptast samstarfsfélagar, ættingjar og vinir á gjöfum.

Fyrir Japönum er innpökkunin mikilvæg. Að minnsta kosti skal afhenda gjafir í fallegum gjafapoka, merktum versluninni þar sem gjöfin var keypt. Talan fjórir er óhappatala og því forðast Japanir það að gefa gjafir sem koma fjórar saman í pakka.

Omiyage eru minjagripir sem eru gefnir þegar fólk kemur heim úr ferðalögum. Temiyage eru þakkargjafir sem eru gefnar þegar fólk er heimsótt. Þegar útlendingar koma í heimsókn gera Japanir ekki ráð fyrir gjöfum en þær eru þó vel þegnar. Algengt er að koma með mat eða drykki frá heimalandinu sem kosta hvorki of mikið né of lítið.

# Sælla er að gefa en þiggja

Er það alltaf þannig? Rannsóknir sýna að fólk með sterka félagslega tengingu við aðra er oftast hamingjusamara og heilbrigðara. Því fleiri vini og fjölskyldumeðlimi sem þú átt, því meiri tíma krefjast þeir af þér og þú hefur minni tíma fyrir þig. Þú gefur af þér til annarra á eigin kostnað. Út frá því mætti ætla að betra væri að gefa gjafir en þiggja þær. En yfirleitt þegar fólk gerir öðrum greiða þá reiknar það með að eiga inni greiða síðar. Að gefa gjafir til þeirra sem þér þykir vænt um veitir ávinning í formi vellíðunar yfir að gleðja aðra. En þegar fólk upplifir það sem skyldu sína að gefa gjafir getur það haft neikvæð áhrif á þann sem gefur og valdið honum streitu. Að gefa af fúsum og frjálsum vilja í þeirri trú að það leiði gott af sér getur þó vissulega verið betra en að þiggja.



Það veitir ánægju að gleðja nákomna.





**Gjafakort í jólapakkann**

Gjafakort Arion banka er góður kostur sem jólagjöf frá þínu fyrirtæki til starfsfólksins.
Þú velur upphæðina – viðtakandinn velur gjöfina. Allir fá það sem þá langar í.
Gjafakortið er hægt að nota til greiðslu í verslunum um allan heim og einnig á netinu.*

Þú getur pantað **gjafakort** fyrir þitt fyrirtæki á **arionbanki.is**.
Hægt er að nota gjafakortið í **Apple Pay**.

*Þar sem PIN eða auðkenningar er ekki krafist.

arionbanki.is

Þægilegri bankaþjónusta Arion banka



Brandenburg | SIA



Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Íslensku ullinni gerð góð skil í Hönnunarsafninu

Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ leggur sérstaka áherslu á íslenska hönnun. Þar hafa margar áhugaverðar sýningar verið settar upp og núna eru þrjár nýjar í boði.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sigríður Sigurjónsdóttir er forstöðumaður Hönnunarsafnsins og hefur starfað þar í þrjú ár. Áður rak hún Spark Design Space við Klapparstíg í sex ár sem er sýningarsalur og verslun fyrir íslensk hönnunarverkefni. „Verkefnin tengdust oftar en ekki Listaháskóla Íslands en þar starfaði ég sem prófessor í vöruhönnun. Mér þótti erfitt að horfa upp á góðar hugmyndir sem nemendur og samstarfsfólk mitt við Listaháskólann voru búin að setja mikinn tíma í, gera frumgerðir og rannsóknir, en svo enduðu verkefnin oftar en ekki ofan í skúffu. Spark var hugsað sem farvegur til að klára þessi verkefni og koma þeim á framfæri,“ segir Sigríður og bendir á að nú séu í gangi þrjár mjög áhugaverðar sýningar í Hönnunarsafninu en því miður þarf safnið að loka tímabundið eða til 19. október vegna COVID.

Meðal þeirra sýninga sem nú eru í gangi er100% ULL en þar má finna sex mjög áhugaverð verkefni þar sem íslenska ullin er í aðalhlutverki. „Um er að ræða hljóðvistarlausnir, dýnur, vandaðan fatnað, íslenskt vaðmál, sængur, kodda, gólfteppi, alls kyns efnistilraunir og röggvarfeld, svo eitthvað sé nefnt,“ segir hún. „Hlutverk safnsins er að leggja áherslu á íslenska hönnun. Til dæmis var sýning um Svein Kjarval húsgagnaarkitekt sem lauk fyrr á þessu ári ákaflega vel sótt og sömuleiðis sýningin 100% ULL sem við vorum að opna. Við ákváðum að bjóða frítt inn á 100% ULL til að kynna safnið og það hefur greinilega áhrif. Það eru yfirleitt viðburðirnir sem draga til sín flesta gesti. Við höfum til dæmis farið í gegnum sögu Rómarborgar í matarboði og sögu

> **Hlutverk safnsins er að leggja áherslu á íslenska hönnun. Til dæmis var sýning um Svein Kjarval húsgagnaarkitekt sem lauk fyrr á þessu ári ákaflega vel sótt.**

Belgrad í gegnum tónlist. Þetta var í tengslum við sýningu á borgarkortum eftir Paolo Gianfrancesco, ítalskan arkitekt sem býr á Íslandi,“ upplýsir Sigríður.

Þátttakendur sýningarinnar 100% ULL koma frá ólíkum sviðum hönnunar og handverks en eiga það sameiginlegt að vinna af hugvitssemi með íslensku ullina í sínum afurðum: Ásthildur Magnúsdóttir vefari, Magnea Einarsdóttir fatahönnuður, verslunin Kormákur & Skjöldur, fyrirtækið Kula by Bryndís, sem sérhæfir sig í hljóðvistarlausnum, samstarfsverkefnið Ró og ullarvinnslufyrirtækið Ístex, en sýninarstjórar eru Birgir Örn Jónsson og Signý Þórhallsdóttir þannig að það eru margir sem hafa atvinnu af hverri sýningu.

„Við þurfum því miður að afbóka tíu grunnskólahópa og einn framhaldsskólahóp vegna lokunarinnar. Við höfum verið að bjóða grunnskólum sérstaklega upp á leiðsögn og vinnustofu tengt sýningunni 100% ULL. Þetta er einstaklega áhugaverð sýning sem snýst um að nota staðbundið hráefni í vandaðar vörur sem endast lengi. Við þurfum líka að afbóka leiðsagnir og Hönnunarskóla Hönnunarsafnsins,“ segir hún, en auðvitað vonast allir til að eðlilegt starf geti hafist sem fyrst aftur.

„Á mánudaginn erum við búin að bóka kvikmyndatökumenn sem ætla að vinna með okkur leiðsögn um sýninguna 100% ULL sem við getum sett inn á Facebook og heimasíðu safnsins. Í síðustu lokun vorum við til dæmis með beina útsendingu á Facebook af vefara sem var hjá okkur í vinnustofudvöl, Ásthildi Magnúsdóttur. Þetta var alvöru vefútsending. Það kom okkur skemmtilega á óvart að nokkur þúsund manns fylgdust með Ásthildi vefa og spjalla. Við færðum hana líka út í glugga þannig að fólk gat fylgst með henni þegar það gekk fram hjá safninu. Í augnablikinu erum við með fuglasmið í vinnustofudvöl, Sigurbjörn Helgason, og nú förum við auðvitað á flug með honum og gerum eitthvað áhugavert og skemmtilegt,“ segir Sigríður, svo segja má að safnið sé lifandi þótt dyrnar séu lokaðar.

Sýningar Hönnunarsafnsins eru afar fjölbreyttar. „Safninu er skipt í þrjú sýningarrými, vinnustofurými í anddyri safnsins, sýningarsal þar sem við setjum upp hefðbundnari sýningar og svo loks rannsóknarrými sem við köllum Safnið á röngunni. Þar erum við til dæmis með skráningarverkefni á vegum safnsins, ýmis rannsóknarverkefni sem tengjast hönnun eins og til dæmis rannsókn á íslenskri myndmálssögu sem Guðmundur Oddur Magnússon leiddi og er nýlokið. Í dag fer fram í þessu rými forvarsla og skráning á textílverkum safnsins. Síðan erum við líka með frábæra safnbúð,“ bendir Sigríður á.

„Þá verður sýningin íslensk leirlistasaga frá 1930-1970 opnuð 27. nóvember. Hún verður alveg mögnuð. Þetta er svo flott tímabil. Inga S. Ragnarsdóttir og Kristín G. Guðnadóttir eru sýningarstjórar á þessari sýningu en samtímis gefa þær út bók um sama efni,“ segir Sigríður og vonandi eiga sem flestir eftir að fylgjast með safninu á Facebook.



Fuglarnir eru unnir úr ýmiss konar efnivið eins og hreindýrshornum, reyniviðardrumbum og rekaviðarbútum.




Margir listamenn leggja sýningunni 100% ull lið.



Sigurbjörn Helgason hefur komið sér fyrir í vinnustofunni í safnbúð Hönnunarsafns Íslands.



Það er skemmtilegt að litast um á ullarsýningunni í Hönnunarsafninu.

# Smáauglýsingar



## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF.**
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



**MAXI - COSI BÍLSTÓLL - POKI - SPEGILL**
Maxi-Cosi CabrioFix innan við ársgamall. Einstaklega léttur ungbarnastóll vegur aðeins um 3,5 kg. Fyrir 0-13 kg. Ásamt bilstólapoka, Britax spegil og dóti. Verðh.25þús eða tilboð óskast S. 663 3313

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Geymsluskúrar
að Álhellu 14, Hafnarfirði



Erum með til sölu geymsluskúra að Álhellu 14 Hafnarfirði.
Afhending í desember 2020.

45 fm geymsluskúr á 14.900.000 kr
32 fm geymsluskúr á 9.900.000 kr
26,3 fm geymsluskúr á 8.500.000 kr

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann
í síma: 839-1600 eða gunnar@fasteignamidlun.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!




• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the App Store
GET IT ON Google Play



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær
er drifkraftur nýrra hugsana
og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu
og gera ákvarðanir markvissari



RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta


ZUUBERUTVARP
ZÚÚBER
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
BARION
MATBAR
Svali
Gassi
&
Sigga
VIÐ GERUM ÚTVARP SKEMMTILEGRA!
ALLA FÖSTUDAGA
FRÁ 13-16 Á BYLGJUNNI
BYLGJAN
989



Kortin eru klemmd upp á snúru jafnóðum og þau koma og sýningarstjórinn segir sýninguna hafa vakið athygli.



Heiðar Kári segir lífið smátt og smátt að komast í eðlilegt horf í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Listrænar kveðjur berast yfir hafið

**Póstkort vestnorrænna listamanna hafa stöðugt bæst við á sýninguna En hilsen over havet á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn. Hún hefur staðið frá því snemmsumars en lýkur í þessum mánuði. Heiðar Kári Rannversson sýningarstjóri átti hugmyndina.**

Sýningin En hilsen over havet – Kveðja yfir hafið – var tilraun til að takast á við þær nýju aðstæður sem komu upp í kjölfar heimsfaraldursins," segir Heiðar Kári Rannversson, sýningarstjóri Nordatlantens Brygge og lýsir tildrögunum nánar.

„Þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst hér í Kaupmannahöfn síðasta vor og enginn gat komist milli landa með góðu móti, fékk ég þá hugmynd að biðja listamenn frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi að senda mér listræna kveðju í formi hefðbundins póstkorts. Hugmyndin fékk góðar viðtökur, kortin hafa borist hingað frá því í byrjun júní og eru orðin 75. Þau eru sett upp jafnóðum þannig að sýningin hefur vaxið og breyst en nú fer henni að ljúka." Heiðar Kári nefnir þekkta íslenska sendendur, þeirra á meðal Hrein Friðfinnsson, Eggert Pétursson, Rögnu Róbertsdóttur, Helga Þorgils og Brynhildi Þorgeirsdóttur. „Eitt kort er frá Kristjáni Guðmundssyni, dagsett á Hjalteyri 8. 6. 2020," bætir hann við.

Sýningin Kveðja yfir hafið hefur verið ágætlega sótt, einkum síðsumars, og meðal gesta verið nokkrir Íslendingar, að sögn sýningarstjórans. „Ferðafólkið vantar samt í borgina, rétt eins og á Íslandi," segir hann. „Umferð um bryggjuna var minni en undanfarin ár en frá því í ágúst hefur hún verið að glæðast."

Heiðar Kári hefur sloppið við veiruna sem betur fer, ásamt fjölskyldunni. „Við náðum blessunarlega að komast til Íslands í sumarfrí í júlí, á milli bylgna." Hann segir lífið smátt og smátt að komast í eðlilegt horf í Kaupmannahöfn, enn séu þó nokkrar takmarkanir í gildi og búið að framlengja flestar til loka október. „Stofnanir á menningarsviðinu hafa fengið að halda opnu síðan í júní sem er mjög gott. Hins vegar er Nordatlantens Brygge háð samstarfi þvers og kruss yfir Norður-Atlantshafið og við þurftum, því miður, að fresta ýmsum viðburðum og færa til aðra."

En hvað er framundan? „Nú erum við að undirbúa sýningu á samtímalist frá Færeyjum. Svo munum við sýna stórt verk eftir Hrafnhildi Arnardóttur, Shoplifter, á næsta ári, þeirri sýningu var frestað um ár vegna COVID-19. Það er fyrsta stóra einkasýning Hrafnhildar í Danmörku og mun eflaust vekja mikla athygli."

gun@frettabladid.is

> **Hugmyndin fékk góðar móttökur, kortin hafa borist hingað frá því í byrjun júní og eru orðin 75. Þau eru sett upp jafnóðum þannig að sýningin hefur vaxið og breyst.**



Eitt af spaugilegum póstkortum á sýningunni.




Sýningarsalurinn var eitt sinn pakkhús fyrir hvallýsi og sútuð selskinn.



Elsku besti eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, tengdasonur og hjartkær vinur,

**Halldór Erlendsson**

lést af slysförum sunnudaginn 4. október.

**Fyrir hönd vina og vandamanna,**
**Linda Björk Jóhannsdóttir**
**Sigurrós Björg Halldórsdóttir Rix**
**Erlendur Halldórsson**
**Þorgerður Sveinbjörnsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Signý Egilsdóttir**

**Bláskógum 13, Hveragerði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, þriðjudaginn 6. október.

**Elsa Backman** **Rúnar Skarphéðinsson**
**Helgi Backman**
**Marteinn Friðriksson** **Íris Blandon**
**Katrín Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 | 5 ↓ |
| Ísafjörður | 2 | 3 ↘ |
| Akureyri | 4 | 6 ↓ |
| Egilsstaðir | 6 | 7 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 9 | 8 ↘ |
| Hveravellir | 0 | 11 ↓ |

Norðvestan 8-15 m/s norðaustan og austan til en norðan 5-10 í öðrum landshlutum. Áfram rigning norðaustanlands fram eftir degi en bjartviðri í öðrum landshlutum. Lægir með kvöldinu. Hiti 2 til 8 stig að deginum.

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 1 ← |
| Ísafjörður | 3 | 4 ↗ |
| Akureyri | 6 | 1 ↖ |
| Egilsstaðir | 5 | 4 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 8 | 1 ← |
| Hveravellir | 2 | 2 ↓ |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 | 9 ↖ |
| Ísafjörður | 4 | 4 ↖ |
| Akureyri | 5 | 1 ↖ |
| Egilsstaðir | 5 | 3 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 6 ↖ |
| Hveravellir | 3 | 10 ↑ |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 dáð
5 brott
6 óður
8 holdsveiki
10 ryk
11 starfsgrein
12 ljómi
13 skrapaði
15 næstum
17 kvk. nafn

**LÓÐRÉTT**
1 fyrirgefning
2 frjáls
3 rönd
4 ásakaði
7 skordýr
9 dekk
12 stara
14 mak
16 stöðugt

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 afrek, 5 frá, 6 ær, 8 líkþrá, 10 ar, 11 iðn, 12 glit, 13 skóf, 15 nánast, 17 maría.
**LÓÐRÉTT:** 1 aflausn, 2 frír, 3 rák, 4 kærði, 7 rán-títa, 9 þilfar, 12 góna, 14 kám, 16 sí.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2.863) átti leik gegn Aryan Tari (2.633) á Altibox Norway Chess.

**26...He1!! 27. Hxe1 Bxd4 28. Db4 Dc7! 29. d6 Dc6 30. Da5 Bxb2 31. Ka2 Be5 32. Hb1 Hxb1 33. Kxb1 Dxd6 34. Kc1 Dd4** og svartur vann skömmu síðar. Carlsen er í þriðja sæti, einu stigi á eftir Caruana og Aronian. Heimsmeistarinn mætti Caruana í gær.

**www.skak.is:** Norway Chess.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

### Hún gafst aldrei upp

**Unnur Birna Bachman** átti óhefðbundna æsku en móðir hennar, Edda Heiðrún Bachman, veiktist af MND þegar Unnur var aðeins fimm ára gömul og lést þegar hún var átján ára. Veikindin komu þó ekki í veg fyrir náið mæðgnasamband uppfullt af ást, rifrildum og þýðingarmiklum samtölum.



### Gott að opna á sársaukann

**Þegar Sigríður Dögg Arnardóttir** undirbjó sig fyrir að segja börnum sínum að foreldrar þeirra ætluðu að skilja las hún allt sem hún komst í varðandi áhrif skilnaðar á börn. En greip í tómt þegar hún leitaði að efni fyrir börnin og tók málin í sínar hendur.



### Konurnar á bak við genaskærin

**Þær Emmanuelle Charpentier og Jennifer Doudna** voru í vikunni sjötta og sjöunda konan til að hljóta Nóbelsverðlaunin í efnafræði. Þær hlutu viðurkenninguna fyrir þróun CRISPR/Cas9-erfðatækninnar sem umturnað hefur sameindalífvísindum.



**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**

# ILVA

*Sparaðu*

# 20-25%

## AF ÖLLUM SÓFUM, SÓFABORÐUM OG HÆGINDASTÓLUM

**8. OKTÓBER - 2. NÓVEMBER**

**20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUÐUM SÓFUM**



**MOLLY HÆGINDASTÓLL**
Dökkgrænt eða brúnt áklæði. 66x67x77 cm.
Sætishæð 41 cm. 29.900 kr. **NÚ 23.920 kr.**

*Frí heimsending*
**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA**



**NÚ 22.400**
SPARAÐU 7.400

**FANO SÓFABORÐ.** Hvíttaður eikarspónn og gegnheil eik. Ø90 cm.
29.900 kr. **NÚ 22.400 kr.**



**20%**

**NÚ 35.920**
SPARAÐU 8.980

**GAIN HÆGINDASTÓLL.** Ýmsir litir.
76,5x73x79 cm. 44.900 kr. **NÚ 35.920 kr.**



**25%**

**NÚ 44.900**
SPARAÐU 15.000

**CODY RUGGUSTÓLL.** Grátt áklæði.
76x100x103 cm. 59.900 kr. **NÚ 44.900 kr.**

**20%**



**TOLUCA SVEFNSÓFI.** Dökkgrátt áklæði. 157x85x82 cm.
Svefnpláss 140x197 cm. 99.900 kr. **NÚ 79.920 kr.**

**20%**



**PETRI SÓFI.** 3ja sæta. L242 cm. Appelsínugult áklæði.
269.900 kr. **NÚ 215.920 kr.**

**NÚ 87.920**
SPARAÐU 21.980



**NARVIK SÓFI.** 3ja sæta. L227 cm. Dökkgrátt áklæði.
109.900 kr. **NÚ 87.920 kr.**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



**Hanna Styrmisdóttir sér um sýningarstjórn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Útskriftarsýning í Nýlistasafninu

Útskriftarsýning meistaranema í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2020 verður opnuð í Nýlistasafninu laugardaginn 10. október undir yfirskriftinni Forðabúr – Supply. Sýnendur eru Guðrún Sigurðardóttir, Hugo Llanes, Lukas Bury, Mari Bø, María Sjöfn, Nína Óskarsdóttir, Sabine Fischer og Sísí Ingólfsdóttir. Sýningarstjóri er Hanna Styrmisdóttir

Sýningin sem stendur til sunnudagsins 22. nóvember er jafnframt lokaviðburður Útskriftarhátíðar Listaháskóla Íslands 2020 sem teygir sig að þessu sinni yfir sex mánuði.



**Snorri Ásmundsson er meðal listamanna sem verða með gjörning á netinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gjörningar á netinu

Hópur gjörningalistamanna sem kallar sig Sunday Seven verður með gjörningadagskrá á netinu, sem verður meðal annars streymt á artzine.is vefritinu. Dagskrána kalla þau 10 10 2020.

Meðlimir Sunday Seven eru: Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ásta Fanney Sigurðardóttir, Darri Lorenzen, Ingibjörg Magnadóttir, Magnús Logi Kristinsson, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Snorri Ásmundsson og Styrmir Örn Guðmundsson.

Laugardagskvöldið 10. október klukkan 20.00 að íslenskum tíma verður gjörningunum streymt frá Berlín, Hannover, Helsinki, Reykjavík og sænsku og frönsku sveitinni á vegg hópsins á Facebook og á listveftímaritið artzine.is.

**Dagskráin er eftirfarandi:**

- **20.00 - Snorri Ásmundsson**
- **20.20 - Magnús Logi Kristinsson**
- **20.40 - Sigtryggur Berg Sigmarsson**
- **21.00 - Darri Lorenzen**
- **21.20 - Ásta Fanney Sigurðardóttir**
- **21.40 - Ingibjörg Magnadóttir**
- **22.00 - Styrmir Örn Guðmundsson**

# Meira pönk! Meiri fíflalæti!

**Gerður Kristný sendir frá sér nýja barnabók, Iðunn og afi pönk. Hún segir líklegt að framhaldsbók verði til. Er núna að vinna í skáldsögu fyrir fullorðna og ljóðabálki.**




Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is


Iðunn og afi pönk er ný barnabók eftir Gerði Kristnýju. Spurð um söguþráðinn segir Gerður: „Iðunn er ellefu ára stelpa sem verður fyrir þeirri ógæfu að nýja hjólið hennar hverfur. Foreldrar hennar eru farin í ferðalag og afinn á að gæta hennar á meðan. Hann hefur hins vegar meiri áhuga á lúsmýi og pönki en týndum reiðhjólum svo það er erfitt að virkja hann í leitinni. Síðan kemur limbódrottning við sögu og pönkhljómsveitin Brigsl.“

Gerður segir að líklegt sé að fleiri sögur um Iðunni verði til. „Ég vona að mér takist að skrifa framhald. Það er gaman að fást við sögu fyrir íslensk börn úr rammíslenskum samtíma. Nú þegar pönkararnir eru komnir á miðjan aldur er líka gaman að velta því fyrir sér hvernig ömmur og afar þeir eru, hvort þeir spili eitthvað annað en Ramones fyrir barnabörnin. Mér fannst það aðkallandi spurning sem nauðsynlegt væri að kryfja í skáldsögu.“

**Aðrar hliðar**

Gerður hlaut á sínum tíma Bókaverðlaun barnanna fyrir Mörtu smörtu, Bóksalaverðlaunin fyrir Garðinn sem og Vestnorrænu barnabókaverðlaunin og leikrit var gert eftir bókaflokki hennar um forsetann á Bessastöðum. Spurð hvort þessi barnabók sé öðruvísi en þær sem hún hefur skrifað áður segir hún: „Barnabækurnar mínar eru af ýmsum toga. Draugasagan Garðurinn og Dúkka voru í alvarlegri kantinum en meiri fíflalæti í þríleiknum um Ballið á Bessastöðum. Iðunn og afi pönk eru meira í Bessastaðaandanum. Mér finnst ég geta sýnt aðrar hliðar á mér sem rithöfundur í barnabókunum en í fullorðinsbókunum og stundum hef ég þörf fyrir það.“

**Rétti maðurinn í verkið**

Halldór Baldursson gerir myndirnar en þetta er ekki í fyrsta sinn sem hann myndskreytir barnabækur Gerðar. „Ég er mjög hrifin af teikningum Halldórs. Hann myndskreytti líka Ballið á Bessastöðum og fyrstu barnabókina mína Mörtu smörtu. Þar sem Halldór er af íslensku pönkkynslóðinni var hann rétti maðurinn í verkið. Ég vissi að hann næði fram þeim innri djöflum sem ólmast innra með öllum sönnum pönkurum.“

Gerður á tvo syni en segist ekki prófa barnabækur sínar á þeim. „Ég hef markvisst reynt að blanda ekki sonum mínum í mín störf, ekki frekar en ég elti pabba minn í uppskurði þegar ég var krakki.“



„Ég vona að mér takist að skrifa framhald,“ segir Gerður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




> ÞAÐ ER GAMAN AÐ FÁST VIÐ SÖGU FYRIR ÍSLENSK BÖRN ÚR RAMMÍSLENSKUM SAMTÍMA.

**Skáldsaga og ljóðabálkur**

Á þessum árstíma eru barnabókahöfundar venjulega á útopnu við að lesa úr verkum sínum. „Ég er bókuð í alls kyns fyrirlestra og upplestra í haust, á bókasöfnum, í skólum og á vinnustöðum. Hvort af þeim verður veit ég hins vegar ekki fyrr en á hólminn er komið. Ég hef, eins og aðrir, tippexað heilu hátíðirnar, veislurnar og upplestrana af dagatalinu þetta árið,“ segir Gerður.

Spurð að hverju hún sé að vinna núna segir Gerður: „Ég er komin nokkuð áleiðis í skáldsögu fyrir fullorðna en er líka að semja ljóðabálk sem gerist norður á Ströndum. Þess vegna dvaldi ég á Hólmavík í sumar í leit að minni innri urtu. Það gekk betur en ég átti von á.“




LYFSALINN

# BÍLAAPÓTEK

## VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.
Snertilausar afgreiðslur.









**Apótek Lyfsalans:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **LYFSALINN GLÆSIBÆ** | Opið 8.30 - 18.00 | Sími 517 5500 | lyfsalinn@lyfsalinn.is |
| **LYFSALINN VESTURLANDSVEGI** | Opið 10.00 - 22.00 | Sími 516 5500 | vesturlandsvegur@lyfsalinn.is |
| **LYFSALINN URÐARHVARFI** | Opið 8.30 - 18.00 | Sími 516 5505 | urdarhvarf@lyfsalinn.is |

**www.lyfsalinn.is**




í kvöld kl. 19.40

Skemmtiþættir um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasons. Önnur þáttaröð og þátttakendur etja sem fyrr kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum.




í kvöld kl. 20.40

Málefni líðandi stundar, brakandi ferskt tónlistaratriði og ómissandi innslag Berglindar Festival. Gestir þáttarins eru Katrín Jakobsdóttir, Saga Garðarsdóttir, Ragnar Jónasson og Logi Pedro.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Lífið er lag (e)** Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón. Sigurður K. Kolbeinsson.
**20.30 Matur og heimili (e)** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur mat og góðum húsráðum.
**21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum í liðinni viku.
**21.30 Viðskipti með Jóni G. (e)** Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Kastljós**
**09.25 Menningin**
**09.35 Spaugstofan 2005 - 2006**
**09.55 Kveikur**
**10.25 Svanfríður**
**11.15 Á fjöllum - Líf skýjum ofar**
**12.05 Fólkið mitt og fleiri dýr**
**12.50 Heimaleikfimi**
**13.00 Herra BeanMr Bean**
**13.10 Kvöldstund með listamanni 1986-1993**
**14.00 Basl er búskapur**
**14.30 Gettu betur 2015**
**15.30 Haustfagnaður Hljómskálans**
**16.30 Landinn Landinn 24. maí 2020**
**17.05 Ólympíukvöld ÓL 2008**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.29 Tryllitæki - Klósettsturtarinn**
**18.35 Húllumhæ**
**18.50 Landakort Matthildur Ingimarsdóttir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kappsmál** Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í fjölbreyttum leikjum og þrautum. Framleiðsla: Skot í samstarfi við RÚV.
**20.45 Vikan með Gísla Marteini**
**21.30 Matur og munúð Delicious Series 3**
**22.15 Vera Vera** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögreglukonu á Norðymbralandi. Með aðalhlutverk fara Brenda Blethyn og David Leon. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.50 Babýlon Berlín Babylon Berlin**
**00.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00 PGA Tour 2020**
**10.00 PGA Tour. The Cut**
**10.30 European Tour 2020** Bein útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
**16.35 European Tour 2020 - Highlights**
**17.00 LPGA Tour 2020** Bein útsending frá KPMG Women's PGA Championship á LPGA Tour.
**21.00 PGA Tour 2020** Bein útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Cool Kids**
**14.25 Gordon, Gino and Fred. Road Trip**
**15.25 90210**
**16.30 Family Guy**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Good Place**
**19.30 Broke**
**20.00 Kokkaflakk** Ferða- og matreiðsluþættir þar sem Ólafur Örn Ólafsson heimsækir íslenska matreiðslumenn sem hafa gert það gott úti í hinum stóra heimi. Við skoðum borgir kokkanna með þeirra augum,.
**20.30 Jarðarförin mín**
**21.00 Nancy Drew (2019)**
**21.50 Charmed (2018)**
**22.35 Love Island**
**23.30 Star**
**00.15 Pride and Glory**
**02.25 Cobra**
**03.10 Billions**
**04.00 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Glans**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Fyrstu ár Jethro Tull**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus** (2 af 32)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20 Gamba**
**12.50 Mr. Deeds**
**14.25 Strumparnir 2**
**16.10 Gamba**
**17.40 Strumparnir 2**
**19.20 Mr. Deeds**
**21.00 Ford v Ferrari**
**23.25 American Fango**
**01.10 Beatriz at Dinner**
**02.30 Ford v Ferrari**

## STÖÐ 2

**07.55 Heimsókn**
**08.15 The Good Doctor**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Gilmore Girls**
**10.05 Besti vinur mannsins**
**10.30 One Born Every Minute**
**11.15 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.45 Beauty Laid Bare**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Splitting Up Together**
**13.15 Battle of the Fittest Couples**
**13.55 Head Full of Honey**
**16.00 Red Dog. True Blue**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Í kvöld er gigg**
**19.35 Britain's Got Talent**
**20.45 Prometheus**
**22.45 The Notebook**
**00.45 Lucy in the Sky**
**02.45 A Prayer Before Dawn**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.40 Modern Family**
**21.05 The Hundred**
**21.50 McMillions**
**22.45 The Mindy Project**
**23.10 Simpson-fjölskyldan**
**23.35 Bob's Burgers**
**23.55 Friends**
**00.20 Friends**
**00.40 Modern Family**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.05 Ísland - Rúmenía**
**09.20 Búlgaría - Ungverjaland**
**11.00 Seinni bylgjan - karla** Markaþáttur Olís deildar karla.
**12.30 Pepsi Max Mörkin** Helena Ólafsdóttir ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports fara yfir síðustu leiki í Pepsi Max deild-kvenna auk þess sem rætt er vítt og breitt um knattspyrnu kvenna.
**13.35 Valur - Skallagrímur** Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
**15.20 Ísland - Ítalía** Bein útsending frá leik í Undankeppni EM U21.
**17.25 Markaþáttur Undankeppni EM 2020**
**18.20 ÍR - Valur** Bein úsending frá leik í Dominos-deild karla.
**20.10 KR - Tindastóll** Bein úsending frá leik í Dominos-deild karla.
**22.10 Dominos Tilþrifin 2. umferð** Leikirnir í Dominos-deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**22.55 Dominos Körfuboltakvöld kvenna** Dominos-körfuboltakvöld kvenna.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25 Benevento - Bologna**
**09.10 Parma - Hellas Verona**
**10.50 Ítölsku mörkin**
**11.40 Las Vegas Raiders - Buffalo Bills** Útsending frá leik í NFL.
**14.15 NFL Gameday**
**14.40 Búlgaría - Ungverjaland**
**16.25 Ísland - Rúmenía**
**18.40 Fleetwood - Hull City** Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
**20.45 Cadiz - Granada** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**22.25 Deportivo - Athletic**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

blómaval
1970-2020

blomaval.is



44%

## Hausterikur
3 stk.

**999** kr/3 stk.

~~1.797~~ kr/3 stk.

# 50 ára AFMÆLIS**TILBOÐ**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Októberstjarna
**Nýtt**



Bleik og falleg Októberstjarna J´adore
12 cm potti.

**1.990kr**

## Hengiplöntur í úrvali



50%
Peperomia Prostrata
11 cm pottur.
**1.145kr**
~~2.290kr~~

50%
Peperomia Rotundilimba
11 cm pottur.
**1.145kr**
~~2.290kr~~

50%
Peperomia Deppeana
11 cm pottur.
**1.395kr**
~~2.790kr~~

## Afmælisvöndur



Afmælisvöndur Blómavals
**4.990kr**
~~6.990kr~~

28%

## Haustlyng
Stór og falleg haustskreyting í útipotti



Haustlyng
19 cm pottur, ýmsir litir í boði.

21%

**2.990kr**
~~3.790kr~~

## 30% afsláttur af luktum





Fyrirsætan Toby Huntingdon-Whiteley í úlpu frá Belstaff. MYNDIR/GETTY



Verið ekki hrædd við smá bjartari liti í bland við jarðtónana.



Gestur í fallegri úlpu með áberandi loði á tískuvikunni í París.



Ada Kokosar í Shearling-úlpu í stíl við kjólinn í París.

# Fallegar úlpur fyrir veturinn

Nú fer brátt að kólna og þá er um að gera að eiga vandaða og hlýja úlpu. Það er sniðugt að prófa sig áfram með ólík snið og skemmtilega liti, en úlpur í tónum jarðlitanna eru einstaklega vinsælar í vetur.

Úlpur í jarðlitatónum og haustlegum litum verða vinsælar í vetur. Dökkgrænar úlpur halda áfram að vera sérstaklega áberandi. Þær geta verið misþykkar en íslenski veturinn krefst þess oftast að fólk eigi eitt stykki mjög hlýja úlpu, svona yfir kaldasta tímann.

Það er sniðugt að velja úlpu í stíl og lit sem passar við flestan fatnað, þar sem maður fer nánast ekki úr úlpunni þegar viðrar verst og kuldinn er mikill. Víðar eða svokallaðar „oversized“ úlpur eru vinsælar samkvæmt erlendum tískumiðlum. Það er á sinn hátt hentugt því þá er auðvelt að klæða sig upp og niður í lögum eftir veðri.

steingerdur@frettabladid.is



Jennifer Amanda í sérhannaðri úlpu frá Weloveparka.



Dökk- og hermannagrænar úlpur eru áfram mjög vinsælar og klassískar.



Tékkeski bloggarinn Barbora Ondrackova í fallegri úlpu í Berlín.



Leikkonan Tiffany Hsu í geggjaðri úlpu á tískuvikunni í London í fyrra.

Gestur á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í fallegri drapplitaðri síðri úlpu.

NÝR BÍLL

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ
## OG TRYGGÐU ÞÉR NISSAN LEAF Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ



TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
TIL AFHENDINGAR STRAX

**NÝR NISSAN LEAF - 100% RAFBÍLL 40 KWH**

**TILBOÐ 3.890.000 KR. HLAÐINN AUKABÚNAÐI**

AUKAHLUTIR INNIFALDIR Í TILBOÐSVERÐI ERU T.D.

- SYNTHETIC LEÐURÁKLÆÐI
- HITI Í STÝRI, FRAM- OG AFTURSÆTUM
- LYKILLAUST AÐGENGI OG RÆSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ 360° MYNDAVÉL
- 17" ÁLFELGUR
- INTELLIGENT CRUISE CONTROL HRAÐASTILLIR
- SJÁLFVIRK MIÐSTÖÐ MEÐ LOFTKÆLINGU
- 6 LOFTPÚÐAR
- ISOFIX FESTINGAR FYRIR BARNABÍLSTÓL
- BLINDHORNSVIÐVÖRUN
- BLUETOOTH TIL AÐ STREYMA TÓNLIST OG SÍMA

SÖLUAÐILI 100 bílar bílasala

**100 BÍLAR EHF** • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15

NÝR BÍLL

# FORD F350



TIL AFHENDINGAR STRAX

**FORD F350 LARIAT ULTIMATE SPORT FX4**
VERÐ ÁN VSK:
10.750.000 KR.

**FORD F350 LARIAT ULTIMATE SPORT FX4 TREMOR OFF ROAD**
VERÐ ÁN VSK:
11.250.000 KR.

**FORD F350 PLATINUM ULTIMATE FX4**
VERÐ ÁN VSK:
11.450.000 KR.


SÖLUAÐILI 100 bílar bílasala

**100 BÍLAR EHF** • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15

# Minningin um Lennon aldrei mikilvægari

**Andrea Jónsdóttir** segir minninguna um John Lennon aldrei hafa verið heimsbyggðinni jafn mikilvæga og núna. Bítillinn hefði orðið áttatíu ára í dag hefði hann lifað.



John Lennon mætir í hljóðver í ágúst 1980 þar sem hann vann að síðustu breiðskífu sinni, Double Fantasy. Þremur mánuðum síðar var hann allur eftir að Mark David Chapman fékk hann til þess að árita eintak af plötunni síðdegis 8. desember og þakkaði fyrir sig síðar um kvöldið með því að skjóta Bítilinn í bakið. MYND/GETTY

Manni finnst það nú ekkert endilega gamalt núorðið. Mér finnst fólk byrja kannski að vera gamalt þegar það er rúmlega áttrætt og ég hugsa nú að hann hefði bara verið sprækur,“ segir útvarpskonan og plötusnúðurinn Andrea Jónsdóttir um bítilinn John Lennon sem fæddist 9. október 1940 og væri því að fagna 80 ára afmæli sínu í dag hefði hann lifað en hann féll fyrir hendi morðingja í desember 1980, rétt rúmlega fertugur.

„Þetta er stór dagur en auðvitað er náttúrlega ekki hægt að fara í Viðey núna en mér finnst stundum eins og við kunnum ekki að meta það alveg nógu mikið hvað er frábært að Yoko skyldi setja niður Friðarsúluna hér,“ segir Andrea sem hefur stöðu sinnar vegna eðlilega verið viðstödd nokkrum sinnum þegar Friðarsúla Yoko Ono hefur verið tendruð í Viðey á fæðingardegi Lennons.

„Ég hef verið þar nokkrum sinnum og hef hitt Yoko og Sean og svona. Það er náttúrlega út af minni vinnu en ekki að þau hafi leitað mig uppi.“

**Frábær meðal jafningja**

Andrea var þrettán ára þegar fyrsta smáskífa The Beatles kom út. „Ég er það ung að þetta er mín unglingahljómsveit. Ég lifði það eins og maður ætti að segja,“ heldur Andrea áfram og dregur hvergi úr því að hún hafi verið rosalegur bítlaaðdáandi sem hafi lítið verið að gera upp á milli fjórmenninganna.

„Mér fannst þeir bara frábærir sem hljómsveit. Ég reyndar er bara hissa á því hvað þeir spjöruðu sig vel hver í sínu lagi eftir að þeir hættu í Bítlunum. Mér finnst það eiginlega bara mjög aðdáunarvert og sýnir líka kannski hvað þeir voru bara skemmtilegir og miklir karakterar, týpur, hver og einn,“ segir Andrea sem hafði þó meðal annars þetta að segja um Lennon í minningargrein sem birtist í Þjóðviljanum daginn eftir að Lennon var myrtur fyrir utan heimili sitt, Dakota-bygginguna, í New York þann 8. desember 1980.

> **HANN HAFÐI ÆVINLEGA ÁKVEÐNAR SKOÐANIR Á ÖLLUM MÁLUM OG STERKUR PERSÓNULEIKI HANS ÆPIR Á MANN Í LÖGUM HANS OG TEXTUM HVORT SEM HANN FJALLAR UM ÓBLÍÐAN UPPVÖXT Í VERKALÝÐSSTÉTT EÐA ÁST SÍNA TIL YOKO.**
>
> Andrea 1980

„Bítlarnir hafa allir gefið út eigin plötur eftir að þeir slitu samstarfinu og þeirra hefur jafnan verið beðið með forvitni. Þegar litið er um öxl á þann stóra plötubunka þeirra fyrrum félaga verður hlutur Johns Lennon óneitanlega áhrifaríkastur. Hann hafði ævinlega ákveðnar skoðanir á öllum málum og sterkur persónuleiki hans æpir á mann í lögum hans og textum hvort sem hann fjallar um óblíðan uppvöxt í verkalýðsstétt eða ást sína til Yoko.“

**In memoriam**

„Þetta var náttúrlega mjög skyndilegt og maður verður kannski svolítið dramatískur á þannig stundum þannig að það er nú langt síðan ég hef lesið þetta. Ég var prófarkalesari á Þjóðviljanum heitnum. Rúmlega þrítug bara,“ segir Andrea um minningargreinina og hverfur aftur til dagsins þegar Mark David Chapman myrti Lennon með því að skjóta hann fjórum sinnum í bakið af stuttu færi.

„Og ég var bara vakin sko og við Álfheiður Ingadóttir, sem var blaðamaður á Þjóðviljanum, skrifuðum minningaropnu í Þjóðviljann.

Þetta var bara sjokk fyrir alla. Mamma mín hringdi í mig en hún var fædd 1919 og þannig 30 árum eldri en ég. Hún fór að tala um Bítlana og auðvitað Lennon líka af því að hann skapaði sér svona sterkara nafn sem einstaklingur eftir að þeir hættu saman þótt hann væri auðvitað alltaf mikill karakter.“



Andrea ætlar að sjálfsögðu að setja Lennon á fóninn í dag. „Maður spilar alltaf Lennon og svo er ég reyndar með þátt á sunnudaginn eftir hádegi á Rás 2. Það verður ábyggilega mikill Lennon þá.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖRSTEINN

> **ÞETTA ER STÓR DAGUR EN AUÐVITAÐ ER NÁTTÚRLEGA EKKI HÆGT AÐ FARA Í VIÐEY NÚNA EN MÉR FINNST STUNDUM EINS OG VIÐ KUNNUM EKKI AÐ META ÞAÐ ALVEG NÓGU MIKIÐ HVAÐ ER FRÁBÆRT AÐ YOKO SKYLDI SETJA NIÐUR FRIÐARSÚLUNA HÉR.**
>
> Andrea 2020

**Aktívisti frelsis og friðar**

Andrea segir að móður hennar hafi þótt mikið koma til samfélagsbreytinga sem meðal annars megi þakka Bítlunum. „Henni fannst þjóðfélagið bara breytast svo mikið til hins betra, sérstaklega þarna um miðjan sjöunda áratuginn.“

Andreu eru sérstaklega minnistæð orð móður hennar um að þarna hafi fólk byrjað að efast um yfirvaldið og að það hefði einhvern veginn alltaf rétt fyrir sér. „Ég er ekki að segja að þeir hafi gert það einir. En í gegnum músíkina þá einhvern veginn urðu Bítlarnir bara svo stórir og það kom eitthvað frelsi með þeim. Einhvers konar andlegt frelsi sem maður kannski leit ekki endilega á sem pólitík til að byrja með.

En svo náttúrlega heldur hann áfram og með þessar aðferðir, sem flestum fundust skrýtnar, til þess að boða frið í heiminum. Það er náttúrlega í tísku hjá mörgum að tala illa um Yoko en þegar þau hittust þá bara tengdust þau svo vel. Þau einhvern veginn bara bættu hvort annað upp sem er svo magnað og ég tek það fram að ég er ekki að draga neitt úr honum, hann var náttúrlega alveg bara brilljant og hefur enn áhrif,“ segir Andrea og bendir á að Yoko hafi tekið að sér það mikilvæga hlutverk að halda minningu Lennons á lofti. „Sem er frábært og heimurinn þarf á því að halda og aldrei meira en nú.“

toti@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

DV

EKKI MISSA AF NÝJASTA DV

Tryggðu þér áskrift á dv.is eða nældu þér í eintak í næstu verslun eða fáðu heimsent á heimkaup.is




9. HVER FÆR 9 LEGGI Í LÚGUNNI Í DAG
KFC
KOMDU Í LÚGUNA
VIÐ ERUM ÖLL ÖRUGGARI ÞAR
TIL HAMINGJU MEÐ MIG
VIÐ GEFUM AFMÆLISFÖTUR Í DAG
ÍSLENSKT Í 40 ÁR
KFC
Col. Harland Sanders

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Torg ehf. DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

MÓTORHAUSA sögur

Fást í verslunum okkar á Selfossi og í Ármúla 42

Bókakaffið




BAKÞANKAR

Árna Helgasonar



# Dewey-skömmin

Því fylgir jafnan alveg sérstök tegund af skömm að skila bókum of seint á bókasafn. Það er eitthvað við það að mæta á þessa kyrrlátu staði og horfa framan í virðulega starfsmenn safnsins, sem taka manni í fyrstu með opnum hug, reiðubúnir til leiðsagnar um frumskóga Dewey-kerfisins en svo þykknar smám saman yfir þegar raunverulegt tilefni heimsóknarinnar kemur í ljós.

Ég er nefnilega ekki kominn til að fræðast, heldur viðurkenna sök. Ferlið er alvarlegt og þungt og varnir mínar eru engar. Þetta er ekki eins og í gamla daga þegar sjoppukallinn áætlaði á mann einhverja málamyndaupphæð fyrir að skila spólu of seint, sem féll svo jafnharðan niður ef maður keypti eitthvað af honum. Hér eru engir dílar í boði. Ég játa og við tekur dómsathöfn til að meta umfang brotsins þar sem hver bók er skoðuð gaumgæfilega, skönnuð og hvíti miðinn í vasanum aftan á kápunni kannaður til samræmis. Sektirnar hrúgast upp með hverri bókinni.

Vonbrigðin eru ekki síst persónuleg. Upphaflega hljómaði verkefnið svo einfalt – 30 dagar til að lesa nokkrar bækur og skila þeim. Og ef það dugar ekki er hægt að framlengja útlánið með lítilli fyrirhöfn. Ekkert af þessu gekk eftir. Bókunum er skilað meira og minna ólesnum. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar frá því að ég var valinn lestrarhestur 5-A í Melaskóla veturinn 1991-92.

Að lokinni málsmeðferð liggur niðurstaða fyrir. Dómsorð er lesið í heyranda hljóði. Sektin er kannski ekki há en skömmin lifir. Á leiðinni út örlar fyrir létti yfir að þetta sé að baki. Ég hugsa með mér að aldrei aftur mun ég skila bók of seint. Sennilega ekki, að minnsta kosti.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

CORNY PROTEIN BAR 45 G

299 KR/STK

6644 KR/KG




Kvikk ON THE GO | ORKAN




STILLANLEGIR DAGAR

25% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU!

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

STILLANLEGIR DAGAR

FJAÐRANDI, STILLANLEGUR BOTN

KOMDU OG UPPLIFÐU MÝKT OG ÞÆGINDI SEM ÞÚ HEFUR ALDREI FUNDIÐ FYRIR ÁÐUR.

- Stillanlegur botn með pokagormakerfi sem gefur einstaka aðlögun og mýkt sem þú hefur ekki upplifað áður.
- Botninn lyftist hátt sem hjálpar til við slökun og dregur þannig úr bólgum sem myndast oft í þreyttum fótum.
- Botninum fylgir þráðlaus fjarstýring. Á höfuðgaflinum (seldur sér) er USB tengi.
- Skemmtileg og falleg hönnun á rúminu sem skilar sér í engum sjáanlegum snúrum.
- Virkilega vandaður og sterkur botn sem kemur þér í þá stellingu sem þér þykir þægilegust.



VERÐDÆMI Á PERFECT FJAÐRANDI BOTNI, DÝNUM OG GAFLI

Með Hollandia Lili heilsudýnu, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 757.800 kr.

Tilboð 568.350 kr.

Perfect höfðagafl í sama áklæði og botninn 180 cm. Fullt verð: 69.900 kr.

Tilboð 52.425 kr.

VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT RÚM FRÁ SERTA MEÐ HÖFUÐGAFLI

STILLANLEGT RÚM MEÐ ÞRÁÐLAUSRI FJARSTÝRINGU SEM KEMUR ÞÉR Í ÞÁ STÖÐU SEM ÞÉR HENTAR.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er fimm svæða skipt pokagorma dýna þar sem hreyfingar þínar trufla ekki rekkjunaut þinn. Góður stuðningur er við bakið en mýkra gormakerfi er við axlir og mjaðmasvæðið. Þannig liggur þú alltaf með beina hryggsúlu og nærð hámarks hvíld. Hægt er að sérsníða rúmið að þínum þörfum, velja um 3 mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi topp dýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar vel.

Dýnan í rúminu er heil en efsta lag hennar fer í tvennt þegar rúmið er stillt upp, því þarftu aldrei að hafa áhyggjur af því að bil komi á milli dýnanna.

Vivant Spledid Royal stillanlegt með gafli, 2x80x200 cm. Fullt verð: 499.900

Tilboð 374.925 kr.



Aukahlutir á mynd eru náttborð.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566 | AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK